



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. október 2005 – 276. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Ógna vistkerfinu

„Kanínur ógna nú vistkerfi í Vestmannaeyjum. Við verðum að fjarlægja þær með öllum tiltækum ráðum, áður en það verður of seint.“ Þetta segir Magnús Þór Hafsteinsson alþingismaður Frjálslynda flokksins.



UMRÆÐAN 26

Frá rótum hjartans

Daniel Ágúst tók sér fimm ár til að gera sína fyrstu sólóplötu.



FÓLK 44


Tap gegn Svíum

Íslenska landsliðið fékk enn eina ferðina á sig þrjú mörk er það mætti Svíum í Stokkhólmi í gær. Leikurinn var hugsanlega sá síðasti hjá Ásgeiri og Loga.



ÍPRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG



RIGNING EÐA SLYDDA við suðaustur- og austurströndina, annars fremur úrkomulítið einkum þegar kemur fram á daginn. Hiti 1-6 stig í dag en hlýnar enn frekar síðdegis á morgun.

Nýtt Hagkaupsblað fylgir Fréttablaðinu í dag

Nýjar veðrarvörur

Nýtt kortatímabil

1.299, 3.999, 1.999

4.499

HAGKAUP

Smalað á fund Framsóknar

Yfir hundrað nýir framsóknarmenn hafa nýverið skráð sig í Framsóknarfélagið Reykjavík suður fyrir aðalfund í kvöld. Flestir eru sagðir stuðningsmenn Björns Inga Hrafnssonar. Talið er að Björn Ingi muni sækjast eftir fyrsta sæti á lista Framsóknarflokksins fyrir næstu borgarstjórnarkosningar.

STJÓRN MÁL Hundrað og átján nýir framsóknarmenn höfðu skráð sig í Framsóknarfélagið Reykjavík suður frá því um síðustu mánaðamót. Aðalfundur verður haldinn í kvöld þar sem kosið verður í nýja stjórn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru flestir hinna nýju félagar eindregnir stuðningsmenn Björns Inga Hrafnssonar, aðstoðarmanns forsætisráðherra. Talið er að Björn Ingi stefni að því að bjóða sig fram til fyrsta sætis á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík í borgarstjórnarkosningunum í vor, gegn sitjandi borgarfulltrúum.

Bent var á að stærsti hluti nýju

félaganna er rétt yfir tvítugu og ætti því samkvæmt öllu að vera félagar í Félagi ungra framsóknarmanna. Núverandi formaður félagsins, Sigrún Jónsdóttir, tilkynnti í vor að hún myndi ekki sækjast eftir endurkjöri. Ingólfur Sveinsson, fráfarandi gjaldkeri og stuðningsmaður Björns Inga í borginni, nýtur stuðnings innan stjórnarinnar til að taka við formennsku. Ágreiningur er um aðra stjórnarmenn þar sem Björn Ingi er sagður vilja koma þremur sérstökum stuðningsmönnum sínum inn í sjö manna stjórn. Þeir eru Kristín Guðmundsdóttir, systir Helga S. Guðmundssonar, eins

helsta trúnaðarmanns Framsóknarflokksins, Gerður Hauksdóttir, mágkona Guðna Ágústssonar, og Stefán Þór Björnsson, fyrrverandi stjórnarmaður ungra framsóknarmanna í Hafnarfirði. Talið er að smölunin sé aðeins fyrsta skrefið í áformum Björns Inga til að ná völdum innan Framsóknarflokksins til lengri tíma litið, og sé jafnvel gerð til að styrkja stöðu hans fyrir næstu alþingiskosningar, ákveði hann að bjóða sig aftur fram til þings. Því hefur verið haldið fram að með þessu segi Björn Ingi kjörnum fulltrúum félagsins, Jónínu Bjartmarz, Alfreð Þorsteinssyni

og Önnu Kristjánsdóttur, stríð á hendur í skjóli formanns flokksins og forsætisráðherra. Björn Ingi sagði í samtali við Fréttablaðið í gær ekkert vilja gefa út um áform sín varðandi borgarstjórnarkosningar. Spurður um smölunina í Reykjavíkurfélagið sagði hann: „Ég veit ekkert um það hvort þetta séu sérstakir stuðningsmenn mínir en mér þykir vænt um ef svo er. Hins vegar veit ég að þetta er allt gegnheilt framsóknarfólk og tel mikinn feng að því að þau og fleiri komi til liðs við starfið í aðdraganda tvennra kosninga.“

- sda



SKÓFLA OG SKEGGRÆÐUR VIÐ LAUGAVEGINN Íðnaðarmenn frá Ístaki vinna hörðum höndum að andlitslyftingu Laugavegs sem skarta mun nýja svipnum í lok næsta mánaðar. Menn verða þó að gefa sér tíma til að skeggræða hluti þótt eflaust séu vegfarendur farnir að bíða í óvæni eftir að fara um hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bolli Kristinsson selur í NTC: Svava kaupir Sautján

VIÐSKIPTI Svava Johansen kaupmaður hefur fest kaup á hlut Bolla Kristinssonar í verslanakeðjunni NTC, sem rekur meðal annars fjórtán verslanir í Kringlunni, við Laugavegin og í Smáralind. Þekktasta verslunarkerfi félagsins er Sautján.



SVAVA JOHANSEN Hefur náð samningum við Bolla um kaupin á Sautján.

Viðræður hafa staðið milli þeirra Bolla og Svövu um nokkurt skeið. Fyrirtækið hóf starfsemi sína fyrir nærri þrjátíu árum og hefur vaxið jafnt og þétt. Svava segir að reksturinn hafi sjaldan gengið betur og veltan aldrei meiri. Bolli, sem hefur verið viðloðandi reksturinn í þrjátíu ár, gengur sáttur frá fyrirtækinu og segir að áhugi hans sé kominn á aðra braut.

- eþa / Sjá nánar síðu 29

Dómsmál Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og Jóns Ólafssonar: Tvö ár að fjarlægja ummæli

DÓMSMÁL Dómari í meiðyrðamáli Jóns Ólafssonar kaupsýslumanns gegn Hannesi Hólmsteini Gissurarsoni, prófessor við Háskóla Íslands, kveður að um augljósan ásetning til meiðyrða sé að ræða af hálfu Hannesar þar sem hann hafi ekki sýnt viðleitni til þess að taka ábyrgð á ummælum sínum. Hannes sagðist mundi taka vefsíðu sína af setri háskólans ekki síðar en í árslok 2003 í bréfi til lögfræðings háskólans dagsettu 10. október 2003. Bréf Hannesar er hluti málskjala sem lögð voru fyrir Konunglega dómnum í Lundúnum. Samkvæmt enska dómnum voru ummæli Hannesar ennþá á



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON Hannes segir stjórnsmálsmenn vera fjárhagslega háða Jóni Ólafssyni.

vef háskólans í febrúar á þessu ári. Ensk lögfræðistofa bauð Hannesi sættir í málinu í umboði Jóns, með þeim skilmálum að hann drægi ummæli sín til baka og bæði Jón afsökunar skilyrðislaust. Að öðrum kosti myndu lögmenirnir ráðleggja Jóni að hefja málsókn. Hannes svarar ensku lögmanninum í bréfi dagsettu 3. júlí 2004 að hann hafi ekki mátt vera að því að fjarlægja ummælin af síðu háskólans. Á vef háskólans segir Hannes meðal annars að Jón noti sér það til framdráttar í viðskiptum að stjórnsmálsmenn séu fjárhagslega háðir honum.

Það dregur til tíðinda!

Aðeins

2

dagar til Dags byggingariðnaðarins í Hafnarfirði laugardaginn 15. október

SI Samtök atvinnu- og vaxtaþróunar
HAFNARFJÁRÐARBAER

- saj



SPURNING DAGSINS

Gísli, óttastu samþjöppun á samlokumarkaði?

„Já ég hef áhyggjur af öllum samruna sem getur þrengt kost neytenda.“

Gísli Tryggvason er Talsmaður neytenda. Sómi hyggst leggja fram tilboð í Jumbó en fyrirtækin hafa samanlagt um 95 prósent hlutdeild á samlokumarkaði.

Varnaglar um endurskoðun kjarasamningar skoðaðir:

Uppskeran átti að vera meiri

KJARAMÁL Launafólk mun í síðasta lagi vita þann 10. desember hvort kjarasamningur verður sagt upp.

„Það liggur allveg fyrir að forsendan um 2,5 prósent verðbólgu hefur ekki gengið eftir, og það þýðir að verið er að skoða varnaglan um endurskoðun sem sleginn var í kjarasamningunum,“ segir Stefán Úlfarsson, hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands. Kjarasamningar sem gerðir voru í fyrra kváðu á um þrjú prósent launahækkun um síðustu áramót á þeim grundvelli að verðbólga yrði 2,5 prósent, ella mætti taka kjara-



STEFÁN ÚLFARSSON, HAGFRÆÐINGUR Launþegar munu vita í síðasta lagi í desember hvort kjarasamningur þeirra verði sagt upp.

samningana upp aftur. Nú slagar verðbólgan hátt í fjögur prósent. „Þessi forsenda hefur ekki haldist, og þess vegna er fólk í raun að uppskera minna heldur en gengið var út frá við gerð kjarasamninganna,“ segir Stefán.

Nú situr forsendunefnd, skipuð tveimur aðilum úr ASÍ og tveimur frá Samtökum atvinnulífsins, að störfum og deilir um hvort semja beri um leiðréttingar. Komist nefndin ekki að samkomulagi fyrir 15. nóvember, þurfa einstök stéttarfélag að ákveða fyrir 10. desember hvort þau segi samningunum upp.

Starfsmannafélag Akraness:

Samningar samþykktir

KJARAMÁL Kjarasamningar sem forsvarsmenn Starfsmannafélags Akraness og launaneftdar sveitafélaganna skrifuðu undir síðastliðinn laugardag var naumlega samþykktur af félagsmönnum í gærkvöldi.

Alls kusu 177 félagsmenn en 233 voru á kjörskrá. Já sögðu 91 eða 51 prósent en nei sögðu 84 eða 47 prósent en tveir seðlar voru auðir og enginn ógildur.

Samningurinn var því samþykktur og verkfalli, sem annars hafði verið boðið á miðnætti í gær, aflýst.

-jse

Uppreisnin í Írak:

Danskur þegn í uppreisninni

ÍRAK Að minnsta kosti einn danskur ríkisborgari af arabískum uppruna tekur þátt í uppreisninni í Írak. Þetta hefur arabíska dagblaðið Asharq Alawsat eftir innanríkisráðherra Íraks.

Ráðherrann segir uppreisnarmenn í landinu koma frá ýmsum löndum. Flestir þeirra séu af arabískum uppruna en engu að síður með vegabréf frá vestrænum ríkjum. Þá segir innanríkisráðherra að aðeins 900 uppreisnarmenn frá útlöndum séu eftir í landinu en að tvö þúsund hafi verið felldir í átökum síðustu mánaða. ■

HÓLMAVÍK

ENN EIN FISKVINNSLAN HÆTTIR Eina fiskvinnslan á Hólmavík, Særoði, hefur hætt allri vinnslu. Fyrirtækið gerir einnig út bátinn Bensa Egils og verður engin breyting þar á og aflinn seldur á Fiskmarkaðnum á Hólmavík. „Eins og ástandið er kemur það mun betur út að selja fiskinn en að vinna hann,“ segir Sævar Benediktsson annar eigandi fyrirtækisins.

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Síðasta ræða Davíðs

Davíð Oddsson kveður stjórn málin á landsfundi Sjálfstæðisflokksins sem hefst í dag. Meðal þess sem finna má í drögum að ályktunum fundarins eru frekari skattalækkningar og afnám mismununar samkynhneigðra.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR Nýr formaður og varaformaður verða kjörnir á Landsfundi Sjálfstæðisflokksins sen hefst í dag og stendur fram á sunnudag. Davíð Oddsson, fráfaraandi formaður flokksins, mun halda sína síðustu ræðu sem stjórnmalamaður í kvöld en að loknum landsfundi mun hann hverfa af vettvangi stjórn mála og taka sæti sem aðalbankastjóri Seðlabankans.

Í drög að ályktunum landsfundarins kemur meðal annars fram að flokkurinn muni leggja megináherslu á að lækka skatta einstaklinga og fyrirtækja enn frekar, sem og að lækka virðisaukaskatt. Þá verði stimpilgjald afnumið í áföngum og vaxtabótakerfið endurskoðað.

Um jafnréttismál segir meðal annars að kanna eigi hvort enn skorti á að kynin hafi jöfn tækifæri í samfélaginu leggur landsfundur til að rannsakað verði hvernig uppbygging samfélagsins, hefðir, viðhorf, venjur og aðferðir hafi stuðlað að launamun kynjanna og hvers vegna færri konur en karlar veljist til stjórnunarstarfa á Íslandi.

Þá segir að stíga eigi skrefið til fulls til bættrar réttarstöðu samkynhneigðra á Íslandi og afnema eigi alla mismun milli samkynhneigðra og annarra hvað varðar rétt til frumættleiðinga, skráningar í óvígða sambúð og tæknifrjógvunar.

Í drögum kemur ekki fram hvort landsfundur telji að afnema eigi málskotsrétt forseta í þeirri endurskoðun sem nú stendur yfir á stjórnarskránni. Í drögum segir: „Landsfundur Sjálfstæðisflokksins telur eðlilegt að lagfærð sé ýmis atriði í I. og II. kafla stjórnarskrárinnar og þau færð til nútímalegra horfs.“



UNDIRBÚNINGUR Í LAUGARDALSHÖLL Í GÆR FYRIR LANDSFUND Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefst í dag. Þar mun Davíð Oddsson halda sína síðustu ræðu sem stjórnmalamaður. Drög að ályktunum hafa verið lögð fram og samkvæmt þeim skal stefnt að frekari skattalækkunum og auknum réttindum samkynhneigðra.

Þá er stefnt á að allir þeir sem náð hafi eftirlaunaaldri njóti lífeyris og tengdra bóta almannaþrygginga burt séð frá greiðslum úr lífeyrissjóðum. Þá sé brýnt að hjón eða sambylisfólk njóti fullra lífeyrisgreiðslna almannaþrygginga án tillits til tekna maka.

Í drögum segir ennfremur að aðild að ESB þjóni ekki hagsmunum íslensku þjóðarinnar eins og málum sé nú háttáð. Evrópusambandið standi á tímamótum og mikil óvissa sé um hvernig samstarfið innan þess muni þróast.

sda@frettabladid.is

Reynslusaga hreyfir við fólk:

Gjafir streyma til Stígamóta

SAMFÉLAGSMÁL Peningagjafir hafa streymt inn á reikning Stígamóta frá því í fyrrakvöld. Þá sagði Thelma Ásdísardóttir frá reynslu sinni í Kastljóspætti Sjónvarpsins en faðir hennar beitti hana kynferðislegu ofbeldi alla hennar æsku. Systur Thelmu komu einnig fram í þættinum og höfðu svipaða sögu að segja.

„Þetta virðist hafa hreyft við fólk, sem von er og eftir þáttinn hafa fjölmargir einstaklingar látið fé af hendi rakna,“ segir Bergrún Sigurðardóttir starfsmaður á Stígamótum.

-jse



GERT AÐ SÁRUM Hlúð að slasaðri stúlku á vegi nærri bænum Sanger í Pakistan í gær.

Hamfarimar í Pakistan:

Stúlka finnst á lífi í rústunum

PAKISTAN, AP Björgunarliðsmönnum tókst í gær að bjarga fimm ára gamalli stúlku úr rústum heimilis hennar, sem hrundi í jarðskjálftanum í Pakistan síðastliðinn laugardag. Stúlkan var með meðvitund og bað um vatn að drekka.

Móðir stúlkunnar og tvær systur lifðu jarðskjálftann af en faðirinn og tvær aðrar systur fórust. Móðir in hafði gefið upp vonina um að hún myndist á lífi.

Tugþúsundir manna fórust í jarðskjálftanum, aðallega í pakistanska hluta Kasmír-héraðs. Þótt vel gangi nú að flytja hjálpargögn á hamfarasvæðið hefur ekki reynst unnt að koma neyðaraðstoð til margra afskekktari staða, enda eru vegir illa farnir og samgöngur almennt erfiðar. ■

Stofnhluthafar í Slippnum á Akureyri:

KEA voru boðin lakari kjör

SKIPAIÐNABUR Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri Kaupfélags Eyfirðinga, segir forsvarsmenn Slippsins Akureyri, félagsins sem stofnað var í kjölfar gjaldþrots Slippstöðvarinnar, hafa boðið KEA aðkomu að félaginu á lakari kjörum en öðrum stofnhluthöfum.

„Þeir ætluðust til að við greiddum yfirverð fyrir hlut okkar í nýja félaginu á meðan öðrum var boðið að kaupa hlut í félaginu á genginu 1,0 eins og eðlilegt er þegar verið er að endurreisa rekstur. Þeir fjármunir sem KEA átti að greiða umfram aðra hluthafa áttu ekki að renna til félagsins sjálfs heldur tiltekinn hluthafa og þetta tvennt gátum við ekki sætt okkur við. KEA var og er tilbúið að skoða aðkomu að þessu verkefni svo fremi það sé með sama hætti og aðrir hluthafar,“ segir Halldór en hann vill ekki gefa upp til hvaða

hluthafa féð átti að renna.

Anton Benjamínsson, framkvæmdastjóri Slippsins Akureyri, segir túlkun stjórnenda KEA byggða á misskilningi og ætlunin hafi ekki verið að mismuna stofnhluthöfum. Segir hann ýmsum hugmyndum hafa verið varpað fram í viðræðum við KEA en aðalmálið hafi ekki verið gengi hlutabréfanna í hinu nýja félagi. „Við erum búnir að safna þeim 30 milljónum króna í hlutafé sem við ætluðum okkur. KEA er ekki í hluthafahópnum en þar með er ekki sagt að KEA sé úthýst og við erum opnir fyrir öllum viðræðum,“ segir Anton.

-kk

HALLDÓR JÓHANSSON Framkvæmdastjóri KEA segist fagna að tekist hafi að endurreisa rekstur slippstöðvar á Akureyri en það hafi einmitt verið tilgangur KEA og hann útilokar ekki að KEA komi að verkefninu síðar.



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

13. – 16. október 2005



KRINGLU

KAST

hefst í dag

Fimmtudagur
10.00 til 21.00

Föstudagur
10.00 til 19.00

Laugardagur
10.00 til 18.00

Sunnudagur
13.00 til 17.00

Veitingastaðir
og Kringlubíó
eru með opið
lengur á kvöldin.

20^{til} 50%
afsláttur
af nýjum vörum

Opið til
21 í kvöld



Nýtt kortatímabil

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 12.10.2005

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	USD	61,24	61,55
	Sterlingspund	GBP	106,95	107,47
	Evra	EUR	73,43	79,85
	Dönsk króna	DKK	9,838	9,896
	Norsk króna	NOK	9,379	9,435
	Sænsk króna	SEK	7,865	7,911
	Japanskt jen	JPY	0,5338	0,537
	SDR	XDR	88,32	88,84

Gengisvísitala krónunnar
103,09

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnarformaður Baugs segir dóm Hæstaréttar fela í sér efnislega niðurstöðu:

Ákærvaldið ekki tilraunastofa

BAUGSMÁL „Ákærvaldið er ekki tilraunastofa þar sem menn prufa sig áfram eins og saksóknari Ríkislögreglustjóra hefur orðað,“ segir í yfirlýsingu frá Hreini Loftssyni, stjórnarformanni Baugs.

Hreinn segir að það sé ekki áhuga- eða hagsmunamál sakborninga að ákært verði á ný og málið tekið til efnislegrar meðferðar líkt og talsmenn ákærvaldsins hafi haldið fram.

„Hafi ákærvaldinu ekki tekist að setja saman trúverðuga ákæru í málinu eftir þriggja ára rannsókn felast hagsmunir sakborninga öðru fremur í því að máli linni,“ segir í yfirlýsingu sinni. „Þrákelni og þrá-

hyggja starfsmanna ákærvaldsins má ekki villa öðrum mönnum sýn í þessu efni.“

Hreinn segir að dómur Hæstaréttar feli í sér efnislega niðurstöðu í málinu.

„Hæstiréttur er ekki aðeins að finna að handvömm og óvandvirkni í framsetningu ákærunnar, heldur er fundið að sjálfum grundvelli málsins,“ segir í yfirlýsingu sinni. „Ákærvaldinu ber að virða þá niðurstöðu dómstóla, að 32 ákæruliðir voru og eru ekki dóm-tækir. Hyggist menn reyna að fara á svig við reglur um framhalds-ákæru og freista þess að ákæra á ný í einhverjum þeirra ákæruliða,



HREINN LOFTSSON Stjórnarformaður Baugs.

sem vísað hefur verið frá, felur það í sér tilræði við mannréttindi sakborninga og þá efnislegu niðurstöðu, sem Hæstiréttur hefur birt í dómi sínum.“

Dvalarmaður flúði af Vernd:

Hefur gengið laus í mánuð

LÖGREGLUMÁL Fangi sem hætti að mæta á áfangaheimili í síðasta mánuði gengur enn laus samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Reykjavík.

Maðurinn var að ljúka afplánun á áfangaheimilinu Vernd við Laugaveg í Reykjavík. Þar eru fangar frjálssir ferða sinna en þurfa að láta vita af ferðum sínum og koma heim á kvöldin.

Þráinn Bj. Farestveit, framkvæmdastjóri Verndar, segir að ef menn misstigi sig sé það umsvifalaust tilkynnt. Vernd er heimili sem þar sem fangar geta sótt um að eyða hluta af sinni afplánun, að uppfylltum skilyrðum.



GEIMSKOTIÐ FAGNAÐ Geimskotið var aðalfrétt allra blaða í Kína í gær. MYND/AP

Geimferðaáætlun Kína:

Mannað geimfar á sporbraut

KÍNA, AP Geimflaug með tvo kínverska geimfara innanborðs var skotið á loft frá herstöð í Norðvestur-Kína í fyrrinótt. Þetta er í annað sinn í sögunni sem geimferðaáætlun Kínverja skilar mönnum úr í geim. Fyrsta slíka geimskotið átti sér stað fyrir tveimur árum.

Leiðangurinn, sem fregnir herma að muni standa í allt að fimm daga, endurspeglar metnað kínversku kommúnistastjórnarinnar til að gera Kína gildandi sem stórveldi og sýna umheiminum hvers það er megnugt. ■

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLSLYS VIÐ EYRARHLÍÐ Ökumaður fólksbíls missti stjórn á bifreið sinni við Eyrarhlíð á milli Ísafjarðar og Hnífsdals í gærkvöldi með þeim afleiðingum að bifreiðin fór út af veginum og hafnaði í fjöruborðinu. Ökumaðurinn sem var einn í bílnum slasaðist lítillega, og var fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði.

SÍLDARVERTIÐ

ÖLL TIL MANNELDIS Beitir NK landaði 300 tonnum af góðri síld í Neskaupstað aðfaranótt þriðjudagsins. Gunnþór B. Ingvason, aðstoðarmaður forstjóra Síldarvinnslunnar, segir að allur aflinn fari í vinnslu til manneldis. Síldarvertið er komin á fullt skrið hjá Skinney-Þinganesi á Höfn og er unnið á vöktum allan sólarhringinn við síldina.

Ummæli Gests eigi sér ekki lagastoðir

Bogi Nilsson ríkissaksóknari telur að ummæli Gests Jónssonar lögmanns eigi ekki við rök að styðjast. Gestur segir að sakborningar eigi ekki að þurfa að þola að mörg mál séu höfðuð á hendur þeim á sama tíma.

BAUGSMÁL „Ég held að þetta eigi ekki við nokkur rök að styðjast,“ segir Bogi Nilsson ríkissaksóknari um þau ummæli Gests Jónssonar, verjanda Jóns Ásgeirs Jóhannssonar, að ekki samræmist lögum um meðferð opinberra mála að tveir saksóknarar vinni að sama máli.

Bogi segir lög um meðferð opinberra mála gefa embætti ríkissaksóknara víðtækar heimildir til þess að taka að sér mál eða fela þau öðrum eftir atvikum. „Ríkissaksóknari getur falið lögreglustjóra meðferð máls sem hann hefur gefið út ákæru í. Þetta er bara tilvísun lögmannsins í laga-greinar án þess að skýra það frekar,“ segir Bogi.

Gestur segir að hann styðji ummæli sín með 27. og 28. grein í lögum um meðferð opinberra mála. „Ég fæ ekki betur séð en að það sé gengið út frá því að ákærvaldið í málum sem þessu sé á öðrum hvorum staðnum þannig að sakborningar þurfi ekki að þola það að mörg mál séu í gangi á hendur þeim,“ segir Gestur og bætir við: Ég veit ekkert hvað þeir ætlast fyrir, þeir hafa ekkert sagt mér það. Mér er sagt að það sé enginn vafi á því að ætlunin sé sú að ríkislögreglustjóri reki málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur en ríkissaksóknari taki til skoðunar þá ákæruliði sem vísað var frá. Í því felst náttúrulega engin ákvörðun um að menn ætli að gefa út ákæru, en það er væntanlega einhver möguleiki á því samt.“

Bogi segir að of snemmt sé að ræða þá ákæruliði sem ríkislög-



GESTUR JÓNSSON Verjandi Jóns Ásgeirs hefur gagnrýnt ákærvaldið.

reglustjóri óskaði eftir að ríkissaksóknari tæki að sér. Til þess hafi þeir verið of stutt á borðinu. Það tæki tíma að fara yfir gögnin og ákveða framhaldið. Bogi segir enn fremur að hann reikni ekki



GESTUR JÓNSSON Verjandi Jóns Ásgeirs hefur gagnrýnt ákærvaldið.

með að óskað verði eftir framhaldi á lögreglurannsókn. Málinu verði hraðað eins og unnt er en ekki sé hægt að segja til um hvenær niðurstöðu sé að vænta.

saj@frettabladid.is



BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐGJAFI Björn segir réttarkerfið ekki hafa sagt sitt síðasta í Baugsmálinu.

Björn Bjarnason:

Kristinn rangtúlkar

BAUGSMÁL „Kristinn misskilur annað hvort orð mín eða rangtúlkar þau viljandi, ég er ekki að segja annað en kemur fram í dómi hæstaréttar.“ Svo hljóða viðbrögð Björns Bjarnasonar dómsmálaráðgjafa við ummælu Kristins H. Gunnarssonar alþingismanns.

Kristinn telur að Framsóknarflokkurinn geti ekki borið ábyrgð á starfsháttum Björns. Björn segist aðeins hafa orðað sína hugsun á þann veg að málið sé áfram til meðferðar í réttarkerfinu.

Gögn úr símaskrá:

Aðeins til einkanota

BLEKKINGAR „Gagnagrunnur símaskrárinnar á netinu er eingöngu til einkanota,“ segir Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Já. Fyrirtækið sér um rekstur á símaskra.is ásamt 118 og tengdri þjónustu.

Fjöldi Íslendinga hefur fengið boð frá Clive Sanderson í Bandaríkjunum um að taka þátt í námstefnu hér á landi. Grunur leikur á að um svikafyrirbæri sé að ræða og upplýsingar um Íslendinga hafi verið teknar ólöglega af vef símaskrárinnar.

BOÐSBRÉF Á NÁMSSTEFNU

- sa

2 fyrir 1 til

Prag
frá kr. 19.990

Síðustu sætin

kr. 19.990

Innifalið: Flug og skattar, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, út 17. okt. og heim 20. okt. Netverð á mann.

Gisting frá kr. 3.400
Verð á mann pr. nótt á Hotel ILF með morgunverði.

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Prag í október. Prag er borg sem iðar af lífi alla vikuna. Griptu tækifærið og kynntu þessari einstöku borg.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HLYNDIN KOMA Í dag verður veðrið ósköp aðgerðalítið. Smálægðir eru þó við landið sem munu valda einhverri úrkomu einkum þó suðaustan og austan til. Það rofar síðan smám saman til nyrðra. En nú er að draga til tíðinda, því síðdegis á morgun taka land afgerandi hlýndi og hvassviðri með tilheyrandi slagviðri.

HÖFUDBORGIN Í DAG
Hæg austlæg og síðar norðaustlæg átt. Úrkomulítið. Hiti 3 - 6 stig.



Kaupmannahöfn	16°C hálfskýjað	Paris	22°C léttskýjað	Alicante	21°C hálfskýjað
Osló	12°C alskýjað	Berlín	19°C hálfskýjað	Milano	21°C heiðskirt
Stokkhólmur	20°C hálfskýjað	Frankfurt	20°C hálfskýjað	New York	17°C rigning
Helsinki	14°C hálfskýjað	Madrid	14°C rigning	San Francisco	24°C léttskýjað
London	16°C alskýjað	Barcelona	21°C þrumuveður	Orlando/Florida	31°C skúrir

* Sveði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

NÝ VERZLUN Í Smáralind



SKÓR - TÖSKUR - BELTI - SKART

15% OPNUNARAFSLÁTTUR AF SÉRMERKTUM
VÖRUM TIL 17 OKT

OZIO **COLLECTION**
SMÁRALIND - LAUGAVEGI



KJÖRKASSINN

Er Baugsmálið áreiði við Baug eins og stjórndendur halda fram?

Já	77 %
Nei	23 %

SPURNING DAGSINS Í DAG

Eiga verkafélög að segja kjarasamningum upp vegna verðbólgu?

Jarðskjálftinn í Pakistan: Söfnun RKÍ gengur vel

NEYÐARHJÁLPI Um 1.500 Íslendingar höfðu í gær brugðist við neyðarkalli vegna jarðskjálftanna í Pakistan með því að láta fé af hendu rakna í söfnunarsíma Rauða krossins, 9072020. Þannig höfðu safnast um ein og hálf milljón króna, að því er segir í fréttatilkynningu frá Rauða krossi Íslands.

Alþjóða Rauði krossinn hefur einsett sér að aðstoða 50.000 fjölskyldur, eða um 250.000 manns, á næstu fjórum mánuðum á hamfararsvæðunum. - aa

LÖGREGLUFRÉTTIR

ÓHÖPP Í HÁLKUNNI Nokkuð var um umferðaróhöpp af völdum hálfu hér og þar á landinu í gær. Bífreið sem ekið var í vesturátt eftir þjóðvegnum undir Ingólfsfjalli valt þar út af síðdegis. Öku- maður var einn í bílnum og sakaði hann ekki. Aftanákyrslur urðu meðal annars á Akureyri, Selfossi og í Hveragerði.

Stjórnarmyndun tveggja stærstu flokkanna í Þýskalandi:

Schröder verður ekki með

ÞÝSKALAND, AP Viðræður um myndun samsteypustjórnar tveggja stærstu flokka Þýskalands munu fara út um þúfur takist ekki að koma trúverðugri aðgerðaáætlun um víðtækar efnahagsumbætur inn í stjórnarsáttmálann. Þetta sagði einn forystumanna kristilegra demókrata, flokks Angelu Merkel væntanlegs kanslara, í gær.

Gerhard Schröder, fráfarandi kanslari, tók af skarið um það í gær að hann myndi ekki verða í neinu hlutverki í hinni væntanlegu ríkisstjórn. Að Schröder eftirlæti Merkel kanslarastölinn í samsteypustjórn flokka þeirra

var forsenda fyrir samkomulagi sem flokkarnir náðu í byrjun vikunnar um að hefja formlegar stjórnarmyndunarviðræður. Jafnaðarmenn tryggðu sér hins vegar í staðinn mörg lykilráðuneyti og munu stýra alls átta af fjórtán fagræðuneytum.

Peter Müller, einn forystumanna CDU, sagði í blaðaviðtali að það skipti ekki máli að ráðuneyti atvinnu-, skatta- og heilbrigðismála yrðu í höndum jafnaðarmanna. „Það sem ræður úrslitum er það sem í raun er framkvæmt,“ tjáði hann Die Welt. „Umbótaþörfin á þessum sviðum er óumdeild.

Ef okkur tekst ekki að ná samkomulagi um víðtækar umbætur hér yrði „stóra samsteypa“ tilgangslaus.“

Schröder sagði á verkalýðsráðstefnu í heimabæ sínum Hannover að hann myndi ekki taka sæti í nýju stjórninni. Áður staðfesti hann þó að hann myndi taka virkan þátt í stjórnarmyndunarviðræðunum. Hann sagði ekkert um hvað hann hygðist taka sér fyrir hendur er kanslaratíð hans lyki. - aa

Á FÖRUM Gerhard Schröder, fráfarandi kanslari, var í greinilegri geðshræringu er hann flutti ræðu í Hannover í gær. MYND / AP



KNATTSPYRNUKAPPINN KÝS Alls buðu 22 sig fram til embættis forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakosningar í Líberíu: Weah vinsæll

LÍBERÍA, AP Fyrri umferð líberísku forsetakosninganna fóru fram í fyrradag og var kjörsókn mjög góð. Enda þótt engar útgönguspár liggi fyrir reikna margir með að knattspyrnukappanum George Weah muni vegna vel.

Kosningarnar eru þær fyrstu frá lokum borgarastyrjaldarinnar árið 2003 en landið er enn í sárum eftir mannskæð átök.

Úrslit liggja fyrir eftir nokkra daga en ekki er búist við að nokkur frambjóðendanna fái hreinan meirihluta. Því verður önnur umferð haldin í nóvember.

Fjöldi aldraðra undir fátæktarmörkum

Þingmaður vinstri grænna spyr heilbrigðisráðherra hvort til standi að hækka lífeyri aldraðra um 17 þúsund krónur á mánuði. Nei, segir ráðherrann en vill beina sjónum að þeim sem minnst hafa tekjurnar í hópi aldraðra.

KJARAMÁL Þriðjungur aldraðra eða um 11 þúsund manns er með minna en 110 þúsund króna lífeyri á mánuði og greiðir af þeim 13 prósent skatt.

Þetta kom fram í máli Ögmundur Jónassonar, þingmanns vinstri grænna, á Alþingi á þriðjudag. Hann sagði að 23,5 prósent vantaði upp á að grunnlífeyrir fylgdi almennri launapróun hjá verkafólki.

„Ef við sláum saman í eitt grunnlífeyri og tekjutryggingu þá nemur gliðunin 18,15 prósentum eða 17 þúsund krónum milli þessara greiðslna annars vegar og launa verkamannsins hins vegar.“



ÖGMUNDUR JÓNASSON Þingmaður VG segir biðlista eftir hjúkrunarrýmum of langa.

hann fengi nauðsynlega þjónustu. „Á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum eru nú 270 einstaklingar sem skilgreindir eru í mjög brýnni þörf.“

Ögmundur taldi brýnt að endurskoða fjárlagafrumvarpið með tilliti til þessa og spurði heilbrigðisráðherra hvort til stæði að endurskoða framboð á hjúkrunarheimilum og fallast á kröfu Landssambands eldri borgara um 17 þúsund króna hækkun tekjutryggingar.

Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra kvað kaupmátt eldri borgara hafa aukist um 10 prósent á sama tíma og almennur

Ögmundur ræddi einnig vaxandi lyfjakostnað og annan kostnað tengdan sjúkdómum en þar hallaði einnig á eldri borgara. Þriðjungur þeirra sem biðu eftir hjúkrunarheimilum aðist áður en



MARGIR EIGA ERFITT Hópur aldraðra er með minna en 110 þúsund krónur í lífeyri á mánuði.

kaupmáttur hefði aukist um 14 af hundraði. „Þegar horft er til þriðjungs þeirra ellilífeyrisþega sem minnstan kaupmátt hafa jókst hann um 21 prósent á móti 14 prósentum samkvæmt almennri vísitölu.“

Jón sagði að staðið hefði verið við samkomulag frá árinu 2002 um að fjölga hjúkrunarrýmum um 168 en rekstrarkostnaður þeirra næmi 800 milljónum króna. Árið 2007 myndu 110 rými bætast við í heimili við Sogamýri og 90 til viðbótar á svonefndri Lýsislóð.

Jón sagði að ekki stæði til að hækka lífeyri um 17 þúsund krónur á mánuði.

„Svarið er nei. Það þýðir 8,5 milljarða útgjöld á ári.“ Jón kvað nærtækara að beina sjónum að þeim sem verst væru settir.

Ögmundur ítrekaði að upp væri risinn ágreiningur milli Landssambands eldri borgara og stjórnvalda og hvatti þjóðina til að fylgjast með samningaviðræðum sem nú færu í hönd milli landsambandsins og stjórnvalda. johannh@frettabladid.is

TÖLVUNÁM

Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum á öllum aldri í tölvunotkun. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega og skipulega í námsferni. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem máli skiptir til að koma byrjandanum vel af stað í notkun heimilistölvunnar.

Tvímælalaust okkar besti kostur fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í tölvunotkun. Sérlega hagstætt verð.

- Windows tölvugrunnur
- Word grunnur
- Excel kynning
- Internetið og tölvupóstur

Kennt er á mánudögum og miðvikudögum og er hægt að velja um morgunnámskeið frá kl. 9 – 12 eða kvöldnámskeið frá kl. 18 – 21. Kennsla hefst 24. okt og lýkur 5. des. Lengd: 60 stundir. Verð kr. 38.000,-

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða hafa einhverja reynslu af vinnu við tölvur en þurfa að auka við öryggi sitt, þekkingu og færni.

- Windows XP skjalvarsla
- Word
- Excel
- Internet og Outlook tölvupóstur og skipulag.

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum og er hægt að velja um morgunnámskeið frá kl. 9 – 12 eða kvöldnámskeið frá kl. 18 – 21. Kennsla hefst 25. okt og lýkur 8. des. Lengd: 63 stundir. Verð kr. 39.900,- (3 kennslubækur innifaldar í verði).



Guðrún Jónsdóttir Hjúkrunarfræðingur

„Ég notaði heimilistölvuna sáralítið og forðaðist hana. Fékk kjarkinn með Byrjendanámskeiðinu og nota tölvuna daglega núna, skrifa bréf, tölvupóst, leita á Netinu og er orðinn áskrifandi að öllum ferðaskrifstofunum á Netinu, nota heimabankann, skoða myndir í tölvunni ofl. Skemmtilegir og afslappaðir tímar í góðum félagskap voru atriði sem skiptu mig miklu máli þar sem langt er síðan ég var síðast í skóla.“

Utandagskrárumræða um stöðu loðnustofnsins og breytingar á göngumunstri:

Sumarveiðar ekki bannaðar

SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur ekki ástæðu til að banna sumarveiðar á loðnu hér við land. Hann upplýsti á Alþingi í gær að hann hefði óskað eftir því við Hafrannsóknastofnun að hún rannsakaði áhrif flotvörpuveida á loðnustofnin, en margir sjómenn hefðu áhyggjur af áhrifum slíkra veida á viðgang loðnustofnsins.

Hjálmar Árnason, þingmaður Framsóknarflokks hóf utandagskrárumræður um stöðu loðnustofnsins og sagði að sjómenn, fiskverkendur og fiskútflýgjendur hefðu þungar áhyggjur af loðnustofninum. Loðnu vantaði í fæðu

þorsksins og skortur á fæðuframbóði úr hafinu hefði leitt til þess að varp sjóflugla hefði misfarist. Hann spurði hvort ástæða væri til að banna sumarveiðar á loðnu til hagsbóta fyrir aðrar fisktegundir og veiðar.

Sjávarútvegsráðherra sagði að tekið hefði að skilja að minnsta kosti 400 þúsund tonn eftir af hrygningarstofni loðnu og það hefði gefist vel.

Jóhann Ársællsson Samfylkingunni véfengdi mat fiskifræðinga á loðnustofninum. Sveiflur í stærð hans væru miklar en aflinn mun stöðugri en úr tegundum með minni stofnstærðarsveiflu. - jh



LOÐNUVEIÐAR Áhyggjur eru vaxandi af breyttu göngumunstri loðnu og minna æti fyrir þorskin.



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Ostaveisla

í Hagkaupum til 16. október

- Kynningar í búðum
- Mjólkurfræðingar kíkja í heimsókn
- Yfir 20 tegundir osta á tilboði
- Ostakörfur á ótrúlegu verði
- Frábært úrval af ostum



KOKKARNIR
VEISLUÞJÓNUSTA
JÓNS ARNARS & RÚNARS

Spennandi tilboð
í ostaborðinu Kringlunni
Kynningar alla dagana

50%
afsláttur



Létt ostur með skinku og beikon

20%
afsláttur



Gouda sterkur
- frábær við öll tilefni

20%
afsláttur



Ísbúi
- ostur sem bragð er af

Gildir til 16. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KUNDERAKVÖLD

á Súfistanum í kvöld kl. 20:00


Í tilefni af nýtkominn bók Milans Kundera, Lífið er annars staðar, verður efnt til Kunderakvölds á Súfistanum í kvöld kl. 20.00. Lífið er annars staðar er nútíma-klassiker sem hefur notið mikilla vinsælda víða um heim.

Þetta er kostuleg saga af ungskáldinu Jaromil og viðleitni hans til að komast til manns og móður hans sem vakir yfir honum frá vöggu til grafar.

30% AFSLÁTTUR
AF BÓKINI Í TILEFNI DAGSINS

Á Kunderakvöldinu fjallar þýðandinn, Friðrik Rafnsson, stuttlega um bókina og samhengi hennar innan verka Kundera, auk þess sem hann les kafla úr henni. Ennfremur fjallar Torfi H. Tulinius, prófessor í frönsku og miðaldafræðum við HÍ, um hugmyndir Kundera um skáldsöguna.

ALLIR VELKOMNIR MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR



Fólk á Seltjarnarnesi hræðist Steingrím Njálsson: Íbúar óttaslegnir vegna barnaníðings

LÖGREGLA Fréttaflutningur af viðveru Steingríms Njálssonar á Seltjarnarnesi hefur valdið nokkrum usla í bænum, en Steingrímur er margdæmdur fyrir kynferðisbrot gegn börnum.

Í síðustu viku gerðu unglingar meðal annars aðsúg að húsi þar sem Steingrímur átti að hafa verið. Þar mun þó um misskilning að ræða því þar hafði hann ekki dvalið og lögregla segir engar vísbendingar um að hann hafi dvalið á Nesinu.

Ásgeir Pétur Guðmundsson, rannsóknarlögregluábyrgingur, telur uppákomu krakkanna í liðinni viku frekar hafa átt upptök í innbyrðis deilum þeirra og andóf gegn Steingrími hafi verið fyr-



VALHÚSASKÓLI Á SELTJARNARNESI Krakkar að leik við Valhúsaskóla í fyrirasumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

irsláttur. Hann segir þó að eftir umfjöllun DV hafi lögreglu borist fjöldi ábendinga um að Steingrímur hafi sést á hinum og þessum stöðum, en fólk hafi þar líklega farið mannavíllt. - Óká



PÓLÍTIKT FÓRNARLAMB Ghazi Kanaan (til vinstri) heilsar hér Mohammad Khatami, fyrrverandi forseta Írans, á fundi þeirra í Teheran í fyrra. Íran og Sýrland hafa haft margháttuð afskipti af Líbanon á síðustu áratugum og þau afskipti virðast hafa orðið Kanaan dýrkeypt.

MYND/AP

Sagður hafa stytt sér aldur

Innanríkisráðherra Sýrlands og fulltrúi landsins í Líbanon til margra ára er sagður hafa framið sjálfsmorð. Pólítið er þó ekki útilokað.

SÝRLAND Ghazi Kanaan, innanríkisráðherra Sýrlands og yfirmaður leyniþjónustu landsins í Líbanon, fannst látinn á skrifstofu sinni í gær, að sögn sýrlenskra stjórnvalda. Tvær vikur eru þangað til skýrsla rannsóknarnefndar Sameinuðu þjóðanna um morðið á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons, liggur fyrir og því leikur grunur á að valdamenn í Damaskus hafi látið ráða hann af dögum til að forða sjálfum sér frá alþjóðlegum refsiaðgerðum.

„Ghazi Kanaan, liðsforingi og innanríkisráðherra framdi sjálfsmorð á skrifstofu sinni nú laust fyrir hádegi. Yfirvöld rannsaka málið,“ var texti fréttatilkynningar sem stjórnvöld í Damaskus sendu frá sér í gær. Kanaan var yfirmaður sýrlensku leyniþjónustunnar í Líbanon til ársins 2003 en sú staða jafngilti í raun landsstjóraembætti þar sem sá sem henni gegndi réði í raun hverjir skipuðu áhrifastöður í landinu.

Nokkrum klukkustundum áður en Kanaan dó hringdi hann í líbanska útvarpsstöð og neitaði allri hlutdeild í morðinu á Rafik Hariri. Hann staðhæfði að auki að Sýrlandingar hefðu alltaf borið hagsmuni Líbana fyrir brjósti. „Þetta er líklega síðasta yfirlýsingin sem ég get flutt,“ sagði hann að lokum.

Tvær vikur eru þangað til rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna skilar skýrslu sinni um morðið á Hariri en í síðasta mánuði var skýrt frá því að líbanskir leyniþjónustumenn með sterk tengsl við sýrlensku stjórnina hefðu skipulagt tilræðið. Kanaan var á dögum yfirheyrður um málið og er talið líklegt að vitnisburður hans gefi vísbendingar um hlutdeild Sýrlandinga í morðinu. Þann vitnisburð gæti hins vegar reynst erfitt að sannreyna fyrst vitnið er ekki lengur í tölu lífenda.

Fjölmíðlar í Mið-Austurlöndum taka því fregnum af sjálfsmorði Kanaans með fyrirvara. Arabíska sjónvarpsstöðin Al-Jazeera setti orðið sjálfsmorð innan gæsalappa í fyrirsögn í frétt á vefútgáfu sinni þar sem rætt var við félagi í Bræðralagi múslima, stjórnarandstöðuhreyfingu sem bönnuð hefur verið í Sýrlandi. Sá taldi líklegt að Assad Sýrlandsforseti hefði látið ráða hann af dögum til að bjarga stjórninni frá alþjóðlegum refsiaðgerðum. Al-Arabiya birti víðtöl við líbanskan blaðamann sem taldi líkur á að um pólítið morð væri að ræða. „Ömogulegt er að segja hvort hann framdi sjálfsmorð eða var gert að binda enda á líf sitt. Margir í Sýrlandi vilja stinga staðreyndum um afskipti stjórnarinnar af Líbanon undir stól.“

sveinng@frettabladid.is

FRÁBÆR TILBOÐ Á..... KRINGLUKASTI

Art bálbalaton
10.995 kr. - verð áður
7.995 kr. - verð nú
litir: brúnt
stærðir: 36 - 41



Art llobenito
16.995 kr. - verð áður
11.995 kr. - verð nú
litir: brúnt
stærðir: 40 - 46



LLOYD

Art llokepler
15.995 kr. - verð áður
10.995 kr. - verð nú
litir: svart
stærðir: 41 - 46



Art Spr2259
6.995 kr. - verð áður
4.995 kr. - verð nú
litir: grátt, svart
stærðir: 36 - 46



Art lloaldren
15.995 kr. - verð áður
10.995 kr. - verð nú
litir: svart, brúnt
stærðir: 40 - 47



LLOYD

Art Bal57110
16.995 kr. - verð áður
10.995 kr. - verð nú
litir: svart, coniac, brúnt
stærðir: 36 - 41



Triggeir
4.995 kr. - verð áður
3.995 kr. - verð nú
stærðir: 31 - 40
litir: svart, rautt, fjólublátt, bleikt
stærðir: 21 - 30
litir: allir litir



Art Spr1105
13.995 kr. - verð áður
8.995 kr. - verð nú
litir: ljósbrúnt, brúnt, svart
stærðir: 36 - 41

* TILBOÐ GILDA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

KRINGLAN (568 9212)

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



EINFÖLD HUGMYND

Það kunna allir að meta einfaldar hugmyndir.
Þess vegna seljum við bílatriggingar á netinu.
sjovastrax.is - Einföld og ódýr leið til að kaupa bílatriggingar á netinu.

SJÓVÁ 

50% afsláttur

Freyjunammibar
alla föstudaga og laugardaga



Oerlemans

Fyrsta flokks ávextir og ber



2,5 kg **999** kr

Yggdrasil

Landsins mesta úrval af heilsuvörum og náttúrufæði



Brillo hreinsiefni		186 kr
Winnie the Pooh kex	1 dós	99 kr
Cheerios Twin Pack	1 kg	429 kr
Freyju Draumur		50% afsláttur
Freyju Rís		50% afsláttur
Kluth hnetur og ávextir		40% afsláttur
Renna sólþurrkaðir tómatar		20% afsláttur
Jarðarber í sýrópi	850 ml	149 kr
Piparostur	150 g	139 kr

Gripið & greitt

ALLTAF NÓG AF ÖLLU

Gripið & greitt Skútvögi 4 Opið mán-fös 8.30-18.30 og lau 10-16

Engar göngubrautir og verktakar sturta drasli þar sem mögulegt er að ganga:

Börninn hafa bara götuna

GRAFARHOLT Slæm umgengni verktaka við Gvendargeisla í Grafarholti, auk skorts á gangbrautum yfir götuna, setur börn sem ganga í grunnskólann Sæmundarsel í hættu.

„Það vantar gangbrautir yfir Gvendargeisla, og sums staðar sturta verktakar drasli frá sér alveg upp á þar sem gangbrautirnar eiga að vera og þetta neyðir börnin til að ganga út á götu,“ segir Eygló Friðriksdóttir, aðstoðarskólalastjóri í Sæmundarseli. Eygló segist halda að verktakarnir átti sig hreinlega ekki á því að lítil börn gangi á hverjum degi eftir Gvendargeisla, en

strætisvagnar og vörubílar eiga þar einnig leið um.

Þetta er annað árið sem Sæmundarsel starfar sem útibú frá Ingunnarskóla. Þar eru um 100 nemar á aldrinum sex til tíu ára, og sextíu þeirra eru sex og sjö ára. Eygló vonast til þess að vandinn verði leystur sem allra fyrst, og segir Reykjavíkurborg vera byrjaða að sinna málunum. Við Ingunnarskóla voru undirgöng lögð undir Kristnibrautina, sem leysti úr svipuðum vanda. „Við vonumst eftir úrbótum sem allra fyrst, því nú er skammdegil að skella á,“ segir Eygló.

- smk



ENGAR GANGBRAUTIR Slæm umgengni verktaka við Gvendargeisla setur börn í hættu, því hún neyðir börn oft til þess að ganga úti á götu, en allar gangbrautir vantar við Sæmundarsel. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Íslendingar vinna lengst OECD þjóða

Íslendingar sem komnir eru yfir miðjan aldur standa best allra landa innan OECD hvað varðar atvinnuþátttöku. Fólki þarf orðið að vinna lengur.

RANNSÓKN Atvinnuþátttaka fólks í aldurshópnum 25 til 49 ára og 50 til 64 ára er hvergi meiri en á Íslandi, samkvæmt nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD.

Starfsævi Íslendinga er samkvæmt þessu lengri en í nokkru öðru landi innan OECD en að mati stofnunarinnar hefur lengri starfsævi jákvæð áhrif á hagvöxt.

Hækkandi meðalaldur hefur það í för með að fólki þarf að vinna lengur, segir í skýrslunni. Samfélög hafa ekki efni á því að láta mannauð hinna eldri fara til spillis. Mannauður fólks yfir fimmtugu er mikilvægur fyrir fyrirtæki, hagkerfið og samfélagið.

Atvinnuþátttaka Íslendinga á aldrinum 50 til 64 ára er litlu minni en fólks á aldrinum 25 til 49 ára og er bilið þar á milli hvergi

minna en á Íslandi. Um 88 prósent fólks í yngri aldurshópnum eru á atvinnuþátttöku en hlutfallið er um 85 prósent.

Í OECD-löndunum eru að meðaltali innan við sextíu prósent fólks í eldri aldurshópnum á vinnumarkaði og 75 prósent fólks í yngri aldurshópnum. Bilið er því um fimmtán prósentustig að meðaltali.

OECD telur að þessi mismunur stafi einna helst af því að opinber stefnumótun í mörgum löndum, sem og venjur fyrirtækja, leiði eldra fólk til að halda áfram að vinna. Stofnunin segir að þetta sé til marks um úrelt viðhorf á tímum þar sem hækkandi meðalaldur krefst æ meiri opinberra fjárútláta.


Ef engar breytingar verða á þessari þróun mun hlutfall eldri þjóðfélagsþegna sem ekki eru á

vinnumarkaði nánast tvöfaldast í OECD-ríkjunum á næstu áratugum og aukast úr 38 prósentum árið 2000 í yfir sjötíu prósent árið 2050. Þetta mun leiða til hærri skatta og lægri lífeyrisgreiðslna auk þess sem hægja mun á hagvexti.

Til þess að koma í veg fyrir að þróunin verði jafn neikvæð og útlit er fyrir mælir OECD með því að tekin verði upp stefna sem miðist við að hvetja fólk sem komið er yfir miðjan aldur að halda áfram að vinna. Samkvæmt skýrslunni fer fólk á eftirlaun í flestum tilfellum nokkru áður en opinber eftirlaunaaldur gerir ráð fyrir og á það sérstaklega við um Evrópulönd. Ísland er eitt fárra landa þar sem fólk vinnur að meðaltali lengur en eftirlaunaaldur gerir ráð fyrir.

sda@frettabladid.is

Hlutfall þjóðar, á aldrinum 25-49 eða 50-64 ára, sem stundaði vinnu árið 2004.



Heimild: OECD

Smábátasjómenn á Norðurlandi:

Strangari höft verði sett á loðnuveiðar

SJÁVARÚTVEGUR Klettur, félag smábátasjómanna frá Ólafsfirði að Tjörnesi, vill að dregið verði verulega úr loðnuveiðum í því augnamiði að byggja upp þorsstofninn. Vill félagið að sumar- og haustveiðum á loðnu verði alfarið hætt og að til lengri tíma verði loðna aðeins veidd til manneldis og bræðslur taki eingöngu við úrgangi frá manneldisvinnslunni.

Jafnframt vill félagið að sjávarútvegsráðherra banni notkun flottrolls við loðnu- og síldveiðar þar til Hafrannsóknastofnun hafi staðfest að veiðarnar skaði ekki vistkerfið.



TRILLUR Smábátasjómenn í Kletti telja að of mikilli loðnuveiði megi kenna um að mistækist hefur að byggja upp þorsstofninn. MYND/KK

Margaret Thatcher áttæð:

680 boðsgestir

BRETLAND, AP Haldið verður upp á áttæðisafmæli Margaret Thatcher með miklu hófi í Lundúnum í dag. Á gestalistanum eru 680 manns, þar á meðal Elísabet Englandsdrottning og Tony Blair forsætisráðherra. Frá þessu greindu talsmenn Thatcher í vikunni.

„Járnfrúin“ sem fór fyrir bresku ríkisstjórninni í tæp tólf ár, 1979-1990, hefur dregið sig að mestu í hlé á síðustu misserum, enda er heilsa hennar orðin tæp. Hún hefur fengið nokkur minni háttar heilablóðföll. ■



MARGARET THATCHER

DEBENHAMS

haust
útsala
í 5 daga

50%
afsláttur
af völdum vörum



Nýtt kortatímabil

DEBENHAMS

SMÁRALIND

Íslendingar þekkja gott vatn



Það gera Tékkar líka.
Þess vegna nota þeir
10.000 ára gamalt
vatn sem er tekið úr
300 metra djúpri
borholu í Budweiser
Budvar bjórinn.
Þetta hreina og tæra
tékkneska vatn gefur
bjórnum silkimjúkt
yfirbragð.

**Budweiser
Budvar**

UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA

Virðisaukaskattur vegna kaupa sveitarfélaga á slökkvifreiðum:

Endurgreiðslum frestað

SVEITASTJÓRNARMÁL Í fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi er ekki gert ráð fyrir að endurgreiðslur á virðisaukaskatti vegna kaupa sveitarfélaga á slökkvifreiðum og búnaði slökkviliða hækki frá fyrra ári. Er lagt til að þær nemi 30 milljónum króna.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í yfirliti sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman um þau atriði fjárlagafrumvarps sem varða fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs, segir að á undanförunum árum

hafi ekki verið hægt að borga upp umsóknir um þessar endurgreiðslur og að sambandið sé ósátt við það.

Á síðasta ári þurfti að fresta endurgreiðslum á virðisaukaskatti vegna þessa verkefnis sem námu rúmum sex milljónum. „Við höfum sent fjármálaráðuneyti upplýsingar um að við teljum að fjárveiting til þessa þurfi að hækka. Það er mikil endurnýjun í gangi hjá slökkviliðum. Verkefni eru að verða fjölbættari og það er verið að bæta við verkefnum og auka við búnað. Þetta eru engar stórar fjárhæðir og því óþarfi að þær þurfi að liggja inni.“



UPPBÝGGING SLÖKKVILIÐA Ekki hefur tekist að endurgreiða allan virðisaukaskatt vegna kaupa á slökkvifreiðum og búnaði slökkviliða.

Stjórnarformaður dæmdur:

Milljónasekt og skilorð

DÓMSMÁL Fyrrverandi stjórnarformaður Íslenska fjölmiðlafélagsins var í byrjun vikunnar dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Dóminn hlaut hann fyrir brot á skatta- og hegningarlögum árin 1998 og 1999.

Manninum var einnig gert að greiða 14,3 milljónir króna í sekt innan fjögurra vikna, eða sæta ella hálfis árs fangelsi.

Við ákvörðun refsingar var höfð af því hlidsjón að dráttur varð á rannsókn málsins. „Hins vegar virðist rannsókn hafa verið haldið fram með viðunandi hætti frá 4. júní 2002,“ segir í dómnum og ekki fallist á að dráttur á rannsókn hafi verið vítaverður þó svo finna mætti að því hvað hún hófst seint.



NÝTT DEILISKIPULAG LANDSPÍTALALÓÐAR Svona á Landspítalalóðin við Hringbraut að líta út eftir að byggingar hafa risið samkvæmt nýrri tillögu að deiliskipulagi sem í gær bar sigur úr bítum í samkeppni sjö slíkra.

Norrænn hópur vann

Árin 2009 til 2018 rísa á lóð Landspítalans við Hringbraut 85 þúsund fermetra nýbyggingar samkvæmt vinningstillögu um deiliskipulag.

SKIPULAGSMÁL Í tillögunni sem sigur bar úr bítum í samkeppni um nýtt deiliskipulag á lóð Landspítala - háskólasjúkrahúss er lögð áhersla á góða aðkomu, einfaldar tengingar bygginga og létt og vingjarnlegt yfirbragð þar sem vellíðan sjúklinga og starfsfólks er höfð í fyrirrúmi.

Hópur sem skipaður er íslensku arkitektastofunni Arkitektúr.is, Verkfræðistofu Norðurlands, norsku verkfræðistofunni SWECO Grøner og dönsku arkitekta- og landslagsarkitektastofunum C.F. Møller og Schønherr Landskab fór með sigur af hólmi í keppninni. Tillagan gerir ráð fyrir að um 85.000 fermetra nýbyggingar rísi á spítalalóðinni á árunum 2009 til 2018 auk þess sem umtalsverðar endurbætur verða gerðar á eldri byggingum sjúkrahússins.

Sjö tillögur kepptu til úrslita, en niðurstaða dómnefndar var í gær kynnt heilbrigðisráðherra við hátiðlega athöfn í Óskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Gestir og gangandi geta skoðað tillögurnar í anddyri Barnspítala Hringbraut frá og með deginum í dag til mánaðamóta.

„Úrslitin og samkeppnin marka enn einn áfangann í því margþætta verkefni sem bygging nýs spítala fyrir alla landsmenn óneitanlega er,“ sagði Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, við athöfnina í gær, en um átta mánuðir eru síðan ríkisstjórnin samþykkt tillögu hans um að halda áfram uppbyggingu Landspítala - háskólasjúkrahúss við Hringbraut. Forval var auglýst í byrjun febrúar og sóttu 18 fjölþjóðlegir hópar sérfræðinga um þátttöku í samkeppninni og var sjö stigahæstu boðið að keppa um skipulagið samkvæmt



VINNINGSHÓPURINN Hópur inn sem vann samkeppni um nýtt deiliskipulag Landspítalalóðarinnar.

keppnislýsingu sem samin var af fulltrúum Landspítala - háskólasjúkrahúss, Háskóla Íslands og Framkvæmdasýslu ríkisins.

Jón Kristjánsson lýsti því yfir að ekki væri eftir neinu að bíða varðandi áframhaldandi undirbúning eftir að ríkisstjórnin samþykkti nýverið að 18 milljarðar af söluandvirði Símans skyldu renna til byggingar á nýju sjúkrahúsi.

Í áliti dómnefndarinnar kemur fram að einróma álit hennar sé að allar tillögur hafi verið athyglisverðar og mjög vel unnar, en vinningstillagan hafi verið besti kosturinn til nánari útfærslu á deiliskipulaginu. Hún hlaut 12 stigum meira í einkunn en næsta tillaga, eða samtals 92 stig af 100 mögulegum. „Gamla Hringbraut er færð upp að gamla spítalanum og er meginbyggingum spítalans komið fyrir sunnan hennar. Mælikvarði og hlutverk götunnar í skipulaginu er sannfærandi þar sem nýjar, jafnt sem eldri byggingar spítalans, raðast meðfram henni á látlausan hátt,“ segir í álitinu. Nefndin leggur svo til að gengið verði til samninga við vinningshafana um að þeir verði ráðgjafar Landspítala - háskólasjúkrahúss við áframhaldandi uppbyggingu spítalans.

olli@frettabladid.is

**NISSAN
ALMERA**



SKIPT_um væntingar



ÞÆGINDI OFAR ÖLLU

Almera
Verð 1.790.000.-

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, sóllúga, álfelgur og spoiler.



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.jh.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Barnaheill - Save the Children:

Safnað fyrir börn í Pakistan

SÖFNUN Alþjóðasamtökin Barnaheill - Save the Children hafa ýtt úr vör söfnunarátaki til stuðnings börnunum á hamfarasvæðunum í Pakistan, Afganistan, Indlandi, El Salvador og Gvatemala en í öllum þessum löndum á fólk um sárt að binda eftir hamfarir í síðustu viku.

Söfnunin fer þannig fram að hægt er að hringja í sérstakt söfnunarnúmer og þá gjaldfærast 1.900 krónur á símareikning viðkomandi. Einnig er hægt að leggja inn á reikning samtakanna en öllu fé sem safnast verður varið til hjálparstarfs.

- jse



AKRANES Torgið með sjómansstyttni.

Bæjarstjórn Akraness:

Púsundasti fundurinn

SVEITARSTJÓRNARMÁL Bæjarstjórn Akraness hélt púsundasta fund sinn í gær.

Hátíðarbragur var yfir fundinum og samþykktu fundarmenn þrjár tillögur í tilefni dagsins. Þessar voru tillaga um uppbyggingu íþróttamannvirkja og yfirbyggða sundlaug á Jaðarsbökkum, önnur um yfirtöku á svæðinu Klapparholti þar sem gróðursetning og uppgræðsla hefur átt sér stað og þriðja tillagan um fjölskyldustefnu fyrir Akraneskaupstað.

Akranes fær nýjan bæjarstjóra um næstu mánaðamót.

- smk

Sænsk ferðaskrifstofa:

Samkeppni um Kanaríeyjafara

SVIÞJÓÐ Sænska ferðaskrifstofan Apollo byrjar að fljúga milli Reykjavíkur og Kanaríeyja í janúar.

Ferðaáætlun sumarsins verður kynnt næsta vor og er gert ráð fyrir að boðið verði upp á flug til þriggja áfangastaða við Miðjarðarhafið, þar á meðal til Grikklands. Apollo er þriðja stærsta ferðaskrifstofan í Svíþjóð og dótturfyrirtæki ferðaskrifstofunnar Kuoni sem hefur haft starfsemi hér á Íslandi í nokkur ár. Systurfyrirtækið Novair rekur fimm flugvélar. Gert er ráð fyrir að farþegafjöldinn verði 410 þúsund í ár. ■

BANDARÍKIN

KLAPPSTÝRA Í VÍGAHUG Lögregla í Des Moines í Iowa hefur handtekið fimmtán ára gamla klappstýru en henni er gefið að sök að hafa sent morðhótanir til kennara sinna og samnemenda. Hún verður meðal annars ákærð fyrir brot á hryðjuverkalöggjöf ríkisins. Mikill viðbúnaður var í skólanum í kjölfar eiturbréfanna.

GORE ÚTILOKAR FRAMBOD Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjaanna, sem þurfti að láta í minni pokann fyrir George W. Bush í forsetakosningunum árið 2000, sagði í Svíþjóð í gær að hann hefði engan hug á því að reyna aftur við forsetaframboð.

Taktu á því með lóðum....

Ný öflug lína

tækki

sem skila þér árangri...

Vorum að fá nýja sendingu af handlóðum, í öllum þyngdarflokkum, litum og gerðum, lausum lóðum, lyftingastöngum, ólympískum lyftingasettum og lyftingabekkjum. Jafnt fyrir byrjendur sem meistara. Fyrir heimili, líkamræktarstöðvar, fyrirtæki og fl.

Tækin eru uppsett í verslun!

Taktu á því með tækjum...

ÖRNINN

Skeifunni 11d, Sími 588 9890

Opið laugard. 10-14

Visa- og Euroraðgr.

Allar nánari uppl. www.orninn.is

SCHWINN PRO-FORM NordicTrack™ CYBEX NAUTILUS™

Að sjálfsögðu bragðast hann betur en annar bjór. Við höfum haft meira en 600 ár til að fullkomna uppskriftina. Brugghúsið okkar hefur verið starfrækt í Leuven í Belgíu frá árinu 1366 sem þýðir að við höfum verið lengur að en flestir. Á þessum tíma höfum við upplifað ýmsar breytingar. Viðskiptavinir okkar drekka til dæmis ekki bjórinn lengur til að verjast plágunni, eins og þeir gerðu á miðöldum. Hvað sem öðru líður þá er eitt sem hefur ekki breyst allan þennan tíma, Stella Artois er enn bruggaður samkvæmt aldagamalli hefð úr besta fáanlega hráefni. Þess vegna eigum við enn tryggan hóp viðskiptamanna, 600 árum síðar.



0,0%

Jólin þín by



JULEN kökubox
ýmsir litir 590,-



JULEN kerti
16 sm 395,-
10 sm 290,-



JULEN gjafaborðar
ýmsir litir 5 sm x 9 m 290,-




JULEN gjafapappír
ýmsir litir 5x0,7 m 190,-



JULEN 4 stk. kertastjakar
m/8 kertum, ýmsir litir 190,-



JULEN jólaskraut
10x6 sm 390,-



1.990,-

GLÄNSA ljós
50x42 sm



JULEN
lukt fyrir sprittkerti 490,-

yrja í IKEA



JULEN jólakúlur
ýmsir litir 10 stk. 150,-



JULEN gjafaöskjur
3 stk. 150,-



JULEN skraut
12 stk. ýmsir litir 190,-



JULEN kertaslökkvari
ýmsir litir 50,-




JULEN lukt fyrir kerti
22 sm 1.190,-



50,-

JULEN kertastjaki gler 7,5 sm



JULEN glerspíral
ýmsir litir 6 stk. 15 sm 390,-



JULEN ilm sprittkerti
42 stk. 390,-

Fjölskyldutilboð
virka daga 17:30 - 19:30

Sænskar kjötbollur, tveir 10
bollu skammtar og tveir
barnskammtar af spaghetti
ásamt safa.

990,-
IKEA Restaurant



„ORÐRÉTT“

Þá er það á hreinu

„Ráðuneytið vinnur ekki lögfræðilegar álitsgerðir fyrir einstaklinga.“

Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu, í Fréttablaðinu.

Sjáum til

„Það stendur ekki til að ég taki við A-landsliðinu.“

Eyjólfur Sverrisson knattspyrnuþjálfari í Fréttablaðinu.

nær og fjær
tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÚLFAR EYSTEINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Bíður eftir 500 þúsundasta gestinum

„Það er nú aldeilis gott að fréttá enda var ég að koma frá Tyrklandi í gærkvöld,“ segir Úlfar Eysteinson, matreiðslumeistari á Premur frökkum. „Ég fór að skoða síðasta dvalarstað Maríu meyjar og gekk við á leiði Jóhannesar guðspjallamanns,“ segir Úlfar sem heillaðist af landi, þjóð og tyrkneska teinu.

„Fólkið er yndislegt, það er hjálpsamt og kurteist,“ segir Úlfar bergnuminn sem bjóst ekki við miklu enda berist til Íslands aðeins leiðinlegar fréttir frá Tyrklandi eins og af hamföllum og Halim Al. Honum kom á óvart hversu fallegar borgirnar voru og allt var hreint og fínt.

Sem matgæðingur snæddi Úlfar á hinum ýmsu matsölustöðum. „Það

var sama hvar maður borðaði, það var alltaf mjög góður matur,“ segir Úlfar stórhreifinn en hann var staddur í Tyrklandi um leið og haldið var upp á íslömsku hátíðina ramadan. „Þeir fengu sér ekki einu sinni tesopa fyrr en á miðnætti,“ segir Úlfar en hann ætlar þó ekki að bjóða upp á tyrkneska rétti á Premur frökkum í brád.

Úlfar býst við að 500 þúsundasti gesturinn gangi hvað úr hverju inn á veitingastaðinn Þrjá frakka. Sá heppni eða sú heppna mun án efa fá eitthvað gott að launum.



Úlfar Eysteinson matreiðslumeistari



PÚKINN RAVANA Líkneski af djöflakonunginum Ravana er reist við. Styttan verður brennd sem hluti af hátíð hindúa þar sem sigri hindúguðsins Rama yfir Ravana er fagnað.

Smábátasjómenn halda aðalfund sinn um helgina, líkt og Sjálfstæðisflokkurinn:

Línuívílnun og olíusamráð

Réttarstaða smábátasjómanna vegna verðsamráðs olíufélaganna er meðal þess sem rætt verður á aðalfundi þeirra sem haldinn er á Grand hóteli á föstudag og laugardag.

„Menn vilja vita hvar þeir standa,“ segir Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátasjómanna. Af öðrum helstu málum sem rædd verða á aðalfundinum nefnir hann línuívílnunina, grásleppuna og loðnuveiðar en þær vilja sumir smábátasjómenn banna að hluta.

„Það er ekkert nema gott um Einar að segja,“ svarar Örn spurður um álit trillukarla á Einari Guðfinnssyni, nýjum sjávarútvegsráðherra. „Hann hefur góða þekkingu á sjávarútvegi og við óskum honum alls hins besta.“

Áhrif hás gengis krónunnar eru mikil á smábátasjómenn og vilja þeir leita leiða til að lækka kostnað við útgerðina.

Þá verður borin upp ályktun þar sem skorað er á útvarpsráð að setja útvarpsþáttinn Auðlind á dagskrá Rásar 1 á ný en hann var lagður niður í sparnaðarskyni.

Aðalfundur Landssambands smábátasjómanna fer fram á sama tíma og landsfundur Sjálfstæðisflokksins myndi setja landsfund flokksins beint ofan í okkar aðalfund,“ segir hann og hlær en ár er liðið síðan trillukarlar ákváðu að halda fund sinn þessa helgi.



Trillukarlar á Húsavík.

OPNUNARTILBOÐ!

ÍSLENSKA AUGLEIÐINGASTOFAN VÍSULS.ÚT 23989 09/2005



The North Face Varius TriClimate



Jakki með innrenndum Fiber jakka. Þennan jakka er hægt að nota á 3 vegu. Til í svörtu.

Tilboð 22.990 kr.
Verð áður 27.990 kr.

Meindl Burma gönguskór

MFS fóður lagar sig að fætinum. Fáanlegur í herra og dömu stærðum.

Verð **15.990 kr.**
Verð áður 19.990 kr.

MEINDL



Háskóli Íslands merktur með blindraletri:

Blindir rata betur um Háskólann

Ester Heiðarsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir, sem báðar eru blindar, merktu stofur, skrifstofur og salerni aðalbyggingar Háskóla Íslands með blindraletri í gær.

„Þetta auðveldar blindum og sjónskertum nám við háskólann,“ segir Kristín Tómasdóttir, formaður jafnréttis- og öryggisnefndar Stúdentaráðs.

Stúlkurnar eru nemar í 9. og 10. bekk í Álftamýrarskóla og Grunn-skóla Mýrdalshrepps. Stúlkurnar fóru um háskólann í fylgd með kennara og starfsmanni frá Sjónstöðinni, skrifuðu inn á tölvu hvað hvert herbergi var kallað og prentuðu út límmíða sem þær síðan



HÁSKÓLINN MERKTUR Ester Heiðarsdóttir festir borða með blindraletri utan á skrifstofu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

festu utan á merkingar stofanna sem fyrir eru. Háskóli Íslands er þar með fyrsti íslenski háskólinn sem merkir byggingar sínar með blindraletri að sögn Kristínar. „Við stefnum á að halda áfram á næstu vikum og merkja allar byggingar skólans fyrir júl,“ segir Kristín. Engir blindir stúdentar stunda nú nám við Háskóla Íslands, þó nokkrir sjónskertir nemar séu þar. „Og það er ástæða fyrir því. Þetta er ástæðan fyrir því að við erum að merkja byggingarnar,“ segir Kristín. - smk

Selskersviti bilaður:

Vísar veginn á ný

Áhafnir varðskipa sinna fjölbreyttum verkefnum. Meðal annars sér Landhelgisgæslan um viðhald vita fyrir Siglingastofnun. Nýlega var tekið eftir því að Selskersviti var hættur að lýsa og við athugun varðskipsmanna kom í ljós að ljósnemi í vitanum var bilaður. Stýrimaður og vélstjóri á Tý fóru því upp í vitan og skiptu um ljósnema svo nú er hann farinn að vísa sjófarendum veginn á ný.



SELKERSVITI Varðskipsmenn skiptu um ljósnema.

Á meðfylgjandi mynd má sjá léttbát varðskipins Týs við Selsker á Húnaflóa.

Tré ársins kynnt:

Rússalerki í Kópavogsdal

Tré ársins 2005 er fallett Rússalerki sem finna má í austanverðum Kópavogsdal, við Digranesveg.

Þetta verður kynntviðhátíðlega athöfn í dag þegar formaður Skógræktarfélags Íslands afhendir Gunnari Birgissyni, bæjarstjóra Kópavogs, viðurkenningar-skjal og skjöld sem komið verður upp við tréð.

Tréð var að öllum líkindum gróðursett á árunum 1940 til 1955 á sumarbústaðalandi Kristjónu og Johns Fenger að Digranesbletti 81.



RÚSSALERKIÐ Stórt og staðilegt tré.

Styrktarsýning á Söлку Vöлку í Borgarleikhúsinu á miðvikudaginn í næstu viku:

Ágóðinn rennur til MND félagsins

FÉLAGASAMTÖK Borgarleikhúsið hefur ákveðið að gefa ágóða einnar sýningar af Söлку Vöлку til MND-félagsins, en það er félag fólks með hreyfitaugahrörnun.

Leikstjóri verksins, Edda Heiðrún Backman, er sem kunnugt er haldin MND-hörnnunarsjúkdómnum.

Guðjón Sigurðsson, formaður MND-félagsins, segir gjöf Borgarleikhússins einstaklega höfðinglega. „Þetta er sýnt á stóra sviðinu og því ágætis styrkur ef húsfullir næst,“ segir hann, en salurinn tekur um 530 manns í sæti.

MND-félagið er að hefja söfnun til styrktar rannsóknnum á sjúkdómnum, en hann er banvænn og ekki vitað um orsakir hans.

„Í svona litlu félagi skiptir slíkt framlag sköpum fyrir alla starfsemi, hvort heldur sem það

er útgáfa eða fræðsla. Þetta er í alla staði frábært,“ segir Guðjón.

Styrktarsýningin verður haldin miðvikudaginn 19. október, og kostar 3.000 krónur inn á sýninguna.

Leikritið verður hins vegar frumsýnt núna á laugardaginn.

Ilmur Kristjánsdóttir fer með hlutverk Söлку, Halldóra Geirharðsdóttir leikur Sigurlínu, Ellert A. Ingimundarson leikur Steinþór og Sveinn Geirsson fer með hlutverk Arnaldar.

Með önnur hlutverk fara Bergur Þór Ingólfsson, Birna Hafstein, Guðmundur Ólafsson, Halla Vilhjálmisdóttir, Kristján Franklín Magnús, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Margrét Helga Jóhannsdóttir, Marta Nordal og Theódór Júlíusson.



Á ÆFINGU SÖLKU VÖLKU NÝVERIÐ Myndin var tekin ekki alls fyrir löngu á æfingu á Söлку Vöлку, en hér sást Halldóra Geirharðsdóttir og Ilmur Kristjánsdóttir. Edda Heiðrún Backman leikstjóri.

- óká



The North Face Greenland dömunúlpá
Tilboð 21.990 kr.
 Verð áður 26.990 kr.
 Einnig til í svörtu.



The North Face Windwall II Windstopper
 Vindheld peysa til í herra- og dömusniði.
Tilboð 9.990 kr.
 Verð áður 12.990 kr.



Meindl Island gönguskór
 Með Multigriff Vibram veltisóla með fjöðrun. Fáanlegur í herra og dömu stærðum.
Tilboð 19.990 kr.
 Verð áður 22.990 kr.



Stærri og betri útivistardeild í Glæsibæ

Við höfum opnað nýja og stórbrotna útivistardeild í Glæsibæ, sem er tilvalinn upphafsreitir fyrir fólk í ferðahug. Einstakt úrval af útivistarvörum og þrautreynt starfsfólk tryggja réttan undirbúning og frábæran búnað til útivistar.

ÚTILÍF

Tilboðin gilda frá fimmtudegi til laugardags.

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580



Haust útsala

stendur aðeins í fimm daga!

15-50% AFSLÁTTUR

Saumur og Merking

Skírnarkjólar, eitt verð: **9.900 kr.**
Tilboð á handklæðum með merkingu.

Hygea

50% afsláttur af völdum töskum!

Top Shop

Allt að **50% afsláttur** af völdum haustvörum!

Hagkaup

20-40% afsláttur af völdum vörum!

Skór.is

20-25 tegundir af skóm á einu verði,
eða **1.995 kr.**

Debenhams

50% afsláttur af öllum útsöluvörum!

Levi's

40% afsláttur af völdum bolum!

ISIS

Valdir toppar frá GUESS **20% afsláttur**
og Evita Peroni **25% afsláttur**.

Vero Moda

Florika pils áður 2.490 kr. **nú 690 kr.**

CHANGE

25% afsláttur af völdum vörum.
Bómullarnáttföt áður 5.990 kr.
nú 4.492 kr.

Body Shop

Allar ilmjurtir (potpourri) áður 760 kr.
nú 380 kr. Baðolía (500 ml), hrein með
appelsínuilmi áður 1.490 kr. **nú 745 kr.**

Jack & Jones

Raul peysur áður 3.990 kr. **nú 990 kr.**

BIANCO FOOTWEAR

2 fyrir 1 af öllum dömu og herra
strigaskóm á haustútsölu.

Home Art

Tveir fyrir einn af völdum púðum auk
annarra freistandi tilboða!

Vila

Josephina tunik áður 2.990 kr.
nú 690 kr.

Drangey

Flísfóðraðir leðurhanskar áður 4.300 kr.
nú 3.500 kr.

Dorothy Perkins

50% afsláttur af völdum haustvörum!

Exit

PH Mad úlpur áður 3.990 kr. **nú 990 kr.**

Cosmo

20% afsláttur af öllu nema tilboðsvörum!
Pils áður 6.990 kr. **nú 3.990 kr.**
og leðurjakkar áður frá 18.900 kr.
nú 9.900 kr.

Zink

20% kynningarafsláttur af öllum
haustvörum frá fimmtud. til mánudags.
Sprengitilboð - 50% afsláttur af
völdum vörum meðan birgðir endast!


Intersport

FIREFLY KENNY úlpa áður 5.990 kr.
nú 4.990 kr. og VIKING CHERREOX
fóðruð kuldastrígvél f. börn
verð 2.490 kr.

...ásamt fjölda annarra tilboða!



MEÐALNEYSLA EINHLEYPRA Í YMISLEGT ÁRIÐ 2003



Heimild: Hagstofa Íslands

FBL GREINING: HAFÍSMYNDUN Á NORÐURSLÓÐUM

Af hverju er hafís minni en áður?


Undir lok síðasta mánaðar tók hafís að myndast norður með Austur-Grænlandi, mun seinna og í minna mæli en venja er, að sögn Þórs Jakobssonar veðurfræðings.

Af hverju er minni hafís en áður?

Sérfræðingar segja sveiflur í hafísmyndun verða á fjórum til fimm árum, en hlýnun á norðurslóðum hefur nú áhrif á ísmyndunina. Norðurskautið minnkar og um leið stækkar hafflóturinn sem sólin nær að verma. Eftir því sem sjór hlýnar dregur úr hraða hafísmyndunarinnar.

Hvaða áhrif hefur bráðnunin?

Bráðnun íshellunnar á Norðurskautinu getur haft veruleg áhrif, til dæmis fyrir dýralíf. Ef enginn er ísinn þá hafa ísbirnir heldur



engan viðverustað og hætt við að þeir myndu deyja út.

Geta breytingarnar talist góðar?

Bráðnun íshellunnar hefur í för með sér tækifæri á sviði sjóflutninga og þegar eru nokkrir farnir að huga að því að byggja mætti hér við land stóra umskipunarhöfn. Ný siglingaleið er að opna milli heimsálfa og ólíkt þægilegra að sigla yfir norðurskautið með vörur til og frá Asíu, en fara niður með Afríku eða Ameríku. Því hefur verið spáð að á hundrað árum gæti íshellan horfið alveg og allnokkru fyrir þann tíma verða orðnar til siglingaleiðir sem haldast munu opnar árið um kring.

HAFÍS VIÐ AUSTURSTRÖND GRÆNLANDS
23. SEPTEMBER 2005

baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT OG SVARAÐ ÍMYND AFRIKU

Meira af listum og menningu

Krsítin Loftsdóttir hélt í vikunni fyrirlestur í Reykjavík-akademíunni þar sem hún fjallaði um þá ímynd Afríku í samtímanum. Hún bjó í tvö ár í Níger þar sem hún aflaði sér gagna fyrir doktorsverkefni sitt.



KRSTÍN LOFTSDÓTTIR

Hafa Íslendingar ranga ímynd af Afríku? Ég myndi frekar segja að Íslendingar hafi mjög einhæfa mynd af þessari stóru og fjölbreytilegu álflu því við verðum mest vör við hörmungafréttir þar sem fólk í Afríku er fórnarlamb sem biður eftir hjálp frá Vesturlöndum. Þetta hefur að sjálf-sögðu mikil áhrif á ímynd álfunnar. Einnig virðast miðlar leggja mikla áherslu á lítarhátt en litla áherslu á líf í borgum nema þá ef um spillingu eða eitthvað þessháttar er að ræða.

Hvernig líta Nígerbúar á Evrópubúa? Ég var því miður nokkuð vör við það að fólk af WoDaaBe ættbálknum, sem ég kynntist mest, lítu á Evrópubúa sem nokkurs konar nýlenduherra en þá þannig að þeir sjá Evrópumenn fyrir sér sem ríka og drottandi. Mér er minnisstætt að nokkrir þeirra sem komið höfðu til Evrópu voru hissa á því að hafa séð þar hvít fólk að betla, það var eitthvað sem kom þeim verulega á óvart.

Prófsteinninn á lýðræði og frið

Þjóðaratkvæðagreiðslan um drög að stjórnarskrá Íraks á laugardaginn getur ráðið úrslitum um hvort hægt verði að koma á friði og réttlæti í þessu stríðshrjáða landi. Þjóðfélagsleg sundrun gefur hins vegar ekki tilefni til mikillar bjartsýni.

Á laugardaginn ganga Írakar í annað sinn að kjörborðinu á innan við ári. Í janúar kusu þeir löggjafarþing sem ritaði stjórnarskrá, nú er komið að því að þjóðin segi sína skoðun á plagginu. Fari svo að tilskilinn meirihluti - annaðhvort hreinn meirihluti þeirra sem greiða atkvæði eða 2/3 hlutar kjósenda í þremur af átján héruðum landsins - felli stjórnarskrána eru Írakar aftur komnir á byrjunarreit því þá þarf að endurtaka allt ferlið. Samþykki þeir hins vegar plaggið kjósa þeir nýtt löggjafarþing um miðjan desember.

Blóðugur aðdragandi

Ekki þarf að fara mörgum orðum um vargöldina sem ríkt hefur í Írak síðastliðin misseri en upp-reisnarmenn hafa lokað að valda eins miklum usla og þeir geta. Síðast í fyrradag var gerð bíl-sprengjuárás í borginni Tal Afar í norðvesturhluta landsins þar sem 27 manns fórust og í gær biðu 30 verðandi hermenn bana í árás í sömu borg. Sú staðreynd að öryggisástandið er eins slæmt og raun ber vitni er mjög alvarleg því ótti fólks við árásir kemur í veg fyrir kosningaþátttöku þess.

Góðu fréttirnar eru þær að skráðir kjósendur eru mun fleiri

í þjóðaratkvæðagreiðslunni nú en í kosningunum í janúar. Mestu munar þar um súnnía sem þá voru hvattir til að sniöganga kjörfundinn; nú eru hundruð þúsunda þeirra komnir á kjörskrá enda hafa súnníar verið staðráðnir í að fella stjórnarskrána í atkvæðagreiðslunni.

Þótt á það hafi verið bent að í fjórtán héruðum af átján gangi lífið nokkurn veginn sinn vana-gang þá eru hins vegar rósturnar mestar í þeim héruðum þar sem súnníar búa, til dæmis Anbar-héraði. Því er ekki sjálfgefið að skráðir kjósendur muni mæta á kjörstað þegar ástandið er með þeim hætti sem það er í dag. Þau

Ég vil ekki ganga svo langt að segja að texti stjórnarskrárinnar skipti ekki máli. Aftur á móti skiptir mestu hvernig ákvæðum hennar er hrint í framkvæmd.

öfl sem vilja eyðileggja kjörfundinn á laugardaginn beina með öðrum orðum spjótum sínum að súnníum því þannig helst pólitísk einangrun þeirra og óánægja og af henni leiðir meiri ólga í landinu.

Spurningin um súnníana

Þar sem súnníar sniögungu kosningarnar í janúar hafa sjár og Kúrdar töglin og hagldirnar á íraska þinginu og er stjórnarskráin nær eingöngu þeirra verk. Súnníar eru hins vegar æfir yfir ýmsum ákvæðum stjórnlagafrumvarpsins. Þeir óttast sér-staklega hugmyndir um að héruð geti sameinast í hálf-sjálftæðar einingar, að Írak verði að nokkurs konar sambandsríki. Í slíku ríki búast þeir við að verða settir til hliðar á „söndunum í Anbar“ á meðan Kúrdar og sjár njóta góðs af olíugróðanum - stjórnarskráin kveður á um að í „tiltekinn tíma“ muni þau héruð sem búa yfir olíu og sættu ofsóknum á Baath-tímabilinu fá stærri hlut en önnur af tekjum af olíusölu. Kúrdar og sjár munu halda sínum vopnuðu sérsveitum í slíkum ríkjum enda viðurkenna bandarískir embættismenn að ólíklegt sé að afvopnun slíkra sveita verði að veruleika í bráð, meðal annars vegna þeirrar gagnkvæmu tortryggni sem ríkir milli þjóðfélagsþópanna.

Vegna þessara og ýmissa annarra atriða er vandséð að þessi stjórnarskrá sé gott framlag til að tryggja frið í landinu. Frekar virðist farsæla að drögin verði felld og nýtt þing þar sem súnníar hafa meiri völd skrifi ný drög. Háttsettur embættismaður í bandaríska utanríkisráðuneytinu sem Fréttablaðið ræddi við sagði slíkar vangaveltur eðlilegar. „Ég vil hins vegar ekki ganga svo langt að segja að texti stjórn-



KJÓSIÐ RÉTTI! Þessar skólalútlur í sjálabænum Najaf virðast nokkuð hlynntar stjórnlagafrumvarpinu. Þær hafa þó tæpast aldur til að greiða atkvæði á laugardaginn enda þótt plaggið muni án efa hafa talsverð áhrif á framtíð þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/AF

arskrárinnar skipti ekki máli. Aftur á móti skiptir mestu máli hvernig ákvæðum hennar er hrint í framkvæmd. Þannig á eftir að semja lög sem kveða nánar um útfærslu á um áttatíu ákvæðum plaggisins svo að súnníar hafa svo sannarlega ennþá tækifæri til að hafa áhrif á hvernig stjórnskipun landsins verður háttað.“

Vindáttin að snúast?

Með þetta í huga er ekki skrifid að margir fagni tíðindum þriðjudagsins um að einn stærsti stjórnmálaflokkur súnnía hafi ákveðið að láta af andstöðu sinni við stjórnarskrárdrögin gegn því að sjár og Kúrdar beiti sér fyrir því að komið verði á sérstakri stjórnlaganefnd sem taki plaggið til endurskoðunar strax að loknum kosningum. Þótt enn sé of snemmt að segja hvaða áhrif samkomulagið hefur á almenn-ing verður að teljast líklegt að þessi sinnaskipti stjórnmála-

leið toga súnnía muni skila sé í fleiri já-ákvæðum umbjóðenda þeirra. Ástæðan er einfaldlega sú að samkomulagið gefur súnníum ríka ástæðu til að halda áfram að starfa innan stjórnmálastofnana ríkisins.

Á hinn bóginn hlýtur þessi staða að teljast nokkuð einkennileg því á laugardaginn eru Írakar að greiða atkvæði um plagg sem allt eins líklegt er að muni gjörbreytast nánast um leið og atkvæðin hafa verið talin upp úr kössunum, verði það á annað borð að lögum. Því má spyrja hvort ekki hefði hreinlega verið farsæla að gefa þinginu lengri frest til að semja stjórnarskrárdrögin og kjósa um þau svo.



FRÉTTASKÝRING
SVEINN GUÐMARSSON
sveinn@frettabladid.is

Rakavarnarplast, plastdúkar og þétti-bönd á frábæru verði



Raka- og vatnsþéttiefnin frá Múr-búðinni eru hágæðavara á verði sem kemur verulega á óvart. Komdu og gerðu samanburð á verði og gæðum.



MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kleithálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Enn betra verð 2.985.000 kr. fyrir fullbúinn alvörujeppa



HVÍTA HÚSID / KIA - 4053

KIA Sorento er frábær jeppi byggður á grind með aflmikilli 140 hestafla turbo dísilvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu. Auk þess ríkulega búinn með ABS hemlakerfi, tvískiptum afturhlera, álfelgum, þakboga og mörgu fleiru. Þetta er jeppi sem þú verður að prófa.

KIA er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

Á öllum KIA bílum er 3 ára ábyrgð.



KIA fer fram úr helstu bílaframleiðendum heimsins
Í nýrri gæðakönnun JD Power varð KIA Sorento sigurvegari í flokki aldrifsbíla og sá eini sem fékk 5 stjörnur.



KIA MOTORS



KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.


Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700

NEYTANDINN: ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON

Tvö skópör á verði þriggja

Ein verstu kaup sín gerði Ólafur Helgi Kjartansson, sýslumaður á Selfossi í desemberbyrjun 1973. Þá var hann staddur í Ósló og sá þar fin stígvél með háum hælum. „Ég mátaði skóna og eftir að í ljós kom að þeir pössuðu var þeim pakkað í kassa.“ Sparnaðurinn var reyndar ekki eins góður og Ólafur hélt því þegar heim kom sá hann að báðir skórnir voru á vinstri fótinn. Hann skrifaði því búðinni sem lofaði að selja honum tvo hægri skó á hálfvirði. „Ég taldi það vera góð kaup þangað til ég þruffti að leysa þá úr tollinum.“ Fyrir skóinnfluttninginn þurfti Ólafur að borga eitt og hálf skóverð og því keypti hann tvö pör á verði þriggja. „En ég var í þessum skóm þegar ég hitti konuna mína, þannig að kannski voru þetta ekki svo slæm kaup.“

Bestu kaupin segist Ólafur hafa gert síðar sama sumar þegar hann var staddur í Þýskalandi. „Ég keypti þar skærgulan mitt-ísjakka á markaði.“ Skómmu síðar fann hann svo skærgular útvíðar buxur með broti og segist því hafa orðið tiskukóngur í nokkra daga þegar hann kom heim. „Ég var aðeins á undan tiskunni. Þetta vakti mikla athygli og þá var tilganginum náð.“ Ólafur segir að þessi fót séu enn til á heimili sínu, börnunum til mikillar ánægju.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur

hagur heimilanna

■ HVAÐ KOSTAR... Í KEILU?

Dýrara á kvöldin

Í Keiluhöllinni í Öskjuhlíð er verð misjafnt og fer það eftir því á hvaða tíma dags er spilað. Fyrir börn að tólf ára aldri kostar 350 krónur að fara í keilu fyrir klukkan fimm á daginn en ódýrara er að spila fleiri leiki. Fyrir fullorðna á þessum tíma kostar leikurinn 450 krónur. Eftir klukkan fimm kostar 550 krónur fyrir alla. Þegar diskókeila er í gangi í Keiluhöllinni er dýrara að spila; kostar 650 krónur. Í Keilu í Mjódd spila börn fyrir 270 krónur til klukkan sex. Frá sex til átta kostar það þau 380 krónur en eftir það er leikurinn á 540 krónur fyrir alla. Fullorðnir fá leikinn á 440 krónur fyrir klukkan sex.

Skór og kúlur fylgja með í öllum tilvikum en hvorugur staðurinn býður upp á hópafslátt.



■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Sala á ferðum til nýrra áfangastaða



Sala á ferðum Iceland Express til nýrra áfangastaða flugfélagsins hófst í gær. Félagið hefur frá stofnun þess árið 2003 aðeins flogið til Kaupmannahafnar og London en bætir nú sex nýjum evrópskum borgum í safnið. Þetta eru Stokkhólmur, Gautaborg, Berlin, Friedrichshafen, Alicante og Frankfurt Hahn.

Félagið byrjar að fljúga á þessa staði 16. maí á næsta ári, en þeir fyrstu sem panta fá hin allra ódýrustu sæti fyrir tæpar átta þúsund krónur aðra leið með sköttum. Hægt er að panta flugmiða á www.icelandexpress.is

■ VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Reynslusögur úr mótuneytum

Ráðstefnan Stórelldhús og mótuneyti verður haldin á vegum Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands á morgun á Grand hóteli Reykjavík, frá klukkan hálf eitt til fimm. Ráðstefnan er haldin í tilefni hins árlega Matvæladags en fjallað verður um hvað er efst á baugi í þessum efnunum auk þess sem sagðar verða reynslusögur úr veruleika íslenskra mótuneyta. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra setur ráðstefnuna.

DVD

Kjartan Gunnarsson

ÞREFALDUR MILLJARÐA- MÆRINGUR

Á hús og jarðir
um allt land

Þeirir þegar aðrir þegja!

Vextir bankanna eru ekki náttúrulögmál

Fólk getur notið betri kjara en kveðið er á um í vaxta-öflum banka og sparisjóða. Formaður Neytendasamtakanna segir vexti ekki náttúrulögmál og hvetur fólk til að ganga hart fram í samningum við bankann sinn.

Almenningur greiðir jafnan nokkuð háar fjárhæðir í vexti af lánum banka og sparisjóða og finnst sumum nóg um. Dæma má af svörum banka og sparisjóða við fyrirspurn Fréttablaðsins um vaxtakjör að fólk geti krafist hagstæðari vaxtakjara og í sumum tilvikum eru vextir umsemjanlegir.

„Verðskrá banka og sparisjóða varðandi vexti er teygjanleg,“ segir í svari Sparisjóðs Hafnarfjarðar og í svari Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis segir; „Varðandi vextina sérstaklega þá eru þeir oft umsemjanlegir.“ Þeir fyrirvarar eru þó hafðir á að viðskiptavinirnir séu traustir, sem og veð þeirra og tryggingar.

„Vextir eru ekki náttúrulögmál,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Vextir eru samningsatriði eins og allt annað sem falt er á markaði og þess vegna hvet ég neytendur mjög eindregið til að ganga eins hart fram í samningum við bankann og þeir mögulega geta.“ Jóhannes bendir á að mýmörg dæmi séu um að viðskiptavinur sem fastur er á sínu nái betri



VERDBÓLGA. NEYSLA. PENINGAR. PENSLA.

árangri en sá sem tekur því sem að honum er rétt.

Af svörum þeirra fjármálafyrirtækja sem svöruðu spurningum Fréttablaðsins má sjá að meginreglan sé sú að vextirnir ráðist af umfangi viðskiptanna, auk traustsins. „Því meiri viðskipti því betri vextir,“ segir í svari Íslandsbanka og frá Sparisjóði Vélstjóra bærust þau svör að viðskiptavin-

GÓÐ HÚSRÁÐ

■ Sveitarstjóri Dalabyggðar, Haraldur Línal Haraldsson, vitnar í forna austurlenska vísku þegar hann er spurður um húsráð.

„Japanar held ég að eigi sér málshátt sem segir að maður verði ekki ríkur af því sem maður þénar, heldur af því sem maður sparar,“ segir hann og bendir á að eins og verslunarháttum sé hagað í dag sé ljóst að vöruverð sé mjög misjafnt. „Með því að gæta þess að kaupa inn á sem hagstæðustu verði má örugglega auka ráðstöfunartekjur sínar verulega,“ segir hann og telur að stundum skorti á að fólk horfi til þess í hvað peningunum sé eytt. Hann segir ráðið eiga jafnt við úti á landi sem á höfuðborgarsvæðinu, enda fjölgi stöðugt lágvörverslunum með mat og þá borgi sig að gera verðsamunur á öðrum sviðum líka.



Miklar breytinga í rekstri raftækjaverkstæða með breyttum neysluháttum fólks:

Fólk lætur minna gera við

RAFTÆKI Verulegar breytingar hafa orðið á því hvaða augum fólk lítur raftækini sín og hvort það lætur gera við þau ef þau bila.

„Við sjáum stórfelldar breytingar, sérstaklega síðasta árið,“ segir Þórir Georgsson hjá Radíóverkstæðinu Sóni. „Myndböndin eru nánast að hverfa og myndi ég skjóta á að bara í myndbands-tækjum væri svona 80 prósentu samdráttur.“ Hann segir að fólk hiki ekki orðið við að henda ódýrari raftækjum frekar en fara með þau í viðgerð, en helst sé það fólk á og yfir miðjum aldri sem enn vilji láta gera við. „Þetta virðist í auknu mælim orðin stefnan að henda hlutum og búa til mikla sorphauga.“

Þórir segir DVD-tæki að taka yfir og eins séu nýjar tegundir sjónvarpa að taka við af hefðbundnum „túbutækjum“ og þar séu mest áberandi tæki með fljóttandi kristal. „Sony er til dæmis að skipta alveg yfir í LCD-tæki.“

Þórir segir veltu hjá sér hafa dregist töluvert saman milli ára



ÞÓRIR GEORGISSON Þórir er eigandi Radíóverkstæðisins Sóns ehf., en hann segir breytta neysluhátti fólks hafa áhrif á reksturinn.

vegna þróunarinnar. „Stafrænar myndavélar hafa reyndar komið svoltið inn sem plástur í staðinn fyrir vídeótækini og svo þetta hefðbundna eins og hljómtæki,

magnarar og annað. En geislaspilrarar eru náttúrlega líka ódýrir þannig að minna er gert við þá heldur en var. Þannig að það eru miklar breytingar.“

- ÓKA



HR HELENA RUBINSTEIN



SÉRFRÆÐINGAR HELENA RUBINSTEIN
LEIÐA ÞIG INN Í TÖFRAHEIM FÖRÐUNAR
OG AÐSTOÐA VIÐ VAL Á HÚÐSNYRTI-
VÖRUM SEM GETA GJÖRBREYTT
LÍÐAN OG ÁSÝND HÚÐARINNAR.

TSARINE

HAUST 2005
HANNÐ AF CHARLOTTE TILBURY



www.helenarubinstein.com

Gjöfin þín* að verðmæti 6.600 kr.**

- Falleg taska
- Face Sculptor krem 15ml
- Night Sculptor næturkrem 5ml
- Eye Sculptor augnkrem 3ml
- Face Sculptor farði 5ml
- Stellars Gold varalitur

*gildir á meðan birgðir endast

**þegar keyptar eru HR vörur fyrir 5.500 kr. eða meira



HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Fæst í snyrtivöruverslun
Hagkaupa Kringlunni

skoðun

SJÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON

Björn Bjarnason þarf ekki að furða sig á viðbrögðum við eigin skrifum:

Samhengið í orðum Björns

Björn Bjarnason er hissa á þeirri umræðu sem varð í kjölfar ummæla hans um Baugsmálið á heimasíðu hans. Þar segir Björn: „Réttarkerfið hefur ekki sagt sitt síðasta orð í málinu. Lögheimildir eru til þess, að ákærvaldið taki mið af því, sem fram hefur komið hjá Hæstarétti við frekari ákvarðanir um framhald málsins.“

Þessi ummæli hafa orðið tilefni gagnrýni stjórnarandstöðu á þeirri forsendu að þarna sé dómismálaráðherra, sem er yfirmaður ríkislögreglustjóra og ríkissaksóknara, að setja fram leiðbeiningar til ákærvaldsins um framhald máls sem enn er til meðferðar. Ljött ef satt væri. Björn hefur vísað þessari túlkun á bug og er það vel. Hann segir að í orðum sínum hafi ekki falist annað en að hann hafi verið að segja almælt tíðindi um að málinu sé ekki lokið.

Í ljósi þess að ákveðinn kjarni í Sjálfstæðisflokknum sem stendur dómismálaráðherra nærri hafði bein afskipti af upphafi og því að heitustu skoðanabræður hans hafa ekki farið leynt með andstöðu sína á Baugi og forystumönnum fyrirtækisins, er sú umræða sem Björn Bjarnason furðar sig á í hæsta máta eðlileg.

Hitt dylst engum sem lesið hefur dagbókarfærslur dómismálaráðherra að hann telur þá fjölmiðla sem hann kallar svo smekklega Baugsmiðla, ekki til sinna kærustu vina. Hann notar hins vegar þá klókkindalegu aðferð að tala sjálfur í hálfkveðnum vísnum, en nota dylgjur um starfsmenn 365 miðla með þeim hætti að vitna í aðra. Það er auðvitað skynsamlegt af ráðherra að sverta sig ekki með því að nota eigin orð um það sem hann kys á birta á heimasíðu sinni og gera með því að sínu.

Í ljósi þess að ákveðinn kjarni í Sjálfstæðisflokknum sem stendur dómismálaráðherra nærri hafði bein afskipti af upphafi og því að heitustu skoðanabræður hans hafa ekki farið leynt með andstöðu sína á Baugi og forystumönnum fyrirtækisins, er sú umræða sem Björn Bjarnason furðar sig á í hæsta máta eðlileg. Tilvitnuð orð hans eru hins vegar margræð, en ætla má að innmúraðir og innvígðir skilji hvert langanir hans stefna. Þegar afstaða ráðherrans er skoðuð í heild er ekki að undra að menn efist um að orð hans um dómismál, sem ekki er að fullu lokið og er jafnframt pólitískt hitamál, beri ekki vott um mikla dómgreind.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hefst í dag. Þar eru nokkur tímamót þar sem nýr formaður tekur við flokknum. Geir H. Haarde hefur reynt farsæll forystumaður í Sjálfstæðisflokknum og málflutningur hans almennt einkennst af stillingu. Sú þráhyggja sem einkennt hefur málflutning Davíðs Oddssonar og Björns Bjarnasonar með hljómgrunn í leiðaraskrifum Morgunblaðsins virðist ekki hafa átt upp á pallborð Geirs. Ef marka má drög að landsfundarályktunum flokksins er ekki að vænta ályktana í anda valdapólitíkur og skotgrafahernaðar þeirrar klíku í flokknum sem haft hefur tögl og hagldir undanfarin ár. Þvert á móti bendir margt til þess að flokkurinn muni nú beina kröftum sínum að frjálslyndri borgarastefnu. Það er vonandi að með breyttri forystu í Sjálfstæðisflokknum hverfi einnig málflutningur sem á tíðum hefur verið eins og stílæfingar upp úr píslarsögu síra Jóns Magnússonar og samtíða valdsmanna hans á Vestfjörðum.

SÓMI

SÓMA LANGLOKA

FERSKT

FERSKT Í BÚÐIR Á HVERJUM DEGI

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kátt í Höllinni

Hermt er að á hátíðardagskránni við setningu landsfundar Sjálfstæðisflokksins í dag verði leylinúmer sem öllum muni koma á óvart en áreiðanlega vekja hrifningu og stemningu í Laugardalshöllinni. Undir skilnaðarræðu formannsins, Davíðs Oddssonar, muni vösk sveit manna í einkennisbúningum þramma í salinn, taka sér stöðu á aðalsviðinu og hefja upp raust sína þegar formaðurinn gefur merki. Þetta mun vera Lögreglu-kórinn - sem þennan dag fær frí frá rannsókn Baugsmálsins - og hann ætlar að syngja „Ekki benda á mig...“ og nokkra smelli af nýjstu plötunni „Hæfileg refsing“ sem allir landsfundarfulltrúar fá síðan í skilnaðargjöf frá formanninum.

Ekki lengur marktækur

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður

Samfylkingarinnar, er óvenju harðorð í Morgunblaðsgrein í gær. Hún gerir trúverðuleika Styrmis Gunnarssonar ritstjóra blaðsins að sérstöku umræðuefni. Ekki fer á milli mála að þar hefur hún í huga upplýstranir tölvupóstanna frá. „Eftir að hyggja átti hann mikinn þátt í þeirri sérkennilegu umræðu sem varð í kjölfar ræðunnar [í Borgarnesi 2003]. Og enn klappar hann sama steininn. En mér má standa á sama. Þá höfðu orð hans vigt, en ekki lengur. Svo er honum sjálfum fyrir að þakka eða um að kenna.“

Nýir tímar?

Hart var deilt á Björn Bjarnason dómismálaráðherra á

Alþingi á þriðjudaginn vegna ummæla hans um rannsókn Baugsmálsins. Vildu sumir skilja þau þannig að hann væri að láta lögreglufrivöld vita af því hver „línan“ væri í málinu í ráðuneytinu. Þótt Björn hafni því sjálfur blasir við að þetta voru einkar óheppileg skrif frá æðsta yfirmanni réttarkerfisins. Athygli vakti að í umræðum á þinginu voru það aðeins frændi Björns, Bjarni Benediktsson, og Sigurður Kári Kristjánsson sem komu honum til varnar, en enginn úr forystusveitinni. Geir H. Haarde var á staðnum en sagði ekki orð frekar en aðrir ráðherrar flokksins og formaður þingflokksins. Ýmsir velta því fyrir sér hvort þetta endurspegli ný valdahlutföll í Sjálfstæðisflokknum.

gm@frettabladid.is

Lög án landamæra

Heimurinn er alltaf að minnka. Það stafar af því, að menn sjá sér hag í sífellt nánari samskiptum sín í milli innan lands og utan. Greiðari viðskiptum fylgja bæði kostir og gallar. Kostirnir eru þeir, að menn geta þá með léttara lagi en ella flutt til sín og tileinkað sér margt af því bezta, sem aðrar þjóðir hafa upp á að bjóða. Vandinn er sá, að mönnum tekst þá e.t.v. ekki til fulls að stemma stigu við innstreymi ýmislegs ófagnaðar, t.d. eiturlyfja. Hitt vegur þó miklu þyngra, eða svo mun flestum finnast með rök og reynslu að leiðarljósi, að frjáls-um viðskiptum fylgja drjúgar lífskjarabætur, sem gengju mönnum ella úr greipum. Menn loka ekki löndum til að girða fyrir eiturlyf. Frívæðing íslensks efnahagslífs í krafti EES-samningsins síðan 1994 hefur skipt sköpum: enginn annar einstakur atburður hefur á undanförmum árum valdið viðmóta straumhvörfum í þjóðlífinu.

Gagníð af EES-samningnum er ekki bundið við grósku í efnahagslífinu. Hann hefur einnig gert Íslendingum kleift að dreifa dómvaldinu að nokkru leyti út fyrir landsteinana og deila því í auknum mæli með öðrum. Viðskipti eru valdreifingartæki. Íslendingar hafa hag af því, að þeir geta nú í ríkari mæli en áður leitað réttar síns í útlöndum, t.d. fyrir Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum, telji þeir innlenda dómstóla hafa brotið á sér. Aðhaldið, sem í þessu felst, hlýtur með tímanum að bæta og efla dómskerfið líkt og aukin samkeppni á öðrum sviðum. Í krafti næmari skilnings á nauðsyn þess, að lög nái yfir landamæri, eftir því sem hægt er og þurfa þykir, hika menn síður nú en áður við að áfrýja eða vísa málum út, svo sem til Mannréttindadómstólsins í Strassborg í Frakklandi, en þar hafa Íslendingar unnið ýmis mál, sem þeir höfðu áður tapað heima fyrir.

Í DAG HNATTVÆÐING DÓMSMÁLA



PORVALDUR GYLFASON

„Gagníð af EES-samningnum er ekki bundið við grósku í efnahagslífinu. Hann hefur einnig gert Íslendingum kleift að dreifa dómvaldinu að nokkru leyti út fyrir landsteinana og deila því í auknum mæli með öðrum.“

Af þeim málarekstri hefur leitt ýmis tímabær nýmæli í íslenskri löggjöf og réttarfari, t.d. eftir frækilegan sigur Þorgeirs Þorgeirssonar rithöfundar gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu 1992. Mannréttindadómstóllinn er alþjóðadómstóll og hefur enga lögsögu á Íslandi, þar eð löggjafarvaldið hér er í höndum Alþingis. Hann getur því ekki sagt annað en það, að tilteknir dómur brjóti í bága við Mannréttindasáttmálann, sem Íslendingar hafa undirritað. Þann úrskurð fellði dómstóllinn um dóm Hæstaréttar gegn Þorgeiri fyrir að hafa brotið gegn svohljóðandi ákvæði þágildandi hegningarlaga: „Aðdróttun [um ríkisstarfsmann], þótt sönnuð sé, varðar sektum ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt,“ en Þorgeir hafði skrifað tvær hvassar blaðagreinar um harðræði lögreglunnar gegn saklausum manni. Sigur Þorgeirs í Strassborg varð til þess, að greinin, sem hann hafði verið dæmdur eftir í Hæstarétti,

var felld úr lögum. Ósigur ríkisins í öðru óskyldu máli í Strassborg varð til þess, að ákærvald var loksins skilið frá dómvaldi.

Flestum nema sakamönnum þykir það sjálfsagt og eðlilegt, að löggæzla nái yfir landamæri, svo að lögbrot geti ekki skotið sér undan refsingu með því að flýja land. Til þess höfum við alþjóðalögregluna Interpol. Þess vegna gerði íslenska lögreglan húsléit á Íslandi um daginn að frumkvæði brezku lögreglunnar. Er það þá ekki með líku lagi eðlilegt, að lögsaga dómstóla nái einnig yfir landamæri, eftir því sem við á? – svo að fórnarlömb glæpa hafi sem bezt skilyrði til að leita réttar síns. Svárið blasir við, þegar um er að ræða lögbrot, sem teygja sig yfir landamæri – t.d. atvinnurög og illmælgu um menn í öðrum löndum. Sama á einnig við um önnur innlend lögbrot, sem bitna á fólki í öðrum löndum og hægt er í sumum tilvikum að sækja menn til saka fyrir erlendis. Tökum dæmi.

Dómkerfið heima fyrir megnaði ekki að taka á kærnum á hendur Augusto Pinochet, einræðisheirranum fyrrverandi, fyrir mannréttindabrot í stjórnartíð hans í Síle. Síleanska þjóðin var klofin í afstöðu sinni til Pinochets, og dómkerfið skorti þrek og þor. Það var ekki fyrr en brezka lögreglan handtók og kyrrsetti Pinochet í London að kröfu spænsks saksóknara, Baltasars Garzon, að Sílebúum óx kjarkur til að takast á við vandann. Aðkoma Spánverjans að málinu helgaðist af því, að meðal fórnarlamba Pinochets voru nokkrir Spánverjar. Þannig gerðist það, að Pinochet var að endingu sóttur til saka í Síle fyrir mannréttindabrotin, sem voru á allra vitorði. Við rannsóknina varð hann einnig uppvís að mikils háttar mútupægni. Þungu fargi var létt af þjóðinni. Hann bíður nú dóms.

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

**Mest lesna
viðskiptablaðið**



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: vísir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ÍSN 1670-3871

Allt í einni ferð

gerðu þér glaðan dag



Bautabúrs grillborgarar
299 kr/pk



Helgargrís að indverskum hætti
1299 kr/kg
Þú sparar 449 kr. per kg



X-tra hvítlauksbrauð 2 stk.
99 kr/pk

Ódýrt



X-tra brokkólí - 1 kg.
199 kr/pk

Ódýrt



X-tra blómkálsblanda - 1 kg.
139 kr/pk

Ódýrt



X-tra franskar kartöflur - 1 kg.
149 kr/pk



Ódýrt

Náttúru pizzur
99 kr/pk



Náttúra thai wokblanda
199 kr/pk

Náttúra ítösk wokblanda
199 kr/pk

Náttúra kína wokblanda
199 kr/pk

Náttúra austurl. wokblanda
199 kr/pk

DVD
markaður



DVD myndir
799 kr/stk

Ódýrt

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 13. -16. okt. eða á meðan birgðir endast.

Nettó - Akureyri - Akranesi - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi

nettó

Kæruleysi Samfylkingar í kanínnumálum

UMRÆÐAN
KANÍNUR



MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON

Össur Skarphéðinsson alþingismaður og doktor í líffræði fer víða háðuglegum orðum um að Frjálslyndi flokkurinn ætli nú að beita sér fyrir frumvarpi til að koma í veg fyrir lausagöngu kanína. Fyrirverandi formaður Samfylkingar gerir sér enga grein fyrir því að kanínur ógna nú vistkerfi í Vestmannaeyjum. Við verðum að fjarlægja þær með öllum tiltæk-

um ráðum, áður en það verður of seint.

Kanínur búa til stórar neðanjarðarbyggðir sem þær grafa út í jarðveginn. Híbyli með ótal göngum og herbergjum á milli. Kanínur fjölga sér mjög ört. Ein kerling getur gotið fimm sinnum á ári, og átt allt að tólf unga í hverju goti. Kynþroskaaldurinn er aðeins rúmt hálf ár. Kanínur hafa náð að nema land í Heimaey í Vestmannaeyjum, eftir að gæluðyr hafa sloppið laus. Líffsskilyrði eru þar hagstæð. Nefna má nokkrar ástæður. Í dýraríkinu þar eru fáir náttúrulegir óvinir sem veiða kanínur sér til matar. Hvorki refur né minkur finnst í Eyjum. Önnur ástæða er að þær koma að dúkuðu borði þegar hús og híbyli eru ann-

ars vegar. Þetta eru lundaholurnar í hlíðum eyjarinnar, sem fuglarnir hafa grafið út í jarðveginn til að hreiðra um sig á sumrin til að verpa og koma upp ungunum. Kanínur eru þekktir tækifærissinnar, hvar sem þær koma. Freydis Vigfúsdóttir líffræðingur hefur rannsakað áhrif kanína á lundabyggð í Heimaey og skilað um þær ritgerð sem finna má á vef Rannsóknna- og fræðaseturs í Vestmannaeyjum. Hún sýnir ótvírátt fram á að í Heimaey hafa kanínurnar fundið sér skjól í lundaholum. Þær grafa holurnar út, og gera göng á milli þeirra. Lundinn hreks á brott, og tapar þar með sínum dýrmætu útungunum og uppeldisstöðvum. Aðskotadýrin hreiðra um sig. Koma upp fjölskyldum. Naga rætur

og éta gróðurinn á yfirborði jarðar. Holnagrófturinn eykur svo hættu á upplæstri og jarðvegseyðingu. Hætt er við að jarðvegur skríði hreinlega í sjó fram í leysingum, í bröttum hlíðum Heimaeyjar eftir að kanínurnar hafa grafið allt í sundur. Þar með glatast búsvæði lunda og annarra sjófugla um langan tíma, og óvíst að fuglarnir snúi nokkru sinni aftur. Jafnvel Dr. Össur líffræðingur ætti að skilja að jafnvægi vistkerfisins er ógnað af mörgum orsökum sem rekja mætti til kanínanna.

Ég tel brýnt að sem fyrst verði brugðist við kanínuplágunni á Heimaey. Þetta er raunverulegt umhverfisvandamál sem getur orðið mjög slæmt og valdið tjóni sem seint verður bætt. Frjálslyndi flokkurinn

tekur umhverfismál af meiri alvöru en Samfylkingin og fyrrum formaður hennar og umhverfisráðherra. Þess vegna leggjum við fram þingmál til að leysa þennan vanda, og opna á bann við kanínur í fuglaeyjum umhverfis Ísland. Fróðlegt væri að vita hvort Lúðvík Bergvinsson bæjarfulltrúi og þingmaður Samfylkingar í Vestmannaeyjum deilir léttuð 1. þingmanns Reykjavíkur norður í þessu máli. Á meðan við biðum eftir svári getum við slegið því föstu að það væri hreint ábyrgðarleysi að treysta Samfylkingunni fyrir umhverfisráðuneytinu á nýjan leik.

Höfundur er alþingismaður Frjálslynda flokksins.

Framsókn verkfæri Sjálfstæðisflokksins

UMRÆÐAN
FRAMSÓKN OG
FÉLAGSHYGGJAN



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

„Steingrímur er síðasti formaður Framsóknarflokksins, sem hélt tryggð við hina gömlu stefnu Framsóknar, samvinnustefnu og félagshyggju. Núverandi forysta Framsóknarflokksins hefur varpað þeirri stefnu fyrir róða og tekið upp ómengaða íhaldsstefnu.“

Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra, gagnrýnir Framsóknarflokkinn harðlega í athyglisverðu viðtali, sem birtist við hann 3. október sl. í Blaðinu. Steingrímur segir: „Mér finnst Framsóknarflokkurinn hafa verið um of verkfæri Sjálfstæðisflokksins.“

Þetta eru eftirtektarverð ummæli. Ég hefi bent á þetta sama í mörgum greinum mínum, t.d. hvernig Framsókn lét Sjálfstæðisflokkinn ráða f rðinni í Íraskmálinu og þegar Þjóðhagsstofnun var lögð niður. En þegar fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins segir þetta sama hljóta menn að leggja við hlustir og sjá að þetta er rétt.

Steingrímur segir: „Þegar ég ólst upp í Framsóknarflokki heyrði ég mikið talað um félagshyggju, samhjálp og velferðarkerfi, sem byggði á félagshyggju. Þessi orð heyrast varla nefnd í dag. Ég spyr mig stundum: Hver er hugsjónin?“ Steingrímur gagnrýnir græðgis-

þjóðfélagið og segir, að menn séu jafnvel farnir að boða að græðgi sé nauðsynleg til þess að efnahagslífið blómstri. „Þetta vil ég ekki samþykka. Við þurfum að standa gegn græðginni.“ Steingrímur gagnrýnir einnig ráðgerðar skattalækkanir og segir, að stjórnmálamaðni eigi ekki að lækka skatta þegar þeir geti ekki séð fyrir þörfum fólksins. Þá gagnrýnir hann einnig eftirlaunalögin, sem hækkuðu eftirlaun stjórnmálamaðna. Einnig gagnrýnir Steingrímur stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum og efnahagsmálum. Hann segir, að stjórnmála vanti hugsjón og stefnu á sviði umhverfismála.

Þegar viðtalið við Steingrím er lesið sést, að furðumikið í skoðunum hans er samhljóða skoðunum jafnaðarmanna í Samfylkingunni. Steingrímur gagnrýnir græðgina og misþingninguna í þjóðfélaginu en það er einmitt rauði þráðurinn í málflutningi og stefnu Samfylkingarinnar. Og hann gagnrýnir Framsókn fyrir þjónkun við Sjálfstæðisflokkinn. Steingrímur Hermannsson er mjög merkur stjórnmálamaður. Hann er síðasti formaður Framsóknarflokksins, sem hélt tryggð við hina gömlu stefnu Framsóknar, samvinnustefnu og félagshyggju. Núverandi forysta Framsóknarflokksins hefur varpað þeirri stefnu fyrir róða og tekið upp ómengaða íhaldsstefnu. Það er einmitt þess vegna sem stjórnmálsstarf Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins hefur staðið svo lengi. Það er vegna þess, að Framsókn fylgir stefnu Sjálfstæðisflokksins í einu öllu. Þetta á við um einkavæðingu, þetta á við í skattamálum og þetta á við í félagsmálum. Það hefur haft forgang að lækka skatta atvinnurekenda og hátekjumanna. Og í félagsmálum hafa félagsleg gildi verið látin lönd og leið, félagslega íbúðakerfið lagt niður og niðst á öldruðum og öryrkjum í kjaralegu tilliti. ■

Ófrávíkjanlegt frelsi í alröngum höndum

UMRÆÐAN
SJÁLFTÆÐIS-
FLOKKURINN



JAKOB FRÍMAGN MAGNÚSSON

„Tilboð formanns Alþýðuflokksins um að fá afhent á silfurfati sjálft forsætisráðuneytið gegn því að láta af andstöðunni við EES var óneitanlega freistandi og í raun eini valkostur hins unga og nýbakaða formanns íhaldsins ef hann ætlaði að bjarga frama sínum og heiðri.“

Hinn litríki stjórnmálafrömuður, Davíð Oddsson, tók sína stærstu pólitísku áhættu vorið 1991 er hann ákvað að bjóða sig fram til formanns Sjálfstæðisflokksins gegn sitjandi formanni, æskuvini sínum og samherja frá Selfossi, Þorsteini Pálssyni. Eftir harðvítuga baráttu og nauman sigur Davíðs stóðu báðir eftir öröttir og Sjálfstæðisflokkurinn klofinn í tvær fylkingar. Við þær aðstæður var það lífsnauðsynlegt pólitískri framtíð Davíðs Oddssonar - og eðlilegt metnaðargjörnum manni - að komast í ríkisstjórn eftir kosningarnar sem fram fóru síðar sama vor.

Rétt er að rifja upp að aðeins einn flokkur í ríkisstjórn Framsóknarflokks, Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Borgarflökks sem setið hafði árin tvö þar á undan var á þessum tíma fylgjandi aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Það var Alþýðuflokkurinn sem undir forystu Jóns Baldvins Hannibalssonar barðist fyrir því máli einn flokka á Alþingi. Sjálfstæðisflokkurinn og Kvinnalístinn voru sömuleiðis mótfallnir slíki aðild en Sjálfstæðisflokkurinn hafði um tíma uppi óraunhæft tal um einhvers konar tvíhliða samninga um fisk við Evrópusambandið.

Hvers vegna skyldu umræddir flokkar hafa verið þessu mótfallnir? Flestir af gamaldags ótta við hið óþekktu og það að glata tiltölulega nýfengnu sjálfstæði þjóðarinnar. Forystumenn helmingaskiptaflokka Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks vissu jafnframt sem var, að með inngöngu í Evrópska efnahagssvæðið mundu séríslensk forréttindi og klíkuskapur heyrja sögunni til að verulegu leyti, samevrópsk samkeppnislöggjöf myndi riðla því einokunar- og fákeppnisástandi sem hér hafði verið við lýði um áratugaskeið. Fjölskyldurnar fjórtán í Kolkrabbagöngu myndu þurfa að laga sig að nútímalegri og samevrópskri síðvæðingu í viðskiptum sínum.

Frjáls samkeppni á öllum sviðum viðskiptalífsins myndi þýða byltingu og endurnýjun.

Einn helsti samnefari og holdtekja hinna ríkjandi afla, sjálfur fundarstjóri aðalfunda Eimskipafélags Íslands, Davíð Oddsson borgarstjóri í Reykjavík vissi sem var, að með því að samþykka inngöngu í þetta Evrópska efnahagssvæði gætu alls kyns „götustrákar“ hlaupið til og hrifsáð til sín viðskipti í nýfrjálsu umhverfi evrópskra samkeppnislaga og fjórfrelsis, ekki síst í krafti hinna frjálsu fjármagnsflutninga milli Evrópulanda.

Af þeim sökum var þetta alls ekki boðlegur kostur þeim öflum sem höfðu leitt hann ungan til valda.

Þar til e.t.v. nú, á hinu örurum setta vori 1991.

Tilboð formanns Alþýðuflokksins um að fá afhent á silfurfati sjálft forsætisráðuneytið gegn því að láta af andstöðunni við EES var óneitanlega freistandi og í raun eini valkostur hins unga og nýbakaða formanns íhaldsins ef hann ætlaði að bjarga frama sínum og heiðri, og ná sundraðri íhaldshjörðinni saman á ný. Margir af hinum framsýnni gömlu bakhjörðum voru urrandi reiðir yfir þessu ráðabruggi, forystumenn annarra flokka fordæmdu það og þáverandi forseti Lýðveldisins Vigdís Finnbogadóttir var svo andsnúin inngöngunni að hún ihugaði alvarlega að staðfesta alls ekki lögin um aðild að EES. Hið dýrmæta sjálfstæði Íslands var talið í bráðri hættu.

Davíð hefur að líkindum talið að sitjandi forréttindahópar í viðskiptalífinu gætu undirbúið þokkalega aðlögun með þeim fimm missera fyrirvara sem þó var fyrir hendi áður en lögin tækju gildi 1. janúar 1994. En hann hefur vart óráð fyrir hvílkur kraftur yrði leystur úr löðungi með hinni nýju lagasetningu og hversu fljótt ungrir, kraftmiklir og óstýrilátir athafnamenn myndu ná að gripa tækifærin og nýta til fulls. Jafnframt hefur forsætisráðherraungi að líkindum ofmetið hæfni gamla Kolkrabbans til að mæta samkeppni og aðlaga sig breyttum forsendum.

Þegar við tóku að blasa þær staðreyndir að hið raunverulega vald hafði með inngöngunni í EES færst með ógnarhræða úr höndum pólitíkusa og til þeirra sem nú réðu yfir eða höfðu aðgang að hinu alþjóðlega stórkapitali, tóku ýmsir að örvænta. Gamla valdið var tekið að fjara út og á örfáum árum horfðu landsmenn forviða á algert hrun SÍS-veldis Framsóknar og Kolkrabbaveldis íhaldsins.

Endanlega tók steininn úr þegar sjálfu höfudvígi rótgrónu kaupmannastéttarinnar og áróðursmeistara Sjálfstæðisflokksins, hinu virðulega Morgunblaði, var ógrað og síðan ærlega skákad af Fréttablaði henna nýríku.

Þá þurfti forsætisráðherra að gripa til sýnilegra aðgerða til að sefa bálvonda skjólstæðinga sína og hraðpróðusera eitt stykki fjölmiðlafrumvarp sem stemma mundi stígu við þessum ósköpum. Þegar það ekki tókst vegna sjálfsgæðs inngríps forseta Íslands var hafist handa við að níða af þeim óvini skóinn og leggja á ráðin með sérsníðna hringamyndunarlöggjöf gegn veldi hinna óinnmúruðu. Þar sem uppgangur og fjárhagslegt veldi þeirra virtist óstöðvandi, var gripið til gamalkunnugra bragða úr smíðju Richards Tricky Dick Nixon, og nokkur viljalaus verkfæri valdakerfis Sjálfstæðisflokksins brýnd til að gera innrás í höfuðstöðvar þeirra í beinni útsendingu, svo krossfesting skúrkanna gæti farið fram sem oftast. Tricky Dick notaði aðferðina „Hendum skítinum og sjáum hvort hann festist ekki“. Með atfylgi og dyggri aðstoð meintra fornarlamba hinna óinnmúruðu var gengið fram með þeim hætti sem líklegastur var til að skaða varanlega og þar með veikja óvininn sem allra mest.

Í þeim darraðardansi miðjum gerist það að dómstólar hafna málinu og neyðarleg afhjúpun samsærismanna úr innsta hring forsætisráðherra á sér stað. Við slíkar aðstæður var það skynsamlegt hjá forsætisráðherra að taka pokann sinn snarlega og hreiðra um sig í fjárhúsinu við Kalkofnsveg. Krafan um afsögn hefði ella vafalítið komið fram og bundið snautlegan endi á lengsta samfelldan feril íslensks forsætisráðherra.

Lærdómurinn sem af þessu brótti verður dreginn mun vonandi bundinn í lög á næstu misserum, lög sem gera mögulega skipun óháðrar rannsóknarnefndar í málum sem þessum, lög sem takmarka möguleika forsætisráðherra til samfelldrar setu við átta ár og lög sem takmarka möguleika stjórnmálamaða til að ráða innmúruðum, innviðum og ófrávíkjanlegum einkavinum sínum á mikilvægustu og eftir-sóttustu jötur ríkisins og veikja þar með tiltrú almennings á meginstoðir samfélagsins og leikreglur þess. Hér þarf gegnsæjar leikreglur og óhlutdræga eftirfylgni til þess að undirróður hagsmunablokka og skefjalausa átök þeirra ríði ekki íslensku samfélagi á slig enn frekar en orðið er. ■

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðana-síðunni á vísir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísir eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Askilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Fyrirlestur um samhliða innflutning lyfja með dr. Panos Kanavos í félagshúsi Þróttar, í Laugardal, fimmtudaginn 13. október kl. 16:30

Hvað er samhliða innflutningur lyfja?

Hver hagnast á samhliða innflutningi lyfja?

Dr. Panos Kanavos er fyrsti höfundur skýrslunnar „The economic impact of Pharmaceutical Parallel Trade in European Union Member States a Stake Holder Analysis“ sem gefin var út af London School of Economics.

Dr. Kanavos, sem kennir við London School of Economics, mun fjalla um stefnumótun í lyfjamálum í Evrópu og kynna efni skýrslunnar.

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

Nánari upplýsingar um Dr. Kanavos og skýrsluna er að finna á www.lfi.is





Reykjavík 8.12 13.14 18.15
Akureyri 8.01 12.59 17.55

allt

heimili o.fl.

GÚMMÍMOTTUR
Sem slá í gegn
bls. 2

heilsa o.fl.

FLOTTIR BOLIR
Fyrir góðan málstað
bls. 7

tíska o.fl.

CANVAS
Íslensk búð í Höfn
bls. 8

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL

Góðan dag!

Í dag er fimmtudagurinn 13. október, 286. dagur ársins.

KRÍLIN

Ég verð svo glöð í hvert skipti sem ég vakna og það er laugardagur!



SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á visir.is

visir



Gula peysan verndar Eddu fyrir haustkulda.

Átti 500 ára stórafmæli

Edda Björgvinsdóttir fékk hlýja peysu í stórafmælisgjöf og hefur ekki farið úr henni síðan.

„Ég get alveg sagt þér hver uppáhaldsflíkin mín er þessa dagana,“ segir Edda Björgvinsdóttir leikkona með meiru. „Það er ofboðslega þykk síð þrjónuð peysa sem saumaklúbburinn gaf mér í stórafmælisgjöf. Ég hef ekki farið úr henni frá því að ljóta vonda haustið kom.“ Peysan hefur vakið mikla athygli enda fallega gul á lit og augljóslega eins og hitapoki að vera í. Edda upplýsir blaðamann nánar um tilefni gjafarinnar. „Við saumaklúbburinn áttum 500 ára afmæli saman og gáfum því hver annarri gjafabréf á Laugaveginum. Við höfum ekki haldið upp á slíka viðburði áður en stefnum að því að endurtaka leikinn á þúsund ára afmælinu. Það er þó ekki víst að við náum því allar.“

Edda er eldgamall hippí og hugsaði því ekki mikið um fót og tísku hér áður fyrr. „Það þótti ómenningarlegt að hafa áhuga á fötum. Það sem gildi voru fötлага skórnir, mussurnar og flauelsbuxurnar. Já, og Álafossteppi sem maður klippti og henti yfir sig.“ Edda er svo heppin að eiga dóttur sem er tiskugúru og því kviknaði skvísuáhuginn hjá henni á seinni árum.

Edda er með þrjú verkefni í gangi þessa dagana sem komast vart fyrir í sólarhringnum. „Ég er að leika framliðna ömmu í leikritinu Halldór Kiljan Laxness í Hollywood sem frumsýnt verður í Þjóðleikhúsinu á morgun, föstudag. Síðan er ekki nokkur möguleiki að hætta sýningum á Alveg brilliant skilnaði svo við reynum að halda því gangandi eins og við getum. Einnig er áramótaskaupið í undirbúningi en ég mun leikstýra því í ár.“ Tíu aðilar koma að handritinu og eru konur þar í meirihluta. „Það er kvennabragur á gríni vetrarins enda full ástæða til,“ segir Edda áður en hún stekkur á enn eina æfinguna.

marithora@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

HEIMILI HEILSA TÍSKA

Frá og með fyrsta október hefur lausasölu á á lyfjum sem innihalda kódein verið hætt. Nú fást lyfin eingöngu afhent gegn lyfseðli. Þetta er gert til að sporna við morfin- og kódeinfikn sem hefur aukist undanfarin ár.

Nú standa víða yfir tilboðsdagur hjá ýmsum verslunum sem bjóða upp á heimilisvörur. Europris er með tilboðsdaga til 23. október þar sem má finna margt smátt sem stórt fyrir heimilið, hvort sem er til framkvæmda eða fegrunar. Bræðurnir Ormsson eru líka

rausnarlegir þessa dagana og selja þvottavélar og þurrkara á tilboði. Um að gera að hafa augun opin.



Res ehf. er að opna þrjár nýjar fatabúðir í Krínglunni. Búðirnar eru Warehouse, All Saints og Whistles. Warehouse var opnað fyrir tveim vikum og hefur mikið úrval af fötum fyrir alla aldurshópa. All Saints-búðin er opnuð í dag með fót fyrir bæði kyn, fylgihluti og hönnun fyrir þá sem vilja vera svolítið öðruvísi. Whistles opnar svo í næstu viku með vörur í anda Karen Millen.

Glæsilegir Bycast leðursófar

Hvítur Bycast leðursófi 3ja sæta kr. 105.900 • 2ja sæta kr. 95.200




Brúnn Bycast leðursófi 3ja sæta kr. 110.800 • 2ja sæta kr. 106.900 • Stóll kr. 72.900

LÍNAN
H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is





Kringlukast í DUKA
 frá 13 - 16 okt. Mörg góð tilboð

Vandaðar heimilis- og gjafavörur

DUKA
 Kringlunni - sími : 533 1322

AMERÍSKIR GLUGGAHLERAR

glæsileg lausn FYRIR ÍSLENSKA GLUGGA

www.gluggahlarar.is | ameriskir@gluggahlarar.is | Sími: 555 4755 | Gsm: 892 4756

Ný sending af kristalsljósakrónum

Arinbúðin
 Stórhöfða 17 v/Gullnirbrú (fyrir neðan húsið) - Sími 567 2133 - www.arinn.is

25% haustútsala af Bear Chair stólum Fimmtudag föstudag og laugardag

Lene Bjerre - Bæjarlind 6, Kópavogi.
 Sími: 534 7470 • Opið virka daga frá 10-18 Laugardaga frá 10-16 - www.feim.is

MARMOLEUM® click
 Nýtt á gólfið
 Smelltu Marmoleum click á gólfið - það smellpassar

Mótið gólfið sjálf eftir ykkar smekk

Marmoleum click er náttúrulegt línoleumparket

GÓLFBÚNAÐUR
 KJARAN EHF • SÍÐUMÚLI 14 • 108 REYKJAVÍK
 SÍMI 510 5510 • kjaran.is
 OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.



Tinna segir Japansferðina hafa kveikt margar nýjar hugmyndir.

Útskornu motturnar slógu í gegn á Expó

Tinna Gunnarsdóttir iðnhönnuður er nýkomin heim frá Japan þar sem hún gerði garðinn frægan á heimssýningunni með gúmmímotturnar sínar.


Tinnu bauðst að vera með kvikmynd af verkum sínum í Norræna skálanum á Expó 2005 en stuttu áður en sýningunni lauk fékk hún boð um að koma út í eigin persónu og setja þar upp vinnustofu. Hún er beðin að lýsa þessu Japansævintýri aðeins nánar. „Ég raðaði í

kringum mig hlutum sem ég hef verið að gera og sat svo við að sauma saman pöddur úr gúmmí í ýmsum stærðum og gerðum. Þannig urðu til nokkurs konar blúndudúkar. Japanir voru mjög áhugasamir og þar kviknuðu allskonar hugmyndir í samtölum við fólk,“ segir Tinna og sýnir okkur pöddurnar sem urðu til í Japan. Hún býst við að koma þeim í framleiðslu áður en langt um líður. Áður hefur hún búið til diska- og glasamottur með svipaðri tækni sem fást hjá Kokku og gólmottur er voru á afmælisýningu Epal og fást þar í ýmsum formum. Efnið er iðnaðargúmmí sem er skorið með vatni með háþrýsttækni. „Allt hófst þetta með því að ég fór að skera út diskamottur úr gúmmí með laufabrauðsmynstri. Það var



Þessir litlu dúkar eru hugsaðir undir diska, skálar og blómapotta.

svo seinlegt að það gekk ekki í fjöldaframleiðslu en þannig byrjaði ballið,“ segir hún brosandi að lokum.



Pöddudúkarirnir heilluðu Japani og verða sýndir á hönnunardögum í Kokku um miðjan nóvember.



Gólmotturnar fara vel á forstofu- sem baðherbergisgólum og eru líka þægilegar í sturtuklefa af því þær eru stamar. Þær fást í Epal.



Borðmottur og glasamottur fást hjá Kokku.

Útsala
 allt á 40% afslætti
RÝMINGARSALA
 fyrstir koma fyrstir fá

IL TUCANO

lífstílsverslun
 í miðbænum

Sérverslun með húsgögn og gjafavörur
 Tryggvagata 11, 101 Reykjavík
 Sími: 534 6100

Aloe vera-sængur ástarkoddar & olíur

Verslunin Gæði og mýkt var opnuð hinn 8. október að Grensásvegi 12. Eigendur verslunarinnar eru hjónin Guðmundur A. Jóhannsson og Fjóla Þorsteinsdóttir en þau hafa rekið heildverslunina InnMark.is síðastliðin fimm ár.



Guðmundur og Fjóla í nýju versluninni.

Í nýju versluninni verða til sölu dúnsængur, dúnkoddar, rúmföt, handklæði, sápur og baðolíur. Vörurnar eru allar í háum gæðaflokki en verðinu er þó haldið innan skynsamlegra marka. „Allar sængur og koddar sem við erum með eru samþykkt af danska astma- og ofnæmisfélaginu svo þessar vörur hentar astma- og ofnæmissjúklingum vel,“ segir Guðmundur. Hann segir að þau séu líka með margar nýjungar í sængum og koddum. „Það er til dæmis aloe vera-sængin en hún er með aloe vera í áklæðinu, sem gefur því mýkt. Svo erum við með ástarkodda og slökunarkodda en það eru venjulegir dúnkoddar sem eru opnir og inn í þá

er hægt að setja filt með mismunandi lykt. Ef við setjum lavender inn í kodda er hann orðinn góður slökunarkoddi en inn í ástarkodda setjum við ylang ylang, rósir, kar-

dimommur og fleira sem örvar ástarlífið.“ Þau hjónin selja einnig lituð rúmföt sem þola suðu og klór og eru merkt evrópska umhverfisverndunarblóminu.

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Suðurlandsbraut 10
Sími 533 5800
www.simnet.is/strond

STRÖND EHF.

JÓL 2005

útstillingavörur fyrir verslanir og fyrirtæki

Bergís ehf - Heildverslun
Lynghás 4, S: 587 8877
Engin sala til einstaklinga

Swarovski kúla

Námskeið s. 533 1800. Perlum utan um kúlu með Swarovski kristöllum, japönskum og tékkneskum gæða glerperlum

Önnur námskeið:
Rússneskur spirall
Swarovski armband
Geisladiskasumur
Peyote perlusumur
Grænlenstur perlusumur
Stungió / skorið og skreytt / Jólakort


Síðumúla 15 Opið virka daga 13 - 18, laugard. 10 - 14 www.fondurstofan.is



Francis! Francis!

Litrík kaffivél og ljúffengt kaffi lifgar upp á daginn.

Francis! Francis! X1 espressókaffivélarnar eru sennilega frægustu kaffivélarnar í heimi. Þær hafa ratað inn á fjölmörg heimili og þeim sést bregða fyrir í fjölda bíómynda og sjónvarpsþátta. Ástæðan fyrir vinsældum þeirra er sennilega fyrst og fremst útlit þeirra. Sérkennileg lögun þeirra og fjölbreyttir litir höfðu til fólks. Espressóvélarnar voru hannaðar af Luca Trazzi en hafa verið í þróun síðan þær komu fyrst á markaðinn. Útlit þeirra var óaðfínanlegt frá upphafi en stöðugt er verið að bæta virknina. Það ásamt fallegu útliti þeirra gerir þær að eftirsóknarverðustu kaffivélunum á markaðnum. Kaffivélarnar fást hjá Kaffitári og heildversluninni Danol.



Þorsteinn Helgason

opnar sýningu í Baksalnum í Galleríi Fold, Rauðarárstíg, laugardaginn 15. október kl. 15.00

Opið virka daga kl. 10-18, laugardaga kl. 11-16, sunnudaga kl. 14-16

Sjáumst í Galleríi Fold

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is

LISTMUNASALA **fold**

Heimilislán SPK

- þú færð betri kjör hjá okkur

Þú getur notað lánið til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

Sparisjóður Kópavogs

Hlíðasmára 19 • Digralesvegi 10 • Select við Smáralind
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is

spk

- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur hjá SPK

Pú **verður** bara líka...



Sturtuklefar og
baðker í úrvali!
Ótrúleg **verð!!!!**



sturta.is
www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurvegur 64,
220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566
Öll viðgerða/varahluta og
uppsetningaþjónusta fyrir hendi

allt
bílar

Alla laugardaga

allt
heilsa


Alla þriðjudaga
og fimmtudaga

FRÁBÆR TILBOÐ
KRINGLUKAST ER BYRJAÐ



BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN

Geymslu-
og dekkjahillur



í bílskúrinn,
geymsluna,
heimilið og
fyrirtækið

Þessar hillur geta allir
sett saman. Skrúfufritt
og smellt saman.

kr.7.700.-
viðbótareining kr. 5.586.-

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

www.isold.is

Lestrarhestar úr öllum heimshornum

Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður safnar stytum og myndum af lesandi konum, körlum og dýrum.

„Ég safna öllu sem er með bók,“ segir Sigrún Klara brosandí og bendir á hillur á heimili sínu sem bera vel á annað hundrað stytur er sýna lesandi fólk og fénað. Útgáfnar eru óteljandi. Sumar sýna heilu fjölskyldurnar, á öðrum eru börn að lesa fyrir hunda og svo mætti lengi telja. Landsbókavörður er víðförl kona og þessi söfnuður hennar er frá öllum heimshornum. „Ég er búin að fara um ein sjötíu lönd og hætti fljótt að safna öðrum minjagripum en þessum,“ segir Sigrún Klara, sem nú er einmitt nýkomin heim úr langferð gegn um Kína, Kirgisistan og Úsbekistan. Úr þeirri ferð fylgdi henni fallett kúnverskt fólk, karlar og konur með túrbana og allt er það að lesa. Þar er ekki um stytur að ræða heldur myndir enda á hún mikið myndasafn líka. Tvær kerlingar á hún íslenskar og báðar eru með bók í hönd. Önnur þeirra er handtálguð eftir Rönku í Koti, hin þriðju af Guðrúnu Hálfðanardóttur á Hornafirði. Sigrún Klara strýkur létt með einum putta yfir þessar vinkonur sínar og er spurð hvort hún þekki sögu hverrar og einnar stytta. „Já, ég man að minnsta kosti í flestum tilfellum hvaðan þær eru, þótt ég kunnir kannski ekki sögu bak við þær allar,“ segir hún. Ekki vill hún skjóta á verðmæti safnsins en rifjar upp að eitt sinn hafi hún haldið fyrirlestur í Hollandi sem hún hafi fengið greitt fyrir og notað andvirðið til að kaupa sér stytta af trúði með bók. Þar sem Sigrún Klara bjó um tíma úti í Finnlandi áður en hún tók við starfi landsbókavörðar er hún spurð hvort hún hafi flutt safnið milli landa. „Já, já, lestrarhestarnir fylgja mér,“ svarar hún brosandí.



Ein sú nýjasta.



Lesandi kona eftir Rönku í Koti.



Trúðurinn frá Hollandi.

Málum prufur á veggina

Þegar valdir eru litir á veggina þarf að átta sig vel á flæði ljóss um íbúðina.

Árstíðirnar breyta breyta birtuskilyrðum okkar Íslendinga svo verulega að óhjákvæmilegt er að huga að því þegar heimilið er málað. Mikið er um opin rými í nútíma arkitektúr og milliveggir eru í sögulegu lágmarki. Því þarf að huga enn betur að því hvernig birtan berst um plássið en í hinu einfalda lokaða skipulagi sem áður tíðkaðist. Litir bera birtu misjafnlega vel og dökkir litir gleypa ljós en stórt hvítt rými getur líka orðið kuldalegt þegar birtan er hvað skörpust. Því er nauðsynlegt að gera prufur á veggina þegar á að fara að mála. Þannig er hægt að skoða litina í ýmsu ljósi til að þann tón sem þykir heppilegur og



Betra er að blanda litina af kostgæfni og prufa sig áfram.

hamlar því ekki að birtan berist um húsið.

Fróðleikur }

Svuntur

MESTA PARFAPING

Svuntur eru nauðsynlegar hverju heimili en þó vart jafn mikilvægar í dag og áður fyrr. Þegar svuntur komu fyrst til sögunnar voru þær rétt eins og í dag hannaðar til að hlífa fatnaði. Fyrr á öldum átti fólk hins vegar iðulega afar lítið af fötum og voru svunturnar því mjög mikilvægar. Svuntur voru lengi vel alveg skósiðar því þannig nýttust þær best til hlífðar fatnaði. Þær voru yfirleitt úr þykkum bómullarefnum. Í dag eru svuntur iðulega litríkar og fallegar. Þær eru oft úr bómull en gjarnan líka úr 20. aldar uppfinningunni plasti sem er ansi praktískt því þá er hægt að þurrka af þeim. Þær koma að sjálfsögðu í öllum stærðum, því karlar þurfa jafnt á þeim að halda sem konur í eldhúsi nútímans.





Þetta stell er með gylltri breiðri rönd en fæst líka með silfurlitri rönd.

Stílhrein og fágúð stell

Fínleg matar- og kaffistell frá japanska fyrirtækinu Noritake finnast í versluninni Villeroy & Boch.

Hann er sparilegur borðbúnaðurinn frá Noritake sem nú fæst aftur hér á landi eftir nokkurra ára hlé. Það er fyrirtækið Jóhann Ólafsson sem flytur hann inn frá Japan og rekur einnig Villeroy & Boch en markaðs- stjóri þess er Jón Árni Jóhannsson. Hann segir afa sinn hafa stofnað fyrirtækið Jóhann Ólafsson og verið fyrstan Íslendinga til að versla við Japani. Síðan eru 74 ár. „Áfi fór hringinn kringum hnöttinn árið 1931 og hóf þá viðskipti við Noritake sem hafa haldist fram á þennan dag. Í ár fórum við þangað ég og faðir minn og endurnýjuðum stellsamningana.“



Hér sést mjórri gerðin af röndunum. Einnig til í silfurlitu.

Noritake hefur framleitt borðbúnað í hundrað ár og er þekkt fyrir vandaðar vörur sem seldar eru víða um heim. Það eru fimm mismunandi gerðir matar- og kaffistella sem fást í Villeroy & Boch í Kringlunni. Þau eru öll eins að lögun og með jafnmörgum fylgihlutum en hægt er að velja úr gulli- og plátínuröndum í tveimur breiddum. Fimmta gerðin er með gylltri og blárri rönd. Jón Árni segir japönsku stölin hafa verið mjög vinsæl sem brúðarstell enda er hönnun þeirra stílhrein og vönduð.

gun@frettabladid.is

ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIDI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN

Re Hus Grensasvegj 22. Sími. 511 5550. Veffang. www.rchus.is

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI **550 5000**



Vinsælu borðin komin aftur!
Einnig fullt af nýrri spennandi gjafavöru, vörum til haustskreytinga og margt fleira!

VIRKA Húsgögn

Verslunin er opin mán-fös frá 10-18 Mörkin 3, sími 568 7470
Laugardaga frá 11-15 www.virka.is

Myndarammar á veggi og hillur

Auðvelt er að lífga upp á heimilið með fallegum myndum og myndarömmum.

Auðvelt er að fríska upp á heimilið með skemmtilegum myndum og myndarömmum. Skreyta má heilan vegg með myndum eða hafa eina hillu með þema. Myndarammar eru jafn misjafnir og þeir eru margir og gott er að hafa í huga áður en veggurinn verður úthamraður hvernig óskað er eftir að þeim sé raðað upp. Rammarnir þurfa ekki allir að vera af sömu stærð en máli skiptir hvernig uppröðunin á þeim er. Best er að rammarnir myndi beina línu annaðhvort í miðju á veggnum eða myndi samsíða línur við hvern enda. Þannig verður myndaveggurinn ekki eins truflandi fyrir augað. Einnig er skemmtilegt að hafa þema. Hægt er að fá fallegar ljósmyndir eða lítil listaverk sem má setja í nokkra ramma og láta standa sér í eini hillu eða á vegg. Þrír myndarammar, einn með mynd af epli, annar með mynd af



banana og sá þriðji með mynd af appelsínu, er sniðug hugmynd í eldhúsið.

Með þessu móti má lífga upp á hvert herbergi í húsinu.

Haustlitir á hurðinni

Á þessum árstíma er auðvelt að ná sér í fallegt efni í hurðakransa.

Kransar á hurðir tilheyrja ekki bara aðventunni heldur eru þeir viðeigandi á öllum tímum árs. Haustið er kjörinn tími til að afla efnis í slíkan krans því allt í kringum okkur falla lauf og könglar. Greinar af ýmsu tagi má beygja og forma á ýmsan hátt og fallegt er að vefja krans úr þeim og skreyta hann síðan með alls kyns efni. Börkur af birki er vinsæll í skreytingar og er tiltölulega auðvelt að ná



Hér hefur ýmsu náttúru efni verið blandað saman til skreytingar.

sér í hann ef einhverjar dauðar greinar leynast í grenndinni. Njóli er flottur þegar hann er orðinn brúnn og þurr. Sömuleiðis hvönnin. Sem dæmi um notkunarmöguleika hennar má taka stóra hvönn og skera af henni sneiðar. Strá eru til í ýmsum gerðum og er auðvelt að meðhöndla þau. Gott er að úða með fönðurlakki það sem tínt hefur verið í náttúrunni. Þá helst það betur saman og liturinn varðveitist lengur.



NEW YORK þriggja sæta hægindasófi og tveir hægindastólar (3+1+1) með ekaTHICK SHINY leðri.

Nú aukum við vöruúrvalið **náttúrulega**

Erum að taka upp nýjar vörur sem undirstrika dekur og vellíðan. Allt náttúrulegt (Aroma Therapy). Einnig gufuskálar, ilmkerfi og frábærar gjafir

www.greenapple.is



Bjódum uppá mikið úrval af gegnheilum tekk borðstofusetum.



Úrval af Chesterfield sófasetum, 3+1+1, og hornsófum. eru til í hvítu og rauðbrúnu.

Verið velkomin að Dalvegi 18.
Gallerí Húsgögn

Sími 554 5333 • Opíð alla virka daga frá 11-18, laugardaga 11-16 og sunnudaga frá 13-16



Aukakoddi

getur hjálpað til þegar barist er við flensu. Það er betra að hafa höfuðið hærra uppi þegar sofað er svo að nefgöngin stíflist síður.



Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!

VERD-LÆKKUN

SLENDERTONE **MAX** 17.900.-
SLENDERTONE **FLEX** 12.900.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - 5. 568 1717

ERTU Á LAUSU??
SINGELRINGEN
ER MÁLIÐ!!

Pantaðu tíma núna
5173700 / 8202188

Hafnarsport ehf. Dreifingaraðili.

Hafnarsport ehf.

Reiki
Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK
Fyrir bættu líðan og betri stjórn á lífi þínu.

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

- I. stig helgarnámskeið 15. - 16. október
- I. stig helgarnámskeið 12. - 13. nóvember
- II. stig kvöldnámskeið 26., 27. og 31. október

Guðrún Óladóttir reikimeistari

Peir sem hafa áhuga á framhaldsnámskeiði í sjálfsstyrkingu hafi samband.

Pantanir í síma 553 3934 milli kl. 10 og 13 virka daga.

Frá Dr. Gillian McKeith

Living Food Energy duft

súperfæða fyrir betri heilsu

20% AFSLÁTTUR AF 330 GR. KRUKKUM

Duftið er unnið úr hreinu lífrænu súperfæði, spiruðum fræjum og heilandi jurtum. Hlaðið ensímum, vítamínnum, steinefnum og góðum fitusýrum.

Fæst í apótekum, heilsuþúðum, Hagkaup og Fjarðarkaup



Ingveldur Ýr hlakkar til að syngja með þeim sem mæta í Gerðuberg upp úr hádegi á sunnudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Sund og söngur

Almennur söngur og sund er verkefni sem Gerðuberg og ÍTR sameinast um næstu átta sunnudaga. Ingveldur Ýr söngkona mun hita upp.

„Þetta verður sambland af kennslu, söng, fróðleik frá gestum og smá áskorun og allt er þetta til upplýftingar,“ segir Ingveldur Ýr brosandí þegar hún er beðin að lýsa því sem fram á að fara í Gerðubergi. Hún mun halda utan um kennsluna og gefa örlitla innsýn í raddbeitingu og nótnalestur að eigin sögn. Söngurinn mun taka klukkutíma og á eftir er öllum frjálst að fara í Breiðholtiðslaugina sem er í næsta nágrenni.

Hver sunnudagur er þembundinn í Gerðubergi og þann næsta, 16. október, verða sungin lög eftir Valgeir Guðjónsson sem sjálfur verður gestur. Hinn 23. ætla Vigdís Finnbogadóttir að velja uppáhalds ættjarðarlögin sín og syngja

með og hinn 30. verða flutt vinsæl sönglög eftir Atla Heimi, meðal annars við undirleik hans sjálfs. Að sögn Ingveldar Ýrar eru þessar samverustundir fyrir fólk sem finnst gaman að syngja en hefur kannski ekki tíma eða áhuga á að taka þátt í skipulögðu kórstarfi. Ekki er heldur ætlast til að fólk mæti alltaf heldur fari það eftir tíma og áhugasviði. Hún lýsir fyrirkomulaginu nánar: „Í upphafi hvers tíma er öllum boðið upp á te og síðan hefst smá leiðsögn. Við Gróa Hreinsdóttir píanóleikari munum fara yfir lögin sem flutt verða í hvert skipti. Síðan verður sungið sér til skemmtunar og meiningin er að hafa verkefnið aðgengilegt en þó þannig að það hafi menntunargildi líka. Við reynum til dæmis að æfa eins og eitt lag í röddum í hverjum tíma.“ Söngurinn í Gerðubergi stendur frá klukkan 13 til 14 og á eftir skella allir sér í sund. Þátttaka kostar 500 krónur hverju sinni. gun@frettabladid.is



Ekki er víst að öll skælandi börn séu að byggja sér upp streitu og framtíðarminnisleysi.

Æskustreita stuðlar að minnisleysi

STREITA Á UNGA ALDRI GETUR VALDIÐ MINNISLEYSI Á MIÐJUM ALDRI.

Streita á unga aldri getur haft neikvæð áhrif á samskipti heilasella samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem gerðar voru við Kaliforníuháskóla á dögunum. Vísindamenn telja að alvarleg áföll eins og missir foreldris, misnotkun eða vanræksla geti þannig stuðlað að minnisleysi og minnisjúkdómum á miðjum aldri. Rannsóknin var gerð á rottuungum og var gerður samanburður á rottum sem voru aldar upp í rólegu og öruggu umhverfi og rottum sem bjuggu við óöryggi og ofbeldi fyrstu ævídagana. Þær rottur virtust jafna sig en þegar þær náðu miðjum aldri reyndust þær sýna mun sterkari merki um minnisleysi en hinar. Talið er að þessar rannsóknir geti átt við menn líka. Í skýrslu sem Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna birti á síðasta ári kemur fram að meira en helmingur barna í heiminum alast upp í streitukennu umhverfi.



Margur er feitur vegna feitra vöðva.

Feitir vöðvar erfast

FITUSÆKNIR VÖÐVAR GÆTU HAFT ÁHRIF Á ÞYNGDARTAP HIJÁ OFFITUSJUKLINGUM.

Þeir sem eru of feitir gætu verið með fitusækna vöðva ef eitthvað er að marka rannsóknir sem gerðar voru við Duke-háskóla í Bandaríkjunum. Rannsóknin sýnir fram á að vöðvar alvarlega feitra einstaklinga virðast vera hannaðir til að safna meiri fitu en vöðvar þeirra sem eru grannvaxnir að eðlisfari. Þetta ástand má rekja til erfða og gæti það skýrt hvers vegna sumir af feittum eiga erfitt með að halda þyngdinni niðri þrátt fyrir að skera niður hitaeyningasluna.

Verndaðu hárið

Brúnpörungar gefa hárinu nýtt líf.

Margir glíma við vandamál sem fylgja hárlosi. Ástæður hárloss geta verið margar. Hormónabreytingar sem fylgja meðgöngu, brjóstgjöf eða breytingaskeiði geta orsakað hárlos og einnig erfðir. Stress, sólarljós, litun og mengun geta einnig haft skaðleg áhrif á hár og hárvöxt. Fáir hársekkirnir of litla næringu getur hárið fallið af. Nu Skin hefur sett á markað sjampó og hármedferð sem hjálpa til við að sporna gegn hárlosi. Hármedferðin kallast Nutriol og inniheldur efnið Tricalgoxyl sem er þróað út frá brúnpörungum. Nutriol er skapað til þess að næra hársvörðinn með steinefnum og gefa hárinu

raka og gefur þannig hárinu líf og fyllingu. Brúnpörungarnir hjálpa hárinu að líta þykkar út og styrkir höfuðsvörðinn.



árvekniátak }



Handáburður með bleikri slaufu

HÆGT ER AÐ STYÐJA BARÁTTUNA GEGN BRJÓSTAKRABBAMEINI MÆD ÝMSUM HÆTTI.

Aveda-búðin í Krínglunni og hárgreiðslustofan Unik á Laugavegi í Reykjavík selja handáburð frá Aveda í sérstökum umbúðum til að styðja baráttuna gegn brjóstakrabbameini í tengslum við árvekniátak um brjóstakrabbamein í október. Handáburðurinn er í 150 millilítra túpum og kostar 2.000 krónur. Túpunar eru merktar bleikri slaufu og með bleikum tappa. Allur ágóðinn rennur til Samhjálpur kvenna sem eru samtök til stuðnings konum með brjóstakrabbamein.

Greitt fyrir egg og sæði

Eggja- og sæðisgjafar fá nú greiðslu fyrir óþægindi sem gjöfin veldur þeim.

Frjósemis- og fóstureftirlit Bretlandseyja hefur lagt til að sæðis- og eggjagjafar fái greidd 250 pund vegna þeirra óþæginda sem gjöfin hefur í för með sér. Í dag fá sæðis- og eggjagjafar greidd fimmtán pund og kostnað sem þau þurfa að útskýra en könnun sem gerð var meðal almennings leiddi í ljós að mörgum fannst ekki taka því að leggja í ferlið fyrir ekki meiri þóknun. Tilgangurinn er að fá fleiri til að gefa öðrum þessa dýrmætu gjöf. Sæðisgjafar í Bretlandi virðast nú frekar vera fjölskyldumenn á fertugsaldri en hinn dæmigerði

háskólanemi sem flestir sjá fyrir sér þegar talað er um nafnlausu sæðisgjafa og að gjafarnir séu frekar að hjálpa öðrum á ósérhlífinn hátt en verða sér úti um nokkur pund. Gjafarnir geta hins vegar orðið fyrir vinnutapi þar sem þeir þurfa að mæta nokkrum sinnum í rannsóknir áður en gjöfin á sér stað. Egggjöf er almennt meira fyrirtæki en sæðisgjöf þar sem þar er um inngríp í líkamann að ræða og því eru samtök eggjagjafa sérstaklega ánægð með þessa tillögu.

Margir líta á það sem forréttindi að geta gefið öðrum tækifæri til að eignast barn.



Allt sem þú þarft og meira til

allt

Allt um bíla á laugardögum í Fréttablaðinu.



Bolirnir eru síðerma og fást í fjórum litum.

Flottir bolir fyrir góðan málstað

B-YOUNG SELDI BOLI UM ALLA EVRÓPU Í FYRRA TIL STYRKTRAR BRJÓSTAKRABBAMEINSRANNSÓKN-UM. HÉR Á LANDI ER LEIKURINN ENDURTEKINN Í ÁR.

Heiðurinn að söluherferðinni átti Kristín Davis, leikkonan úr þáttunum Beðmál í borginni. Þegar hún var beðin um að auglýsa B-Young fatnað setti hún það sem skilyrði að stofnaður yrði sjóður til styrktar góðu málefni. Hún fékk sínu framgengt og

valdi að styrkja bjóstakrabbameinsrannsóknir. Mest seldist af bolunum hér á landi og fékk leitarstöðin hjá Krabbameinsfélagi Íslands hálfa milljón til kaupa á tækjabúnaði. Herferðinni lauk í fyrra en hjá B-Young versluninni hér á landi var ákveðið að efna til sölu á bolum til styrktar þessu málefni aftur í ár. Um er að ræða nýtt snið á bolum og nýja líti. Bolirnir fást í B-young að Lauga-vegi 83 og kosta 2.500 krónur stykkið.

LYFJA

Við mælum beinþéttni

Pantaðu tíma

í Lág múla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600



Allt er áttæðum fært.

Ömmur sem neita að eldast

Breskum konum um sjötugt líður gjarna eins og þær séu tuttugu árum yngri.

Rannsókn sem gerð var á tvö þúsund breskum konum að meðalaldri sextíu og nú ára leiddi í ljós að þeim leið yfirleitt eins og þær væru tuttugu árum yngri. Margar þeirra sögðu að þeim myndi ekki finnast þær gamlar fyrir en þær kæmst á níraðisaldur en þangað til ætluðu þær að lifa spennandi og virku lífi. Sjötíu og sjö af hundraði sögðust vera

hamingjusamar, sex af hverjum tíu aka bíl og sjötíu prósent þeirra sem áttu maka sögðust lifa mjög fullnægjandi ástálífi. Það eina sem þær kvörtuðu yfir var að þeim fannst virðing fyrir eldra fólki hafa farið þvrandi síðan þær voru ungar. Konurnar sem tóku þátt í könnuninni áttu að meðaltali tvö börn og barnabörn sem fjórar af hverjum tíu gættu reglulega. Ömmurnar voru samt líklegri til að vera í safarí á flsbaki en heima að þrjóna sokka og snúa sér í hring.

HAUST-TILBOÐ

Opna kerfið
Frá 6:30 alla virka daga

35% afsláttur af árskortum
Tilboð gildir frá 11. til 20. október

Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri. Fjölbreyttir tímar eru í boði. Notalegt og persónulegt andrúmsloft.

Pallar, Púl, Sveifla, Lóð, JSB tímar, Teygjutímar, Einkabjálfun
Pinn tími er kominn!

TT -námskeiðin

- TT-4**
Lokuð 9 vikna kvöldnámskeið
Fyrir 21-30 ára
- TT-3**
Lokuð 9 vikna kvöldnámskeið
Fyrir 16-20 ára
- TT-1 og 2**
1-Fyrir byrjendur
2-Fyrir lengra komnar
Lokuð 9 vikna námskeið
Þú léttist og styrktist andlega og líkamlega.
- RopeYoga**
Lokuð 8 vikna námskeið
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi

Viltu ná kjörþyngd?

Námskeið hefjast 31. október

Vertu í þínu besta formi.

TT -námskeiðin sívinsælu! Dansrækt JSB hefur sérhæft sig í námskeiðum fyrir konur sem vilja komast í kjörþyngd. Nú höfum við þróað ný námskeið fyrir ungar stúlkur, byggð á sömu hugmyndafærni en sérsníðin að þeirra þörfum. Öll námskeiðin fela í sér líkamsrækt, leiðbeiningar um mataræði og líkamsbeitingu, fundi, aðhald, vigtun og mælingar ásamt ráðgjöf frá stílalista um tísku og förðun. Þú nærð árangri hjá okkur – ef þú vilt!

Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB

leggur línurnar
Lág múla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

Hafðu samband! Skráning hafin Staðfesta fyrir 24. október
www.jsb.is
sími 581 3730

Tíska

er samkvæmt íslenski orðabók síður eða venja, breytileg eftir breytilegum smekk, ríkjandi um skemmi eða lengri tíma, einkum í klæðaburði og snyrtingu.



Sjöl og treflar frá kr 1290
Alpahúfur kr 990
Vettlingar kr 1490

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466
Sendum í póströfu



FAGMENNSKA Í 11 ÁR
BRÚN(N) Á 15 MÍNÚTUM
BÓKAÐU NÚNA Í SÍMA 561 3060

BRÚÐKAUP ÚTSKRIFT GOTT SKAP

SNYRTISTOFAN
HELENA
FAGRA



S. 561 3060
LAUGAVEGI 163

TÍSKUVERSLUNIN
Smart

Nýjar vörur, Jakkar,
pils, tunica og fallegir
toppar. Gott úrval.

Grímsbæ við Bústaðarveg, Ármúla 15,
Hafnarstræti 106 600 Akureyri.
Sími 588 8050, 588 8488, 462 4010
Email: smartgina@simnet.is



EFNALAUGIN
BJÖRG
EFNALAUG PVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

Atson

Íslenskar leðurvörur til
jólagjafa fyrir starfsmenn
og viðskiptavinum erlendis.

Leðuriðjan ehf.
Brautarholti 4, 105 Rvk.
s. 561 0060 atson@atson.is
Opíð mán.-fös. 10-18

HÁRSNYRTIVÖRUR FAGMANNINS



FÁST Í LYF OG HEILSU, LYFJAVALI OG APÓTEKARANUM

Mikið úrval
af síðum peysum

CHA*CHA
Tískuvöruslun
Glæsibæ
Sími 588 4848



Daníel Jónsson opnaði nýverið fataverslun í Kaupmannahöfn.

Búð, gallerí og hljóðstúdíó

Danskir strákar eru kjarkmeiri í fatavali en íslenskir að mati Daníels Jónssonar sem rekur verslunina Canvas á Nørrebro í Kaupmannahöfn.

Daníel Jónsson rekur splunkunýja fataverslun í Kaupmannahöfn sem heitir Canvas. Hann segist sjá töluverðan mun á klæðaburði íslenskra og danskra stráka. Þeir dönsku hiki ekki við að klæðast bleikum skyrtum og bolum, sem er nokkuð sem hann segist ekki sjá á Íslandi. „Danskir strákar eiga fimm sköpör sem þeir geta notað. Íslenskir strákar virðast bara eiga eitt nothæft par.“ Daníel

bætir við að íslenskar stúlkur séu miklu kjarkaðri og þori að standa út úr. Strákarnir mættu taka þær sér til eftirbreytni. Canvas er á Nørrebro í Kaupmannahöfn, í næstu götu við kaffihúsið Laundromat sem margir kannast núna við. „Við leggjum mesta áherslu á afslappaðan klæðnað og að vera sanngjarnir í verði. Hér getur fólk keypt merki eins og Scotch&Soda, Volcom og

Ben Sherman ódýrara en víða annars staðar. Hér er líka hægt að kaupa úr og aðra fylgihluti, jafnvel Leklínt-lampa. Síðan er búðin líka gallerí og í kjallaranum er hljóðstúdíó og geta viðskiptavinir sett á sig heyrnartól og heyrt hvað er í gangi þar. Það er því nóg í gangi hér eins og í hverfinu öllu.“

Canvas er við Fælledvej 12 í N-Kaupmannahöfn. Nánar á: www.canvas-cph.com

Kveikir í þrjónakonum landsins

PRJÓNABLAÐIÐ YR ER KOMIÐ ÚT.

Nýja tölublaðið af Yr er 64 síður að stærð og stúttfullt af álitlegum flikum, bæði á börn og fullorðna. Þar eru peysur, húfur, treflar, vesti, sjöl og einn kjóll, einnig töskur og hosur. Ullargarn og móher eru algengasti efniviðurinn í flikum og egyptskt bómmullargarn í ungbarnafötin. Söluáætlun þess garna sem uppskriftirnar eru hannaðar fyrir eru úti um allt land, samkvæmt lista í blaðinu. Það eru stórmarkaðir og minni verslanir, blómabúðir, bókabúðir, kaupfélög og jafnvel kvenfélög. Ekki er að efa að Þrjónablaðið Yr á eftir að kveikja í margri þrjónakonunni, efla sköpunargleðina og verða uppspretta margra hlýrra og fallegra fata. Það er gefið út af Tinnu og hægt er að fá nánari upplýsingar á vefnum www.tinna.is



Þrjónablaðið Yr hefur að geyma margar spennandi uppskriftir.



Hlýlegur jakki úr Need Soft Tweed. Neðri hlutinn er þrjónaður með svokölluðu köngulóarmynstri sem kennt er í blaðinu.



Barnapeysa þrjónuð úr Smart ullargarni. Uppskriftin er fyrir 1-6 ára.



Úlpur

frá kr. 8.700

Kápur

frá kr. 9.800

olsen

Laugavegi 25 s: 533 5500 www.olsen.de

allt
matur

Alla föstudaga

Mjúkt og hlýtt þrjónadót

Grófþrjónaðar flikur fylgja alltaf haustinu en peysur, treflar, húfur og sokkar eru afar ákjósanlegur fatnaður þegar húma tekur að.

Í haust er svart liturinn í bland við jarðliti einna vinsælastur og ýmsar skemmtilegar lita- og efna-samsetningar eru sjáanlegar.

Bómullarsokka í ullarsokkastífl með gylltum palliöttum ber ekki fyrir augun á hverjum degi en nú fást einmitt slíkir sokkar í versluninni Topshop í Smáralind og kosta ekki margar krónur.

Þessir sokkar og góð mjúk golf-treyja eru ómissandi flikur í sófann á komandi vætusómum haustkvöldum.



Sokkar kr. 1.690 Topshop



Trefill kr. 2.490 Topshop



Blá jakkapeysa kr. 4.590 Víla



Brún peysa kr. 3.995 Zara



Fjólublátt herðasjal kr. 3.995 Zara



Brúnn og orange trefill kr. 2.995 Zara

Dylan-buxur


Í vetur verða þröngar rokk gallabuxur málið fyrir stráka.

Buxur sem eru þröngar niður hafa verið að njóta vaxandi vinsælda að undanfögnu meðal stráka. „Í fyrstu voru þetta tiskugúrur sem voru að kaupa þannig gallabuxur en núna er þetta orðið mun almennra,“ segir Erna Sigurgeirsdóttir, starfsmaður 17 í Kringlunni. Lakkskór hafa einnig verið að koma sterkir inn samhliða þröngu rokkbuxunum. „Þetta eru pönkbuxur með smá áhrifum frá Bob Dylan, svokallaðar sigarettu-



Það eru fáir svalari en Bob Dylan.

buxur,“ segir Hafrún Karlsdóttir, starfsmaður í Spútnik á Klappartíg.



Gætturinn
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077



KRINGLUKAST
30% afsláttur af
völdum vörum

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

Baln

Jólaþjónir komnir
Mikið úrval str. 4-14 ára

ENGLABÖRNIN

Laugavegi 51 • s: 552 2201

gs skór

KRINGLUKAST

NÝTT KORTATÍMABIL

 AGAIN&AGAIN rauðir, brúnir 7.990 4.990	 TREND DESIGN koniaks brúnir 5.990 3.990
 HOT ICE koniaksbrúnt 14.990 8.990	 HOT ICE svart, koniaksbrúnt 13.990 7.990
 BRONX svart, koniaksbrúnt 14.990 8.990	 SPIRAL rauðbrúnt 13.990 9.990
 BRONX koniaksbrún, svört 9.990 6.990	 TREND wedge skór dökkbrúnir 5.990 3.990
 KENTUCKY kamel-lituð, rauðbrún 14.990 8.990	 TREND wedge skór svartir 5.990 3.990
 KENTUCKY kamel-lituð, rauðbrún 14.990 8.990	 GARDENIA kremuð, dökkbrún 12.990 7.990

gs skór

kringlunni s. 512 1760 - laugavegi s.512 1714 - www.ntc.is

HAUSTVÖRUR

INTOWN™

Toppar, bolir, peysur, vestí og margt fleira

GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217



Íslensk hönnun

HÚFUR
SEM
HLEJA

Laugavegi 70
www.hsh.ehf.is



Kjöll frá Ivönu Helsinki á 37.000 krónur.

Svanakjöll frá Nanso 11.500 kr.

Jakk á 37.000 krónur frá Ivönu Helsinki og svartur kjöll á 10.500 krónur frá Nanso, perlu á 5.500 frá Áröru.

Nanso hjá Rögnu Fróða

Umhverfisvæn fatalína frá Finnlandi.

Nýlega bættist við litríkt vörurval hjá Rögnu Fróða á Laugaveginum finnska merkið Nanso sem þó er alls ekki nýtt af nálinni.

Nanso var stofnað árið 1921 og hefur í gegnum árin aðallega framleitt hágæða jersey-efni og náttfatnað.

Öll framleiðslan er umhverfisvæn og efnasamsetningar og litunaraðferðir eru í stöðugri þróun.

Nýlega kom Nanso á kappinn tískulínu sem kallast „Lempivaate“ en yfirhönnuður þeirrar línu er Paola Suhonen sem einnig er hönnuðurrinn á bak við finnska merkið Ivana Helsinki.

Ivana Helsinki-vörurnar hafa verið á boðstólum hjá



Rögnu um nokkurt skeið og hafa viðtökurnar verið framar vonum.

Hönnunin hjá Paolu gengur mikið út á einföld form og grafísk munstur bæði í hennar eigin línu og fyrir Nanso og efnin eru sem fyrr segir alltaf í hæsta gæðaflokki.

Nanso-flíkurnar hafa eins og þær frá Ivana Helsinki farið vel í landann, mikið er búið af fyrstu sendingunni en von er á þeirri næstu í lok október.

Bleikur bolur frá Nanso á 5.500 krónur, stjórnubolur á 6.200 krónur sömuleiðis frá Nanso.

folleg föt ...hafðu þinn eigin stíl

Nú er kalt veður í lofti - peysur með 20% afslætti

Fata-
prýði
GLÆSIBÆ
557-2347

Flottir skór mikið úrval



Bankastræti 11
551 3930

Linsutilboð
aðeins
3.500,-

- 3-ja mán. skammtur
- linsuvökvi
- linsubox

sjón
glæraugnaverslun

Laugavegi 62 sími 511 6699 Garðatorgi sími 511 6696 www.sjon.is sjon@sjon.is

Flottar verslanir á Istedgade

Íslenskur hönnuður með eina af bestu búðunum.

Istedgade var eitt sinn frægust fyrir vafasamar búllur og subbullegt götulíf. Það er af sem áður var því nú er gatan ein sú mest trendí í Kaupmannahöfn. Þar er fjöldinn allur af skemmtilegum búðum og ágætis tilbreyting að skoða þær eftir að hafa þrammað á Strikinu. Íslendingar í innkaupahug í höfuðstaðnum forna ættu að ganga um Istedgade og hlíðargötur hennar, þar er margt kræsilegt á boðstólum. Kaupmannahafnarvefurinn alt om köbenhavn, www.aok.dk hefur tekið saman lista yfir flottustu verslarnar á Istedgade og það er skemmtilegt frá því að segja að verslun íslenska hönnuðarins Birnu Karenar Einarsdóttur er þar á meðal.



Hönnun Birnu Karenar er seld í búðinni Birnu.

Verslanirnar fimm eru:

1. Hornecker. Skóbúð með fallegum og öðruvísi skóm sem ekki fást í annarri hverri búð í Kaupmannahöfn. Eigandinn leggur áherslu á gæðavöru og flotta hönnun. Istedgade 43 a.

2. Donn Ya Doll. Byrjaði sem verslun með notuð föt en nú hefur hönnunarvara og ýmislegt dót verið sett í púkkið. Meðal annars föt frá finnska merkinu Nanso. Istedgade 55.

3. Birna. Áður nefnd verslun Birnu Karenar þar sem seld er hennar fallega hönnun. Istedgade 99.

4. Sommerlund. Búðin ef þig vantar kjólinn í veisluna að sögn aok. Kjólar í stíl sjötta áratugarins.

5. Asfalt. Notuð föt sem íðulega hefur verið breytt. Istedgade 83.

6. Girlie Hurly. Verslun með alls kyns flippaðri gjafavöru. Istedgade 101.

Nánari upplýsingar og upplýsingar um fleiri verslanir er að finna á www.aok.dk

KRINGLUKAST



BULLBOXER
svart
~~6.990~~ 3.990



DIBA
brúnt, svart
~~5.990~~ 3.990



LOGO 69
svart
~~13.990~~ 7.990



LÜFFUSKÖR
svart, brúnt
2.990



DIBA
kamel, svart
~~3.990~~ 1.990



SKECHERS
svart, beige
~~5.990~~ 3.990



BULLBOXER BOOT
kamel, brúnt, svart
~~12.990~~ 6.990



CONVERSE
gult, röndíótt, beige
~~7.990~~ 2.990



SPOT ON glimmerskór
bronz, hvítt, svart
~~3.990~~ 2.490



CAMPER
brúnt
~~15.990~~ 5.990

NÝTT KORTATÍMABIL

focus

kringlunni s.512 1733 www.ntc.is



TÍMI ROMANOV-ÆTTARINNAR

Rússnesk menningarhátíð í Kópavogi

Sjá bls. 2

[SÉRBLAÐ UM KÓPAVOG - FIMMTUDAGUR 13. OKTÓBER 2005]

Kópavogur



FRÉTTAFLAÐIÐ/FÓL

EFNISYFIRLIT

- BLS. 2** Rússneskur rétttrúnaður í Kópavogskirkju
Rússnesk menningarhátíð
- BLS. 4** Gengið um grundir Útivistarsvæði í Kópavogi
- BLS. 6** Í anda Manhattan
Hamraborgin há og fögur



- BLS. 8** Hrekkjavökustemning
Tyllidagar í MK
- BLS. 10** Evrópukeppni og úrvalsdeildin á næsta ári
Knattspyrnudeild Breiðabliks
- BLS. 12** Björgunarmenn í Kópavogi
Hjálparsveit skáta



- BLS. 14** Vex í allar áttir
Skipulagsmálin í Kópavogi



Hæst ánægð með styrkinn



*SPK styður með stolti
barna- og unglíngastarf í Kópavogi*

Sparisjóður Kópavogs
Hlíðasmára 19 • Digranesvegi 10
Select við Smáralind
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909
www.spk.is • spk@spk.is



Rússneskur rétttrúnaður í Kópavogskirkju

Rússnesk messa verður haldin í Kópavogskirkju á morgun í tengslum við rússneska menningarhátíð sem hefst á laugardag.

Rússneska rétttrúnaðarkirkjan á Íslandi mun standa fyrir rétttrúnaðarmessu og lofsöng í Kópavogskirkju á morgun kl.18 og má segja það vera óformlega opnun á Rússneskri menningarhátíð í Kópavogi.

„Messan er í tengslum við hátíð sem verður í okkar rétttrúnaðarkirkju á Rússlandi,“ segir Sergey Guschin, þriðji sendiráðsritari rússneska sendiráðsins. „Hátíðin er haldin í tilefni af verndardegi Maríu meyjar 14. október og verður sunginn lofsöngur fyrir

henni til handa, sem var samin á 6. öld,“ segir Sergey og bætir við að lofsöngurinn sé mjög þekktur innan rétttrúnaðarkirkjunnar.


Safnaðarprestur rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar í Reykjavíkurborg, Séra Timothy, mun þjóna við messuna, þó mun ekki vera haldið hefðbundið sakramenti eins og tíðkast í messum hjá rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni.

„Við höfum boðið biskupi Íslands að sækja messuna, auk þess sem allir eru velkomnir,“ segir Sergey. Kórinn sem syngur lofsönginn

samanstendur af safnaðarmeðliðmum rússneskur rétttrúnaðarkirkjunnar í Reykjavíkurborg. Messur eru hjá söfnuðinum eru hvern laugardag og sunnudag að Túngötu 24 í húsakynnum rússneska sendiráðsins.

Séra Timothy er safnaðarprestur rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar í Reykjavík og mun hann þjóna við messu í Kópavogskirkju á morgun.

Fréttablaðið/E.Ól.



framkvæmdir }



Tölvuteikning af skipulagi gjárinnar í Kópavogi.

Gjánni lokað

GJÁIN SEM KLOFIÐ HEFUR MIÐBÆ KÓPAVOGS TIL MARGRA ÁRA MUN BRÁTT HEYRA SÖGUNNI TIL. MIKLAR FRAMKVÆMDIR STANDA YFIR OG SKEMMTILEGT SVÆÐI MYNDAST FYRIR GANGANDI VEGFARENDUR.

Gamla skiptistöðin á brúnni brann til kaldra kola fyrr á þessu ári. Til stóð að rífa bygginguna þar sem miklar breytingar eru fyrirhugaðar á svæðinu, svo skiptistöðin verður ekki endurbyggð á sama stað. Framkvæmdir standa nú yfir þar sem gjánni verður lokað og þar kemur heilmikið torg. Skemmtilegt útivistarsvæði mun myndast með göngusvæði og tenging myndast milli menningarbygginganna, og stjórnsýslunnar sem stendur hinum megin við gjána. Þarfléðandi verða samgöngur þar á milli mun auðveldari fyrir gangandi vegfarendur. Skiptistöðin mun færast og standa við tónlistarhúsið þar sem strætisvagnarnir koma. Svæðið breiðkar töluvert og gjáin sem klofið hefur bæinn til margra ára mun heyra sögunni til.



Áhersla á raungreinar

FYRSTI ÁFANGI VATSENDASKÓLA ER RISINN OG SKÓLASTARF HAFIÐ. SKÓLINN VAR VÍGÐUR FYRR Í ÞESSUM MÁNUÐI.

Bráðskemmtileg 7 herbergja 156 fm. efri hæð og risibúð, ásamt góðum bílskúr á þessum eftirsóttasta stað. Íbúðin er rúmgóð og björt með góðum svölum. Stutt í alla þjónustu og miðbæinn. **Verð kr. 36.9 millj.**



Skípasund

Virkilega góð 5 herbergja 134 fm. íbúð - hæð og ris með góðum bílskúr á þessum vinsæla stað. Góð sólverönd á lóð. Eignin er töluvert endurnýjuð m.a. gluggar / gler, rafmagn, ofnalagnir. **Verð kr. 31.9 millj.**



Skeiðarvogur

Skemmtilegt 7 herbergja 170 fm. raðhús á þessum eftirsóttasta stað. Studióíbúð á neðstu hæð ásamt aukaherbergi. Mjög stutt í alla þjónustu í næsta nágrenni. **Verð kr. 36.3 millj.**

Til leigu

verslunarhúsnæði að Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði. Samtals 660 fm. Laust. Opinn hugur ehf. sími 898-3420.



OPIÐ HÚS í dag kl. 18-19 - Básendi 4, Rvk

Heimilisfang:
Básendi 4, Reykjavík

Stærð eignar: 111,4 m²

Afhending: fljótlega

Byggingarár: 1959

Brunab.mat: 14.785.000

Verð: 25,3 millj.

Erna Valsdóttir Löggiltur fasteigna-skípa- og fyrirtækja-sali.



Fasteignakaup kynnir fallega neðri 111,4 m² sérhæð við Básenda.

Sér inngangur er úr forstofuherbergi. Rúmgóð stofa og borðstofa með fallegu eikparketi. Gróinn góður garður. Garður og bílastæði tekið allt í gegn fyrir 4 árum, Hús klætt að hluta fyrir 2 árum. Þak málað fyrir 3 árum. Góð eign á frábær-um stað.

FASTAIGNAKAUP

Erna Valsdóttir Löggiltur fasteigna-skípa- og fyrirtækja-sali.

Söluhlutur: Páll Höskuldsson
gsm: 864 0500
e-mail: pall@fasteignakaup.is

Ármúla 15 • sími 515 0500
fax 515 0509 • www.fasteignakaup.is
fasteignakaup@fasteignakaup.is

Bolholt GUESTHOUSE

Bolholt 6 * 105 Reykjavík * Sími: 517-4050

Studio - íbúðir



Vetrartilboð:

Fullbúin stúdíó-íbúð á 25.000 kr. vikan. Nettenging í íbúðum. Aðgangur að þvottahúsi.

www.bolholt.is



Eignamiðlun Suðurnesja

Sigurður V. Ragnarsson,
löggiltur fasteignasali

Víkurbraut 46
Grindavík
Sími 426 7711
www.es.is

Hafnargötu 20,
230 Reykjanæsbæ
Sími 421-1700

MELBRAUT 29, GARÐUR



Þetta er einbýlishús, sérlega glæsilegt sem skiptist í stofu, borðstofu, sjónvarpshol og 5 svefnherbergi. Í eldhúsi er ný innrétting, spónlögð, sérlega glæsileg, granít á gólfum og hluta af veggjum. Á baði er innrétting, veggir og gólf klætt m/ granít, baðkar og sturta. Einnig er annað baðh. sem er

fullgert, þar er sturta. Skápar í forstofu og 3 svefnherbergjum, nýir spónlagðir. Hurðir eru nýjar spónlagðar. 2004 var húsið allt endurhannað og innréttað, ma. klæðning í loftum m. innbyggðri lýsingu. Ný gólfefni, parket á stofum og herbergjum, en granít á sjónvarpsholi, eldhúsi, þvottaherbergi og báðum böðum, hiti er í gólfum þar sem er granít. Allar innréttingar í húsinu eru nýjar, sérlega glæsilegar, allt nýtt í eldhúsi og báðum böðum. Nýlegir og gluggar og gler. Húsið var hannað af Ólafíu Ólafsdóttur innhúsarkitekt. Innkeyrsla er hellulögð með snjóbræðslukerfi. Góður staður. Verð 37.000.000.-

HÁALEITI 11, KEFLAVÍK



Sérlega skemmtileg eign sem samanstendur af stofu, borðstofu, sólstofu, sjónvarpsherbergi (fjölskylduherbergi) og 3 svefnherb. auk eldhúss og baðs. Eignin er í mjög góðu standi og hefur mikið verið endurnýjuð á síðustu árum bæði að innan og utan. Í eldhúsi er ný innrétting, nýtt

parket á gólfum, ný tæki í eldhúsi. Nýtt parket er á stofu, holi, eldhúsi og tveimur svefnherbergjum. Á baði er innrétting, veggir og gólf nýlega flíslagð, baðkar. Búíð er að byggja við húsið sólstofu en jafnframt eru yfirbyggðar svalir inn af hjónaherbergi sem gefur skemmtilega möguleika. Nýjar raflagnir. Allar miðstöðvarlagnir og ofnar er nýlegt. Með lítilli fyrirhöfn má útbúa 4. herb. Nýlegar kaldavatnslagnir. Þak á bílskúr er endurnýjað og húsið var tekið í gegn og lagfært að utan fyrir 3-4 árum. Hitilögn er í garðhúsi. Lóðin er girt og ræktuð. Góður staður.

Húsið er sjálft 161 fermetrar auk 11,2 fermetra sólstofu svo og 28,7 fermetra bílskúrs, alls 200,9 fermetrar. Verð 29.500.000.-

ELLIDAVELLIR 6, KEFLAVÍK



Sérlega glæsilegt hús, sem skiptist í stofu, borðstofu, hol og 4 svefnherb. Í eldhúsi er ný innrétting, spónlögð, nýr ofn, helluborð og vífta, flísar á milli skápa, parketlíki á gólf. Á baði er innrétting, dúkur á gólf, veggir málaðir, baðkar. Þvottaherbergi er inn af forstofu. Geymsla er í bílskúr.

Nýtt parketlíki á stofum og herbergjum, flísar á forstofu. Nýlegar ofnalagnir og ofnar. Innkeyrsla er hellulögð.

Góður staður. Verð 23.500.000.-


FÍFUMÓI 16, NJARÐVÍK



Þetta er raðhús á tveimur hæðum og skiptist í stofu, borðstofu, og 3 svefnherb. Í eldhúsi er innrétting (eldri), flísar á gólf, nýleg eldavél, vífta. Á baði er ný innrétting, nýjar flísar á gólf og veggjum, sturta. Bað allt ný tekið í gegn.

Þvottaherbergi er inn af eldhúsi. Á eh er baðherber með innréttingu, flísum á gólf, og nýjum lögnum. Stórt hjónaherbergi og setustofa á eh. Flísar á stofu, borðstofu og eldhúsi, dúkur á herbergjum. Inn af bílskúr er eitt herbergi, þvottahús. hús. Geymslur yfir bílskúr. Bílskúr er um 50 fermetrar þannig að eignin er tæplega 230 fermetrar samtals. Verð 29.700.00.-

Akkurat - fyrir þig!



Vesturgata - 101 Reykjavík

Gullfallæg 5 herbergja 105fm. íbúð á 4. (efstu) hæð fjöl-eignarhússins að Vesturgötu 17 Reyk. Íbúðin hefur öll verið tekin í gegn og er sem ný. Fallegt útsýni. Verið er að taka húsið í gegn og verður þetta hin fallagasta eign. Íbúðin er laus og tilbúin til þess að flutt verði inn í hana. Aðeins steinsnar frá Kvosinni.

Sími: 594 5000

AKKURAT • Lynghóli 4 • Lögg. fasteignasali. Hella Unnur Halldóttir

Akkurat

— eini og þú vilt hafa það

TIL SÖLU / EINSTAKT TÆKIFÆRI.



Elsti kínverski veitingastaður landsins, SJANGHÆ til sölu.

Frábær staðsetning, góð kjör. Gott tækifæri fyrir samhenta aðila.

Upplýsingar aðeins veittar á skrifstofu Hóls.

Hóll fasteignasala IFranz Jezorski lögg.fasteignasali ISkúlagata 17 1101 Reykjavík



Hafnarfirði
Fjarðargata 17
Sími 520 2600
Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða
www.as.is



Opið virka daga kl. 9-18

Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu

LYNGMÓAR - GARÐABÆR - FRÁBÆRT ÚTSÝNI



Vorur að fá í einkasölu fallega 136 fm íbúð á 1. hæð með BÍLSKÚR, á þessum rólega stað í Garðabænum. Íbúðin er mjög björt, parket og flísar á gólfum. Frábært útsýni - Snæfellsnesið og víðar. Stutt er í alla þjónustu - verslanir - skóla - sundlaug og fl.

FALLEG EIGN. Verð 23,9 millj.

Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

VALHÖLL FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Sóleyjarrimi - fyrir 50 ára og eldri



Þrjár glæsilegar fullbúnar 4ra herbergja íbúðir á frábæru verði. Í einkasölu fjögurra herb. íbúðir sem eru 105 fm í glæsilegu fjölbýlishúsi á frábærum stað rétt við Spöngina. Íbúðunum fylgir stæði í opnu bílskýli. Glæsilegar innréttingar. Parket á 2 íbúðum. Sérþvottahús. Stórar suðurnsvalir. Frábær verð 23,5 fm og 23,9 millj. Hér getur þú flutt strax inn. Lyklar á skrifstofu.

Valhöll fasteignasölu Síðumúla 27. Sími 588-4477. Ingólfur G. Gissurason lögg. fasteignasali.



DP FASTEIGNIR

www.dpfasteignir.is

Hverfisgötu 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7745
DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is



Við erum í Félagi Fasteignasala



Sérhæð á Seltjarnarnesi

Komin er í sölu falleg og vel skipulögð efri sérhæð á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin er 140 fm. þar af 32 fm. bílskúr sem er með hita og rafmagn. Sérinngangur: Komið er inn í rúmgott og bjart stíghús með góðu skápa-plássi. Fjögur svefnherbergi. Frá hjónaherbergi er gengið út á flíslagðar svalir með fallegu ÚTSÝNI yfir sjóinn. Flíslagð baðherbergi, nuddbaðkar, upphengt salerni, hiti í gólf á baði, t.f. þvottavél og þurrkara. Eldhús

með nýlegri kirsuberjainnréttingu. Háfur og ný tæki frá Raftækjaverslun Íslands. (NARDI.) Nýtt MERBAU parket er á íbúðinni. Að sögn seljanda er þak nýlegt, gluggar og gler í finu standi. Búíð er að gera við flestar sprungur utan á húsi en stefnt er á að lokafrágangur og málning verði kláruð næsta sumar. Íbúðin er laus í byrjun desember.

Verð: 32,9 milljónir.

Dögg Pálsdóttir hrl., lögg. fast.sali • Margrét Gunnlaugsdóttir hdl., lögg. fast.sali
Inga Björg Hjaltadóttir hdl. lögg. fast. sali • Andri Sigurðsson sölustjóri
Ólafur Finnbogason sölumaður



AF NETINU

Afgerandi úrslit kosninga

Úrslit kosninga um sameiningu sveitarfélaga nú á laugardaginn voru afgerandi. Í fimmtán tilvikum var sameiningu hafnað en aðeins einu samþykkt. Þetta gerðist þrátt fyrir mikinn áróður stjórnvalda, hótanir og gylliboð. Alls var ríkisvaldið búið að ráðstafa 2,4 milljörðum til að greiða fyrir sameiningu þannig að ljóst er að stjórnarflokkunum þykir málið miklu varða. Spurningin sem vaknar eftir niðurstöður kosninganna er hins vegar: Af hverju? Og í framhaldinu mætti einnig spyrja: Hvað er unnið með sameiningu sveitarfélaga? Ljóst er hvað því fólki sem fékk að segja hug sinn á laugardaginn finnst unnið með sameiningunni: Ekki neitt. Hvers vegna eru ráðamenn þá sannfærðir um hið gagnstæða? Hvers vegna er svona mikilli vinnu og fjármunum varið í verkefni sem hefur engan stuðning meðal fólksins? Hvaða vanda er verið að leysa? Sværrir Jakobsson á murinn.is

Baugsmálið pólitískt

Svo virðist sem meginuppistaðan í Baugsmálinu hafi endanlega gufað upp í Hæstarétti í gær. Aðeins standa eftir átta atriði af fjórtíu og miðað við sögusagnirnar á síðustu árum þá hlýtur afrakstur ákærvaldsins að teljast helst til rýr. Hvort sem það er sanngjarnt eða ekki er líklegt að Baugsmálið muni í framtíðinni fyrst og fremst teljast vera pólitískt mál. Engum heilvita manni dettur í hug að þræta fyrir að pólitískir valdamenn á Íslandi hafi haft horn í síðu Baugs og ekki er heldur neinum blöðum um það að fletta að Baugsmenn hafa látið hart mæta hörðu á þeim vettvangi. Allir þátttakendur í hildarleik síðustu ára standa smærri eftir orrustuna og vafalaust er þjóðin öll orðin hundleið á þeim miklu átökum og flokkadráttum sem málið hefur haft í för með sér. Ritstjórn á Deiglan.com

Ósögð saga um ónefndan

Var eitt sinn næstum því sendur heim á kostnað sendiráðsins [í París]. Eftir ævintýralega og ritskoðaða ferð, þar sem undirritaður var langt frá því sá ákjósanlegi, var laumað pillu í munninn minn og mér gert að sofa í 32 mínútur. Þegar ég vaknaði var jakkinn horfinn. Í jakkanum var vegabréfið. Ég átti enga peninga en herra ógæfan sjálf sem var ferðafélagi minn geymdi alla peningana. Það datt engum í hug að hann væri með krónu á sér. Passalaus í París gekk lítið upp og þurfti ég því að leita á náðir Alberts Guðmundssonar. Það þótti mér skemmtileg heimsókn og eftir hana hef ég aldrei séð Albert í öðru ljósi en sem sannan öðling. Hann sagði mér margt og m.a. luma ég á stórkostlegri sögu um ónefnda manninn sem aftur hefur gert það að verkum að ég lít hann allt öðrum augum en maður skildi ætla. Ég finn eiginlega bara til með honum – en þið vitið ekki hver hann er enda ónefndur. Pabbi lánaði drengnum pening fyrir flugmiða en það er víst það versta sem hent getur ungan mann og ferilskrá hans er að vera sendur heim á kostnað sendiráðsins. Romeo, en það hét einkabílstjóri Alberts, keyrði mig síðan á ágætt veitingahús sem Albert mælti með. Framhaldið er með öllu ritskoðað og innmúrað í Stasiskápin í heila mínum. Grímur Atlason á grimuratlason.hexia.net

ER ÞETTA RÉTTA LEIÐIN?



Sextíu prósent af ferðum borgarbúa á einkabílum eru styttri en þrjár kílómetrar. Þær kosta hvern bíleiganda tæplega hálfa milljón króna á ári. Það samsvarar útgjöldum meðalheimilis í mat og drykk á einu ári. Með því að ganga, hjóla og taka strætó getur þú sparað verulegar peningaupphæðir og bætt heilsuna.

**ÞAÐ MUNAR ENGU FYRIR ÞIG AÐ MINNKA ÚTBLÁSTURINN
ÞAÐ MUNAR ÖLLU FYRIR UMHVERFIÐ**

Virkjum okkur!



Reykjavíkurborg

Tölurnar tala sínu máli

Fyrirtækjabréf er stærstur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á landinu, að verðmæti 40,9 milljarðar og hefur sýnt bestu meðalávöxtun sambærilegra sjóða sl. 3 ár.

10,8%
meðalávöxtun sl. 3 ár

Fyrirtækjabréf Landsbankans



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Fyrirtækjabréf er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýnt fjárfestingheimildir skv. lögum og hefur en verðbréfasjóðir. Fyrirtækjabréf fjárfesta að stærstum hluta í verðbréggðum breifum. Hægt er að nálgast frekan upplýsingar um sjóðinn, m.a. mun á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum í útbodslýsingu og útláttu úr útbodslýsingu fyrir sjóðinn á afgreiðustöðum Landsbankans og á heimasíðu Landsbankans, www.landsbanki.is. Athygli er vakin á því að verðbréfasjóðir geta verið áhættusöm og að ávöxtun í fortíð getur engar víðbendingar um ávöxtun í framtíð.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 4.523 +0,84% Fjöldi viðskipta: 224
Velta: 2.255 milljónir

MESTA HÆKKUN

FL Group +2,92%
Jarðboranir +2,82%
SÍF +2,02%

MESTA LÆKKUN

Atorka Group -1,72%
Nýherji -1,48%
Mosaic Fashions -1,00%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 40,90 +0,00% ... Bakkavör 42,40 +0,50% ... FL Group 14,10 +2,60% ... Flaga 3,01 +0,30% ... HB Grandi 9,35 +0,00% ... Íslandsbanki 14,75 +1,40% ... Jarðboranir 21,90 +2,80% ... KB banki 590,00 +0,70% ... Kögun 54,00 +0,90% ... Landsbankinn 21,20 +0,50% ... Marel 63,80 +0,00% ... SÍF 4,55 +2,00% ... Straumur 13,00 +2,00% ... Össur 86,00 +0,60%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Ávöxtun á celsíus

Prentvillur eru nokkuð sem alltaf getur komið fyrir. Þær eru hins vegar misskondnar. Ein slík rataði í titil tölvupósts greiningardeildar KB banka þar sem stóð Sérrit – kuldaþréf. Þarna átti að sjálfsgötu að standa skuldabréf. Fyrirbærið kuldaþréf hefur ekki sést áður, en aldrei að vita að hinn frjófi fjármála-markaður taki upp á að gefa út slík bréf.

Voru menn að gantast með það að líklegt væri að ávöxtun kuldaþréfa yrði í gráðum á celsíus. Fahrenheit-skalin þótti reyndar einnig koma til greina þar sem kuldaþréf með ávöxtun á fahrenheit væru með póstifri tölu þegar hrollur væri farinn að fara um fjárfesta kludaþréfa með ávöxtun á celsíus. Þeir sem vildu tryggja sig fyrir neikvæðri ávöxtun myndu þó sennilega vilja hafa þau á kelvin.

Buffet í hólf og gólf

Dagens Industri fjallaði um það að frægasti fjárfestir heims, Warren Buffet, ætti orðið hlut í fyrirtækinu Pergo sem þekkt er hér á landi fyrir parkett. Það er fjárfestingarfélagið Threadneedle sem keypt hefur hlut í Pergo, en það félag er í eigu American Express sem sjóður Buffets, Berkshire Hathaway, er stór hluthafi í. Það er því farin að þynnast tengingin við að Buffet hafi eitt-hvað með þá ákvörðun að gera að kaupa í Pergo. Buffet er þekktur fyrir að fjárfesta í vel reknum fyrirtækjum með stöðugan rekstur þegar verð hlutabréfa í þeim er lágt samkvæmt greiningu hans. Pergo hefur hækkað mikið á sænska markaðnum, en Affärsvärlden, sem birtir kaup og söluráðgjöf, mælir með sölu á bréfunum. Upphæðirnar eru heldur ekki vísbending um að hér sé um hefðbundna Buffet-fjárfestingu að ræða.



MARKAÐSFRÉTTIR...

> Útlán íbúðalánasjóðs jukust á milli mánaða í september og námu rúmum 7,5 milljörðum króna. Það er 30 prósentu aukning frá fyrri mánuði.

> Rafmangsvéita ríkisins hefur gefið út skuldabréf fyrir milljarð króna. Skuldabréfin eru gefin út til fimm ára. Vextir greiðast einu sinni á ári en höfuðstóll með einni afborgun hinn 1. september 2010.

> Ný Apple-verslun verður opnuð að Laugavegi 182 fyrir áramót. Er það glerhúsið fyrir ofan Skeljung þar sem Kauphöll Íslands er til húsa.

> Hagnaður alþjóðlega Apple félagsins var 26 milljarðar króna á þriðja ársfjórðungi og fjórfaldaðist milli ára. Mega þeir þakka vinsældum iPod fyrir árangurinn.

Skoða evru en ekki ESB

Framkvæmdastjóri LÍÚ vill kanna kosti þess að taka upp evru án aðildar að ESB.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands útvegsmanna, segist ekki vera talsmaður þess að Ísland gangi inn í Evrópusambandið eins og skilja mátti á frétt á forsíðu Markaðarins í gær. Hann hefur velst upp þeim möguleika að taka upp evruna einhliða sem lögeyri á Íslandi án þess að ganga í Evrópusambandið.

FRÍÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Friðrik segir þess virði að velja þessum möguleika upp í ljósi þeirrar stöðu sem útflutningsgreinarnar eru í – meðal annars

vegna hás gengis krónunnar. Nokkrir hagfræðingar hafi sagt að þessa leið skorti trúverðuleika og sé jafnvel óraunhæf en hann sé ekki tilbúinn að skrifa undir það umhugsunarlaust. Seðlabanki Evrópu myndi hvort sem væri ekki taka tillit til hagsvæifunnar hér á landi við vaxtaákvæðanir sínar þó Ísland ætti beina aðild að stjórnun bankans. Hagkerfið hér sé svo smátt í samanburði við evrulöndin.

Friðrik segir sérfræðinga halda því fram að erlend skuldabréfaútgáfa í íslenskum krónum geti aukið enn frekar á gengisveiflur krónunnar. Ástæða sé til að bregðast við núverandi ástandi.

- bg

Einar K. vill veikja krónuna

Einar K. Guðfinnsson mælist til þess að Seðlabankinn auki gjaldeyriskaup sín til að vinna gegn styrkingu krónunnar.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsherra vill að Seðlabanki Íslands auki gjaldeyriskaup sín enn meira en hann hefur gert á árinu, til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð bankans. Það myndi hafa þau jákvæðu áhrif, til skemmri tíma lítið að minnsta kosti, að gengi íslensku krónunnar lækkaði.

Einar segir ekki búið að taka ákvörðun um þetta í ríkisstjórninni en hann muni beita sér í málinu. Hans skylda sé sú að koma til móts við eðlilega gagnrýni útflutningsfyrirtækja á hátt gengi krónunnar með raunhæfum aðgerðum. Samhliða þessu þurfi að huga að því hvort hækka eigi bindiskyldu fjármálastofnana. Það gæti dregið úr útlánum þeirra. Einnig þurfi breyta umgjörð íbúðalánanna og ná utan um umfang þeirra. Í því samhengi sé verið að skoða starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Sjávarútvegsherra fjallaði einnig um þetta á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva síðastliðinn föstudag. Þar sagði hann ekki óeðlilegt að marka stefnu um gjaldeyriskaup Seðlabankans til nokkurs tíma „til dæmis með það að markmiði að kaupin gætu nálgast einhverja þá upphæð sem svarar til þess sem útlendingar hafa verið að gefa út af íslenskum skuldabréfum“. Þessi aðferð gæti náð því markmiði að veikja raungengi íslensku krónunnar.

Í dag kaupir Seðlabankinn gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 2,5 milljónir Bandaríkjadala dag hvern. Það jafngildir um 153 milljónum íslenskra króna



EINAR K. GUÐFINNSSON Sjávarútvegsherra telur sér skylt að koma með tillögur að raunhæfum aðgerðum til að veikja gengi krónunnar og koma þannig til móts við gagnrýni útflutningsgreinanna.

miðað við gengi dalsins í gær. Áætlanir bankans kveða á um kaup á 160 milljónum dala frá september til ársloka. Það eru tæpir tíu milljarðar króna. Í fyrradag var búið að gefa út erlend skuldabréf í íslenskum krónum fyrir um 80 milljarða. Sérfræðingar spá áframhaldandi útgáfu

vegna mikils vaxtamunar við útlönd. Seðlabankinn þyrfti samkvæmt þessu að kaupa mun meira af gjaldeyri ef upphæðin á að svara til þess sem gefið hefur verið út af skuldabréfum í íslenskum krónum eins og sjávarútvegsherra nefnir.

bjorgvin@frettabladid.is

Verðbólga töluverð

Verðbólga innan ársins er orðin jafnmikil og hún var allt árið í fyrra þegar hún var um 3,9 prósent frá byrjun árs til ársloka. Hagstofan birti í gær vísitölu neyslúverðs fyrir október og hækkaði verðbólgan um 0,61 prósent á milli mánaða. Er hækkunin innan þeirra marka sem greiningardeildir bankanna spáðu en þær gerðu ráð fyrir að hún yrði á bilinu 0,4-0,7 prósent.

Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að áhrif verðhækkana á fasteignum, meðal annars á landsbyggðinni, hafi verið meiri en búist var við.

Á ársgrundvelli mælist nú verðbólga 4,6 prósent og lækkar lítillega frá fyrra mánuði. Hún er yfir efri mörkum verðbólgu-markmiðs Seðlabanks, sem eru fjögur prósent.

- epa



Just One

**Servíettu-
skammtari**
og 3x200 stk
**Just One
servíettur**

Tilboð: 1.990kr.

- Skammtar eina í einu
- Minnkar notkun um 30%
- Minni kostnaður
- Aukið hreinlæti

Nú þarftu bara eina ...
Servíettur fyrir kaffistofuna, veitingastaðinn og mótuneytið



Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Andstæðingar blása til sóknar

Sænskur lífeyrissjóður vill verja Skandia.

Stjórnendur sænska lífeyrissjóðsins Andra AP-Fonden (AP2) hafa aukið hlut sinn í Skandia upp í 3,5 prósent og skora á Old Mutual að falla frá yfirtökuáformum sínum í sænska fjármálafyrirtæki. Einnig hafa þeir þrýst á fjárfestingarfélagið Cevian Capital, samstarfsaðila Straums-Burðarás, að hætta stuðningi sínum við áform Old Mutual en Cevian er að 45 prósent í eigu A0P2. „Stjórn Old Mutual hlýtur að átta sig á því að það er best að falla frá boðinu. Tilboðið er bæði lélegt og fjandsamlegt,“ segir Lars Idermark, hjá AP2 í spjalli við Dagens Industri.

Í fyrstu var talið að Old Mutual þyrfti að fá samþykki 90 prósent hluthafa en nú er talið líklegt að félagið láti 75 prósent duga. Formlegt yfirtökutilboð var lagt fram um helgina sem gildir fram í nóvember.

Þótt fleiri hópar hafi lýst andstöðu sinni við tilboðið er AP2 fyrsti úr „nei-hópnum“ sem kaupir hlutabréf í Skandia til að styrkja stöðu sína. DÍ veltir því fyrir sér hvort tilgangur sjóðsins sé fremur pólitískur en að stuðla að bestu ávöxtun fyrir sjóðsfélaga.




SLAGURINN HARÐNAR AP2 hefur aukið hlut sinn í Skandia og þrýstir á aðra hluthafa að hafna tilboði Old Mutual.

Um 1,3 milljónir Svía eru í viðskiptum við Skandia og hugsa margir með hryllingi til þess að fé-

lagið endi í klónum útlendinga.

Straumur-Burðarás á um 4,6 prósent í Skandia og hefur lýst því yfir að hann taki tilboðinu.

- epa



Svava kaupir Sautján-veldið

Bolli Kristinsson selur öll hlutabréf sín.

„Þetta er mjög spennandi tækifæri. Ég kem með sama hætti að fyrirtækinu og áður og ekki stendur til að breyta miklu á næstunni þótt auðvitað séu ýmsar hugmyndir í gangi,“ segir Svava Johansen kaupmaður, sem hefur fest kaup á hlut Bolla Kristinssonar í verslunarkæðjunni NTC og á því fyrirtækið að fullu.

NTC er ein stærsta tískuverslanakæðja landsins og rekur meðal annars fjórtán verslanir í Kringlunni, við Laugavegin og í Smáralind. Þekktasta verslun NTC er Sautján en meðal annarra má nefna Deres, Evu og Retro.

Fyrirtækið hóf starfsemi sína fyrir nærri þrjátíu árum og hefur vaxið jafnt og þétt. Stærstur hluti verslana NTC er í verslanamiðstöðinni Kringlunni, alls tíu verslanir.

Svava segir að spennandi tímur séu í smásöluverslun: „Árið er eitt það besta í sögu fyrirtækisins. Veltan hefur aukist bæði með tilkomu nýrra verslana og í eldri verslunum,“ segir Svava.

Viðræður hafa staðið milli þeirra Bolla og Svövu um nokkra hríð. NTC hefur skilað ágætum rekstrarhagnaði á síðustu árum samkvæmt heimildum.

- eþa



SALSA KVÖLD

Á Apótek bar • grill í samvinnu við San Miguel og Carlos Sanches dansara

FÖSTUDAGSKVÖLD 14. OKTOBER

CARLOS SANCHES verður ásamt Bongotrommuleikurum við stjórnvölinn með tónlist og dansa með suðrænum salsa takti. Létt salsatónlist í græjunum allt kvöldið eins og t.d Latin jazz, Salsa, Boleros, Cha-Cha, Cuban Music, Argentine Tango.

MATUR 22.00-23.30 og eftir það er opið Salsa ball til 02.00

MATUR Á HLÆDBORÐI

- Ceviche lax, túnfiskur, rækjur, með lime, koriander og rauðlauk
- Gaspaccio, köld tómat-súpa framreidd með hvítlauks cruton
- Saltfiskur með ólífum, chilli og cherry tómatum
- Grilluð kjúklingaspjót marineruð í mangó salsa
- Tapas með parmaskinku
- Quasadillas með osti og tómat-salsa
- Korn tortillur, ostasósa, guacomole, tómat salsa
- Burritos með rjómaosti og ostasósu
- Suðrænir ávextir
- 1 glas rauðvín eða San Miguel Bjór

MIDAVEÐ 2.500

Miðarnir eru númeraðir og 6 heppnir gestir fá veglega vinninga frá Apótek bar grill og KKK.

Miðasala í síma 5757 900



Apótek bar grill • Austurstræti 16 • 101 Reykjavík • 5757 900 • apotek@veitingar.is • www.veitingar.is



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

www.toyota.is



Við viljum bjóða þér meira en þú hefur látið þig dreyma um

RAV4 aukahlutapakki að andvirði 185.000 kr. fylgir með

Nú færð þú glæsilegan RAV4 með veglegum aukahlutapakka að andvirði 185.000 kr., heilsársdekk, dráttarbeisli, vindskeið, aurhlífar og krómgrind á afturljós. Komdu, prófaðu RAV4 og upplifðu meira en þú hafðir látið þig dreyma um. Þú gerir ekki betri kaup fyrir veturinn!

Verð frá 2.690.000 kr. Mánaðarleg greiðsla frá 35.990 kr.*



Heilsársdekk



Krómgrind á afturljós



Vindskeið



Aurhlífar



Dráttarbeisli



* m.v. 10% útborgun og 84 mánaða bílasamning hjá Glitni.

Í samstarfi við  **Glitni**

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

STEPHEN AMBROSE
(1936-2002) LÉST PENNAN DAG.

„Fortíðin er uppspretta þekkingar og framtíðin er uppspretta vonar. Ást á fortíðinni felur í sér trú á framtíðinni.“

STEPHEN AMBROSE VAR VINSÆLL
BANDARÍSKUR SAGNFRÆÐINGUR OG
ÆVISÖGURITARI.



tímamót

timamot@frettabladid.is

JARÐARFARIR

- 13.00 **Gunnbjörn Jónsson**, Hraunvangi 7, Hafnarfirði, verður jarðsönginn frá Hafnarjarðarkirkju.
- 13.00 **Sigurður Ólafsson** fyrrverandi kennari og bóndi frá Syðra-Holti, Svarfaðardal, verður jarðsönginn frá Dalvíkurkirkju.
- 15.00 **Jóhanna Margrét Þorsteinsdóttir** ljósmóðir, verður jarðsönginn frá Áskirkju.

ANDLÁT

Jón Reynir Þórarinnsson, Bárugötu 19, Reykjavík, andaðist á Landspítala við Hringbraut laugardaginn 1. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Magna Ágústa Runólfssdóttir, Árskógum 8, andaðist á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 1. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

María Guðmundsdóttir, Austurbrún 6, Reykjavík, lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 8. október.

Steinunn Bjarnadóttir lést á Heilsugæslustöðinni, Seyðisfirði, laugardaginn 8. október.

Dyljá Gróa Stefánsdóttir, Patreksfirði, áður Kleppsvogi 140, Reykjavík, lést mánudaginn 10. október.

Erlundur Guðbjörn Árnason, Knarramesi, andaðist á Sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 10. október.

Margrét Antonsdóttir, Lindasíðu 4, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 10. október.

LEGSTEINAR
S. HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Hjálmtýr Guðmundur
Hjálmtýsson**

síðast til heimilis að Unufelli 44,

verður jarðsönginn þann 14. október kl. 13.00 í Bústaðakirkju.

Kristinn Ó.T. Jónsson - Tanya Lynn Williamsdóttir

Ingibjörg Jónsdóttir

Sigrún Jónsdóttir - Eiríkur Orri Hermannsson

Arthúr Herbert Jónsson

Ingvar Birgir Jónsson - Valgerður Gunnarsdóttir.

Hjálmtýr Valur Hjálmtýsson

Þorgrímur Fannar Hjálmtýsson

Jón Oddur Heiðberg Hjálmtýsson - Tinna Ýr Tryggvadóttir

Guðrún Sigríður Hjálmtýsdóttir - Jón Gunnar Einarsson

Kristinn Andri Hjálmtýsson

barnabörn.



Hugheilar þakkir sendum við öllum þeim,
sem sýndu okkur samúð við fráfall og
útför elskulegs eiginmanns, föður, stjúpfað-
ur, tengdaföður, afi og langafi

Ólafur Ketils Gamalielssonar

Ásvöllum 3, Grindavík.

Guð blessi ykkur öll.

Guðbjörg Thorstensen

Hermann Th. Ólafsson

Bjarni G. Ólafsson

Gestur Ólafsson

Sólveig Ólafsdóttir

Elsa K. Hermannsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Margrét Benediksdóttir

Hafdis Karlsdóttir

Linda Kristmundsdóttir

Eiríkur Dagbjartsson

PETTA GERÐIST > 13. OKTÓBER 1943

Ítalir lýsa yfir stríði gegn Þjóðverjum

Á þessum degi árið 1943 lýstu yfirvöld á Ítalíu yfir stríði á hendur fyrrum stríðsfélögum sínum Þjóðverjum, og börðust eftir það við hlið bandamanna í seinni heimsstyrjöldinni.

Þegar Mussolini hafði verið hrakinn frá völdum og eftir fall fasistastjórnarinnar í júlí 1943 tók herforinginn Pietro Badoglio við völdum að ósk Victors Emanuel konungs. Hann hóf að semja við Eisenhower hershöfðingja um uppgjöf Ítala fyrir bandamönnum. Hún varð að veruleika 8. september þegar stjórnvöld leyfðu bandamönnum að taka land við Salerno í suðurhluta Ítalíu til að auðvelda þeim í baráttu þeirra við Þjóðverja.

Hitler var undir þetta búinn og er Ítalir lýstu yfir uppgjöf réðust herir hans inn í Róm og Badoglio hershöfðingji flúði ásamt konungsfjölskyldunni til Brindisi þar sem hann setti á fót nýja ríkisstjórn.

Þann 13. október efndi Badoglio loforð sitt við



FYRRUM BANDAMENN

Eisenhower, eftirlét bandamönnum hersveitir landsins til að frelsa Róm. Það sóttist seint en tókst þó að frelsa borgina undan oki Þjóðverja og Badoglio losaði landið við síðustu leifar fasistastjórnarinnar og sagði af sér.

MERKISATBURÐIR

- 1399 Hinrik fjórði er krýndur konungur Englands.
- 1792 Hornsteinn er lagður að Hvíta húsinu í Washington.
- 1963 Bítlarnir koma í fyrsta sinn fram í sjónvarpi.
- 1987 Kyr syndir yfir Öfundarfjörð, frá Flateyri að Kirkjubóli í Valþjófsdal. Hún hafði verið leidd til slátrunar en reif sig lausa og lagðist til sunds.
- 2001 Aðalfundur Læknafélags Íslands staðfestir sameiginlega yfirlýsingu félagsins, Landlæknisembættisins og Íslenskrar erfðagreiningar um gagngrunn á heilbrigðisviði.

ALPJÓÐABARÁTTUDAGUR LIONSHREYFINGARINNAR FYRIR SJÓNVERND

Hvatningin frá Helen Keller

Í dag er alþjóðabaráttudagurur Lionshreyfingarinnar fyrir sjónvernd. Af því til efni stendur Lionshreyfingin á Íslandi fyrir almennum fræðslufundi um sjónvernd á Kaffi Reykjavík klukkan 17 í kvöld en hreyfingin hefur staðið fyrir slíkum fundum nánast árlega og þá yfirleitt sem næst degi hvíta stafsins sem er 15. október.

Sjónvernd og aðstoð við blinda og sjónskerta hefur frá upphafi verið eitt höfuðverkefna Lionshreyfingarinnar um allan heim. „Þetta kemur úr frumbersku Lionshreyfingarinnar þar sem snikjudýrasjúkdómur valdi blindu sem hægt sé að laga fyrir lítið fé.

Árið 1991 hóf Alþjóða-Lionshreyfingin áttak í sjónverndarmálum sem kallaðist „Sight First“. Á þremur árum söfnuðust 140 milljónir dala sem fóru í

tíma hefur sjónvernd verið aðaláhugamál Lionshreyfingarinnar á heimsgrundvelli,“ segir hann en bætir við að íslenska hreyfingin hafi mjög fljótlega farið að láta til sín taka í sjónverndarmálum. Til dæmis gerði fyrsta landssöfnun hreyfingarinnar árið 1972, sem kölluð var Rauða fjöðrin, það að verkum að hægt var að byggja upp augndeild á Landakoti.

Í dag er sjónvernd á Íslandi í mjög góðum farvegi að sögn Björns og því beinast augu alþjóðahreyfingarinnar meira til þróunarlanda þar sem snikjudýrasjúkdómur valdi blindu sem hægt sé að laga fyrir lítið fé.

Árið 1991 hóf Alþjóða-Lionshreyfingin áttak í sjónverndarmálum sem kallaðist „Sight First“. Á þremur árum söfnuðust 140 milljónir dala sem fóru í




HELEN KELLER Var bæði blind og heyrnarskert.

alheimsátak gegn blindu og augnsjúkdómum. Einkum er um að ræða aðstoð við þróunarlönd í glímu við ýmsa augnsjúkdóma sem leiða til blindu. Þar er miklu hægt að áorka fyrir lítið fé. Annars staðar hafa spjótin fyrst og fremst beinst að fræðslu um og greiningu á sykursýki sem er nú algengasti sjúkdómurinn sem veldur blindu í okkar heimshluta. Nú stendur fyrir dyrum nýtt

átak „Sight First“ frá þessu ári til 2008 þar sem reynt verður að gera enn betur.

Á fundinum verður fjallað almennt um augnsjúkdóma og fyrirlesarar verða Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum, auk sérfræðinganna Maríu Soffíu Gottfreðsdóttur og Haraldar Sigurðssonar. Allt áhuga-fólk er velkomið og sérfræðingarnir munu sitja fyrir svörum.



GÓÐ SÝN Sjónvernd hefur verið eitt af aðaláhugamálum Lionshreyfingarinnar á heimsgrundvelli. Björn Guðmundsson læknir er heilbrigðis- og sjónverndarstjóri Lionshreyfingarinnar á Íslandi.

AFMÆLI



Ragnhildur Magnúsdóttir útvarpskona á KissFM er 31 árs.

Fríðbjörn Orri Ketilsson

vefstjóri B2.is er 22 ára.



Richard Wagner félagið er tíu ára

Richard Wagner félagið var stofnað í desember árið 1995 og heldur því upp á tíu ára afmæli sitt um þessar mundir. Félagið var stofnað í kjölfar hinnar vel heppnuðu sýningu Listahátíðar 1994 á styttri gerð Niflunga-hringss Wagner.

Félagið hefur beitt sér fyrir rannsóknum á mikilvægi íslenskra bókmennta fyrir Wagner, en hann studdist meðal annars við Snorra-Eddu, Eddukvæði og Völsungasögu við gerð Niflunga-hringssins. Auk þess hefur

verið haldið uppi öflugri kynningarstarfi á verkum Wagners með fyrirlesturum, myndbandssýningum og tónleikum. Til að mynda hafa verið farnar fjölmargar óperuferðir erlendis á vegum félagsins.

Í tilefni afmælisins hefur félagið boðið til landsins þýska leikhúsfraeðingnum Oswald Georg Bauer sem heldur tvo fyrirlestura. Sá fyrri verður í tengslum við afmælisfagnað félagsins á Hótel Holti laugardaginn 15. október og ber yfirskriftina „Ást og vor verða eitt. Náttúran í Niflungahringnum“. Síðari fyrirlesturinn verður í Norræna húsinu sunnudaginn 16. október klukkan fjögur og er opin almennningi.



RICHARD WAGNER Studdist við Snorra-Eddu við gerð Niflunga-hringssins.

★ **SÓLSTEINAR**

★ Gæði

★ Góð þjónusta

★ Gott verð

★ Mikið úrval

Kársnesbraut 98 • S: 564 4566
www.solsteinar.is
200 Kópavogur • sol@solsteinar.is



Heyrst hefur...

... að Þórarinn Brynjar Kristjánsson sé nálægt því að ganga frá starfslokasamningi við Þrótt sem féll úr Landsbankadeildinni í sumar. Keflavík og Grindavík ku hafa augastað á leikmanninum sem olli miklum vonbrigðum í sumar.

sport

sport@frettabladid.is

Íslenska landsliðið:

Skemmti sér með Svíunum

FÓTBOLTI Íslensku landsliðsmönnum var boðið að fagna sæti Svía á HM á vinsælasta skemmtistað Stokkhólms í gærkvöld, Café Opera. Eftir því sem næst verður komist ætluðu einhverjir landsliðsmannanna að þiggja boðið.

VÍKURVAGNAKERRURNAR
PESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmiða

VÍKURVAGNAR EHF.

Vikurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

Einstakt enskunnámskeið

Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunnámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheymarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélag, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar

www.pareto.is

eða í sínum 540-8400 eða 820-3799

EGGERT MAGNÚSSON, FORMAÐUR KSÍ: TJÁIR SIG UM FRAMTÍÐINA

Niðurstaðan ákveðin vonbrigði

„Ég neita því ekki að niðurstaðan í þessum riðli eru ákveðin vonbrigði. Það er

eithvað sem menn þurfa að melta,“ sagði Eggert Magnússon, formaður KSÍ, við Fréttablaðið í Stokkhólmi eftir landsleik Svíþjóðar og Íslands í gær.

Um framtíð Ásgeirs og Loga sem landsliðsþjálfara sagði Eggert að hann hefði ávallt staðið með sínum þjálfurum, sama hvað gengi á.

„En ég hefði vænst þess að við myndum fá fleiri stig úr þessum riðli. Einhver óheppni hefur verið í þessu og úrslit í einhverjum leikjum ekki fallið með



okkur og allt það. En stjórn KSÍ mun byrja á því að ræða þjálfaramálin hið

fyrsta og marka þá stefnu sem tekin verður. Við munum flýta okkur að taka ákvörðun.“ Ætlið þið

fyrst að fara yfir málin með Ásgeir og Loga? „Samningur þeirra rennur út um mánaðamótin. En við munum ekkert ræða við þjálfara fyrir en við höfum ákveðið hvaða stefnu við tökum í málinu,“ sagði Eggert og ekki hægt að skilja hann öðruvísi en að þjálfarskipti verði að öllum líkindum hjá

A-landsliðinu.

„Ég verð að segja alveg hreinskilnilega að engin umræða hefur ennþá farið fram um hvað tekur við í framhaldinu. Ég og Logi erum með samning út október og nú er spurning hvað menn vilja gera. Við tökum þá ákvörðun eftir góð úrslit í síðustu undankeppni að halda áfram. Við misstum reyndar Guðna Bergsson, Lárus Orra og Rúnar Kristinsson úr hópnum en ákváðum í framhaldi af því að byggja upp nýtt lið til framtíðar. Þetta hefur verið mjög gefandi starf en nú er ákvörðunin ekki í okkar höndum,“ sagði Ásgeir Sigurvinsson landsliðsþjálfari. „Það er mjög freistandi að halda áfram. En ég ítreka að þetta er ekki í okkar höndum.“

> Áfram í Fram...

... markvörðurinn Gunnar Sigurðsson hefur ákveðið að framlengja samning sinn við Fram til tveggja ára þótt liðið hafi fallið úr Landsbankadeildinni í sumar og að fjölmörg lið hafi haft áhuga á honum.



> Olga skoðar sín mál

... Andrea Olga Færseth hefur sagt upp samningi sínum við ÍBV og er fastlega búist við því að hún leiki með liði upp á fastalandinu í sumar.



Ísland einu númeri of lítið fyrir Svía

Íslenska knattspyrnulandsliðið laut í gras fyrir Svíum í Stokkhólmi í gær, 3-1. Íslenska liðið lék ágætlega í leiknum en mætti einfaldlega ofjörlum sínum.

FÓTBOLTI Svíar sigruðu baráttuglaða Íslendingar 3-1 og tryggðu sér farseðilinn á HM. Frammistada íslenska liðsins var að mörgu leyti ágæt.

Svíar byrjuðu af krafti og Fredrik Ljungberg skoraði mark strax á 12. mín. En það var réttilega dæmt af vegna rangstöðu. Gunnar Heiðar var í tvígang hársbreidd frá því að brjóta ísinn. Svíum gekk illa að brjóta vörn íslenska liðsins á bak aftur. Það var helst eftir misheppnaðar hreinsanir úr vörninni sem Svíar fengu færi.

Kári Arnason kann greinilega vel við sig á Rásunda, þar sem lið hans Djurgården leikur í sænsku úrvalsdeildinni, en hann kom Íslandi óvænt yfir á 21. mín. með glæsilegu skoti af 30 metra færi, í stöngina og inn. Fyrsta landsliðsmark Kára. Ísland komið yfir, líkt og fyrir 10 árum þegar Arnar Gunnlaugsson kom Íslandi yfir með marki úr aukaspurnu. Líkt og þá trúðu Svíar ekki sínum eigin augum. Litla Ísland var komið yfir. Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari Svía tók af sér gleraugun til að þurrka móðuna af. Gat þetta virkilega verið? Voru Íslendingar að eyðileggja HM gleði Svía? Íslendingar, sem áttu að vera eins og auðmeltar sænskar kjötbollur, stóðu í Svíunum.

Áhorfendur tóku að baula á sína menn. Sænsku stórstjörnurnar voru fljótar að jafna sig og jöfnuðu metin fjórum mínútum síðar. Snillingurinn Zlatan Ibrahimovic afgreiddi boltann í netið eftir að Auðun Helgason skallaði boltann beint fyrir fætur hans í stað þess að skalla boltann einfaldlega beint aftur fyrir. Hreinsanir úr vörn er



BARIST Í HÁLOFTUNUM Besti maður íslenska liðsins, Auðun Helgason, berst hér í loftinu við Svíann Henrik Larsson sem skoraði glæsilegt mark í leiknum.

eithvað sem verður greinilega að taka sérstaklega fyrir í íslenskum fótbolta.

Undir lok fyrri hálfleiks sýndu Svíar hvers vegna þeir eru á leið á HM og hafa á að skipa einu besta landsliði í heimi. Teddy Lucic byrjaði með boltann á eigin vítateig, Svíarnir spiluðu upp allan völlinn og snillingurinn Zlatan Ibrahimovic sendi inn á Henrik Larsson sem skoraði og kom Svíþjóð í 2-1. Þvílíkt snilldarmark. Þarna sýndu Svíar að fótbolta er listgrein.

Íslendingarnir léku þrýðilega í fyrri hálfleik og sköpuðu sér færi og vörðust ágætlega eins og þeir hafa gert í síðustu leikjum.

En það líka sama gamla sagan að það er eins og íslensku strák-

arnir taki eitthvað róandi í leikhléinu því það vantaði allan kraft í seinni hálfleikinn og Svíar tóku öll völd á vellinum. Þeir virtust samt ætla að láta tvö mörk nægja en varamaðurinn Kim Källström innsiglaði sigur Svía í uppbótartíma með þrumuskoti frá vítateig sem Árni Gautur réði ekki við. Úrslitin 3-1 og sanngjarn sigur Svía í höfn. Í leikslök brutust út mikil fagnaðarlæti enda Svíar búnir að tryggja sig inn á fjórða stórmótið í röð sem er met þar á bæ.

Ísland án Eids Smára Guðjohnsens og Hermanns Hreiðarssonar spilaði ágætlega, komst yfir en mætti einfaldlega ofjörlum sínum, einu besta landsliði í heimi. Auðun Helgason var maður leiksins, lék

frábærlega vel og félagi hans í vörninni, Sölvi Geir Ottesen, lék mjög vel af nýliða að vera. Gunnar Heiðar átti góða spretti en Heiðar olli vonbrigðum.

Uppskeyra íslenska liðsins í undankeppni HM er aðeins fjögur stig sem er auðvitað langt undir væntingum. Batamerki hafa verið á leik liðsins og ákveðin kynslóðaskipti átt sér stað og því er hægt að vera sæmilega bjartsýnn fyrir undankeppni EM sem hefst næsta haust.



ÍPRÓTTIR

ÞORSTEINN GUNNARSSON

skrifar frá Stokkhólmi

FRAMMISTADA LEIKMANNA

ÁRNI GAUTUR ARASON	5
Varði það sem hann átti að hirða. Verður ekki sakadur um mörkin.	
KRISTJÁN ÖRN SIGURÐSSON	6
Skilaði varnarhlutverkinu með þrýði og hélt Ljungberg niðri í fyrri hálfleik. Í vandræðum með sendingarnar.	

SÖLVI GEIR OTTESEN	7
Stimplaði sig rækilega inn í landsliðið. Átti í fullu tré við Zlatan og Larsson og það segir ýmislegt um styrkleika hans.	
AUÐUN HELGASON	8
Besti landsleikur Auðuns frá upphafi. Stjórnadur vörninni eins og hershöfðingi og las leikinn snilldarlega vel. Aðeins ein mistök sem kostuðu jöfnunarmarkið.	
INDRÍDI SIGURÐSSON	6
Skilaði ágættri varnarvinnu og hélt Wilhelmsson algjörlega í skefjum.	

STEFÁN GÍSLASON	5
Átti ágæta spretti en hvarf þess á milli. Naut góðs af því að miðjumenn Svía eru veikasti hlekkur liðsins. (Arnar Þór Víðarsson 84. mín.)	
BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON	6
Fékk gult spjald snemma leiks sem dró úr honum tennurnar. Skilaði sínu að vanda og hélt boltanum óvenju vel.	
GRÉTAR RAFN STEINSSON	5
Annar landsleikinn í röð þurfti Grétar að sinna svo miklum varnarskyldum að hann gjörsamlega týndist. Varnarvinnan var reyndar góð.	

GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON	6
Átti frábæra spretti í fyrri hálfleik þrátt fyrir að spila ekki í sinni stöðu og sýndi að hann er tilbúinn að taka næsta skref í boltanum. (Hannes Þ. Sigurðsson 74. mín.)	
KÁRI ARNASON	6
Frábært mark, baráttuglaður en á ekki heima á vinstri vængnum og naut sín ekki til fulls.	
(Gylfi Einarsson 70. mín. 4) Einfaldlega langt frá sínu besta þessa dagana og náði sér ekki á strik.)	
HEIÐAR HELGUSON	4
Enn og aftur vonbrigði með Heiðar. Er ekki sjálfum sér líkur þessa dagana og úti á þekju.	

FI 0451
0000032650
/05

KEF

ÞREFALDIR
VILDARPUNKTAR X3
til 1. nóvember

ICELANDAIR
Vildarklúbbur

ÚRSLIT LEIKJA

1. riðill:

ANDORRA-ARMENÍA	0-3
- Sonejee (sjm.), Hakobian 2.	
FINNLAND-TÉKKLAND	0-3
- Jun, Rosicky, Heinz.	
HOLLAND-MAKEDÓNÍA	0-0

STAÐAN:

HOLLAND	12	10	2	0	27-3	32
TÉKKLAND	12	9	0	3	35-12	28
RÚMENÍA	12	8	1	3	20-10	25
FINNLAND	12	5	1	6	21-19	16
MAKEDÓNÍA	12	2	3	7	11-24	9
ARMENÍA	12	2	1	9	9-25	7
ANDORRA	12	1	2	9	4-33	5

2. riðill:

ALBANÍA-TYRKLAND	0-1
- Metin.	
GRIKKLAND-GEORGÍA	1-0
Papadopoulos.	
KAZAKSTAN-DANMÖRK	1-2
Kuchma - Gravgaard, Tomasson.	

STAÐAN:

ÚKRAÍNA	12	7	4	1	18-7	25
TYRKLAND	12	6	5	1	24-9	23
DANMÖRK	12	6	4	2	24-12	22
GRIKKLAND	12	6	3	3	15-9	21
ALBANÍA	12	4	1	7	11-20	13
GEORGÍA	12	2	4	6	14-25	10
KAZAKSTAN	12	0	1	11	6-29	1

3. riðill:

LÚXEMBOURG-EISTLAND	0-2
- Oper 2.	
PORTÚGAL-LETTLAND	3-0
Pauleta 2, Viana.	
SLOVAKÍA-RÚSSLAND	0-0

STAÐAN:

PORTÚGAL	12	9	3	0	35-5	30
SLOVAKÍA	12	6	5	1	24-8	23
RÚSSLAND	12	6	5	1	23-12	23
EISTLAND	12	5	2	5	16-17	17
LETTLAND	12	4	3	5	18-21	15
LIECHTENST.	12	2	2	8	13-28	8
LÚXEMBOURG	12	0	0	12	5-48	0

4. riðill:

FRAKKLAND-KÝPUR	4-0
Zidane, Wiltord, Dhorasoo, Giuly.	
ÍRLAND-SVISS	0-0

STAÐAN:

FRAKKLAND	10	5	5	0	14-2	20
SVISS	10	4	6	0	18-7	18
ÍSRAEL	10	4	6	0	15-10	18
ÍRLAND	10	4	5	1	12-5	17
KÝPUR	10	1	1	8	8-20	4
FEREYJAR	10	0	1	9	4-27	1

DHL-deildin:

FH-VALUR	29-28
Mörk FH: Heiðar Örn Arnarsson 8, Andri Berg Haraldsson 6, Hjörtur Hinriksson 4, Valur Arnarsson 3, Línas Kaulsauskas 3, Pálmi Hlökkversson 2, Sigursteinn Arndal 2.	
Mörk Vals: Baldvín Þorsteinsson 9, Elvar Friðriksson 8, Hjalti Pálmason 4, Kristján Karlsson 2, Mohamadí Louthafí 2, Ingvar Árnason 2, Ægir Hrafn Jónsson 1, Atli Rúnar Steinþórsson 1.	
KA-HAUKAR	21-24

Iceland Express-deildin:

KR-BREIÐABLIK	58-89
Stig KR: Christina Smith 12, Lilja Oddsdóttir 9, Telma Björk Fjalarsdóttir 8, Hrefna Dögg Gunnarsdóttir 6, Halla Jóhannesdóttir 6, Guðrún Edda Sveinbjörnsdóttir 6, Georgía Kristiansen 5, Ingibjörg Sigurðardóttir 4, Lára Flosadóttir 2.	
Stig Breiðablik: Jessalyn Deveny 39, Kristín Óladóttir 17, Heiðrún Hauksdóttir 10, Agnes Hauksdóttir 8, Efemia Sigurbjörnsdóttir 6, Hrefna Stefánsdóttir 3, Freyja Fanndal Sigurjónsdóttir 2, Ragna Hjartardóttir 2, Sara Dögg Ólafsdóttir 2.	

Tilboðin gjalda 13-22 okt. eða meðan birgðir endast

400 VÖRUR Á ÚTSÖLU!!!

AÐEINS!!!
13-22 OKT.

MÚSAMOTTA
69

CD VESKI
Í BELTI
499

PENNASETT
399

BLEKHYLKI
799

FÖNDURPAKKI
499

PENNASETT
499

SUNDPOKI
199

PEKJULITIR
299

HJÁ OKKUR ERU NÆG BÍLASTÆÐI OG GOTT AÐGengi



Skeifunni 11d
Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18
Laugardaga 10-14

OLÍS – NEW YORK

Nú ertu enn fljótari að safna upp punktum sem færa þér frábær tilboð og skemmtilega hluti því allir sem versla á þjónustustöðvum Olís fá þrefalda vildarpunkta til 1. nóvember. Olís – upphafið að góðri ferð.



XH 032650

NÚ FÁ ALLIR
VILDARPUNKTA HJÁ OLÍS

OKT 2005 JFK 50DB36

JFK

FI 0615 /05

0000032650

Fínir bílar

Gerðu góð kaup!



→ 6.690 þ.

BMW 745i
Nýskr. 01.2002 4400cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 14 þ.



→ 2.990 þ.

BMW 120d
Nýskr. 04.2005 2000cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 18 þ.



→ 6.190 þ.

BMW X5
Nýskr. 07.2004 3000cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 15 þ.



→ 8.990 þ.

LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr. 10.2003, 4400 cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 23 þ.



→ 1.980 þ.

RENAULT MEGANE II
Nýskr. 04.2003, 1600cc,
4 dyra, sjsk., ekinn 7 þ.



→ 6.970 þ.

Porsche Cayenne
Nýskr. 04.2003, 4500cc,
5 dyra, sjsk., ekinn 48 þ.

bíla B&L
land
notaðir bílar

Grjóthálsi 1
bilaland.is

Opið mán-fös 10-18
og lau 12-16

575 1230

Iceland Express deild karla í körfubolta hefst í kvöld

Njarðvíkingum er spáð Íslandsmeistaratitlinum sem Keflavík hefur unnið síðustu þrjú ár. Hetti og Hamar/Selfoss er aftur á móti spáð falli.

KÖRFUBOLTI Iceland Express deild karla í körfubolta hefst í kvöld með heilli umferð, alls sex leikjum. Íslandsmeistarar Keflavíkur hefja titilvörn sína í Seljaskóla gegn ÍR-ingum. Sverrir Þór Sverrisson, leikmaður Keflavíkur, segir mikið verkefni fyrir höndum hjá Keflavík ætli liðið sér fjórða Íslandsmeistaratitilinn í röð.

„Ég held að baráttan um titilinn í vetur muni standa á milli Suðurnesjaliðanna og kannski mun eitt-hvert eitt lið úr bænum blanda sér í baráttuna. Markmið Keflavíkur er að vinna allar þær keppnir sem liðið tekur þátt í. Vissulega hefur þetta farið rólega af stað hjá okkur vegna landsliðs-verkefna í sumar en við verðum orðnir öflugir þegar líða tekur á veturinn. Það verður sérstaklega skemmtilegt verkefni að reyna að ná fjórða Íslandsmeistaratitlinum í röð sem yrði sögulegt,“ sagði Sverrir Þór.

Athygli vakti í spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna í Iceland Express deildinni að Snæfelli sem farið hefur alla leið í úrslit undanfarin ár er einungis spáð tíunda sæti. Snæfellingar taka á móti Hamar/Selfossi á heimavelli sínum í Stykkishólmi.

Það verður sannkallaður nýliðaslagur á Egilsstöðum í kvöld þegar Höttur tekur á móti Þór Akureyri á Egilsstöðum í kvöld. Þetta er fyrsti leikur sem Höttur spilar í efstu deild í körfu-



KLÁRIR Í SLAGINN Leikmenn liðanna í Iceland Express-deild karla hefja keppni í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

bolta. „Það hafa allir afskrifað okkur nú þegar, þar á meðal okkar eigin aðdáendur. Við höfum engu að tapa og vonandi náum við að koma fólki á óvart. Ég er ánægður með strákana mína, þeir hafa lagt hart að sér,“ sagði Kirk Baker þjálfari Hattar frá Egilsstöðum sem spáð er neðsta sæti deildarinnar.

Njarðvíkingum er spáð Íslandsmeistaratitlinum. Liðið hefur leikið vel á undirbúningstímabilinu og ljóst að lærisveinar Einarssónar Jóhannssonar, þjálfara Njarðvíkur, eru klárir í slaginn. Njarðvíkingar fengu Jeb Ivey til liðs við sig

frá Fjölni. „Það verða allir leikir erfiðir fyrir okkur Njarðvíkinga í ár því hin liðin vilja öll vinna liðið sem er spáð efsta sætinu,“ sagði Ivey og spurður hver sé mesti munurinn á Reykjavík og Suðurnesjunum svaraði Bandaríkjamaður að það væri vindurinn. „Það er alltaf rok í Njarðvík,“ segir hann og hlær.

Í öðrum leikjum kvöldsins mætast Grindavík og Haukar í Grindavík og Fjölnismenn taka á móti KR-ingum í Grafarvogi. Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15.

hvorvar@frettabladid.is

Hörður Sveinsson er á leið í atvinnumennsku:

Getur valið úr tilboðum

FÓTBOLTI Frammistaða Harðar Sveinssonar í leik ungmennalandsliða Íslands og Svíþjóðar vakti verðskuldaða athygli en hann skoraði tvö mörk í leikum áður en hann var tekinn af velli á 51. mínútu en þá fékk Garðar Gunnlaugsson tækifæri til þess að setja mark sitt á leikinn.

Guðlaugur Tómasson, umboðsmaður Harðar, segir mörg félög vilja fá Keflvíkinginn unga til liðs við sig. „Ég held að ég geti staðfest það að Hörður Sveinsson verður orðinn atvinnumaður innan skamms. Það eru mörg félög sem vilja fá hann til sín. Einnna helst eru það Odd Grenland í Noregi, sænsku

félögin Örgryte og Hacken og svo danska félagið FC Midtjylland. Svo getur líka verið að fleiri félög sýni áhuga sinn eftir Svíaleikinni þar sem Hörður stóð sig virkilega vel þann tíma sem hann spilaði.“

Fleiri leikmenn íslenska ungmennalandsliðsins voru undir smásjá erlendra liða og varð Davíð Þór Viðarsson eftir hjá Halmstad þar sem hann mun vera til reynslu á næstunni. Að sögn Ólafs Garðarsónar umboðsmanns má reikna með því að nokkrir leikmenn íslenska liðsins fái tækifæri til þess að spreya sig hjá erlendum félögum.

- hjö/mh



ÞÓRÐUR GUÐJÓNSSON Þórður ætlar sér í landsliðið að nýju.

Leikmaður Stoke eftirsóttur: Sex félög vilja Þórð Guðjóns

FÓTBOLTI Þórður Guðjónsson, leikmaður Stoke City, er eftirsóttur af liðunum í Landsbankadeildinni. Það er ljóst að mikið kapphlaup er hafið um Þórð meðal knattspyrnufélaganna sem vilja fá hann í sínar raðir en hann er ákveðinn í því að koma heim næsta vor. „Það hafa menn frá sex félögum í Landsbankadeildinni haft samband við mig en ég hef þó ekkert rætt um hugsanleg samning við neitt þeirra.“

Þórður segist vera í góðu líkamlegu formi og vonast til þess að sýna sitt rétta andlit þegar hann kemur heim. „Ég ætla alls ekkert að koma heim bara til þess að sprikla. Ég ætla mér að komast í landsliðið á nýjan leik og til þess þarf ég að spila vel heima.“

Liðin sex eru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins KR, Valur, ÍA, FH, Fylkir og Grindavík og verður gaman að sjá hvert Þórður ákveður að fara. „Ég ætla mér að búa á Akranesi en það þarf ekkert endilega að þýða ég verði hjá ÍA, þó að það yrði óneitanlega gaman. Það er stutt að fara til Reykjavíkur og þess vegna koma félög þar alveg eins til greina.“

- mh

Valsmenn lögðu FH-inga 29-28 í háspennuleik:

Baldvin tryggði sigur Vals í lokin

HANDBOLTI „Þetta var sérstaklega ljúft. Hlynur kom inn í seinni hálfleiknum og lokaði markinu og þá komumst við inn í leikinn. Síðan var Elvar Friðriksson í miklu stuði í seinni hálfleik. Hann er tvímannaalust framtíðarlandsliðsmaður Íslands,“ sagði Baldvin Þorsteinsson í leiklok en hann tryggði Val sigurinn með því að skora úr vítakasti undir lok leiksins.

FH hafði þó yfirhöndina lengst af leiks og lék oft á tíðum skínandi góðan handbolta, þar sem Heiðar Örn Arnarsson var fremstur meðal jafningja en hann var markahæstur í liði FH með átta mörk. Staðan var 16-12 FH í vil í hálfleik en FH náði mest sex marka mun í hálfleiknum.

Valsmenn komu grimmir til leiks í seinni hálfleiknum en tókst þó ekki að minnka forskotið fyrr en Hlynur Jóhannesson fór í markið. Hann lokaði markinu á stuttum kafla á meðan hinn bráðefnilegi Elvar Friðriksson skoraði hvert glæsismarkið á fætur öðru



INGVAR ÁRNASON Valsmenn fór mikinn í seinni hálfleik gegn FH og hreinlega stálu sigrinum á heimavelli FH í Kaplakrika

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

með föstum langskotum.

Atli Hilmarsson, þjálfari FH, var að vonum vonsvikinn í leiklok enda FH betra liðið á löngum köflum. „Við spilum vel í fyrri hálfleik og vorum miklu betri. En okkur tekst ekki að gera út um leikinn. Það voru síðan alltof mörg einföld mistök sem við gerðum á í seinni hálfleik og þannig köstuðum við sigrinum frá okkur. Við verðum að fara að læra að halda leikina út með fullri einbeitingu.“

- mh

ÚRSLIT LEIKJA

5. riðill:

HVÍTA RÚSSLAND-NOREGUR	1-0
Helstad.	
ITALÍA-MOLDAVÍA	2-1
Vieri, Gilardino - Gatcam.	
SLÓVENÍA-SKOTLAND	0-3
- Fletcher, McFadden, Hartley.	

STADAN:

ITALÍA	10	7	2	1	17-8	23
NOREGUR	10	5	3	2	12-7	18
SKOTLAND	10	3	4	3	9-7	13
SLÓVENÍA	10	3	3	4	10-13	12
HVÍTA RÚSSL.	10	2	4	4	12-14	10
MOLDAVÍA	10	1	2	7	5-16	5

6. riðill:

AUSTURRÍKI-NORÐUR ÍRLAND	2-0
Aufhauser 2.	
ENGLAND-PÓLLAND	2-1
Owen, Lampard - Frankowsky	
WALES-ASERBAIJAN	2-0
Giggs 2.	

STADAN:

ENGLAND	10	8	1	1	17-5	25
PÓLLAND	10	8	0	2	27-9	24
AUSTURRÍKI	10	4	3	3	15-12	15
N-ÍRLAND	10	2	3	5	10-18	9
WALES	10	2	2	6	10-15	8
ASERBAIJAN	10	0	3	7	1-21	3

7. riðill:

LITHÁEN-BELGÍA	1-1
Deschacht (sjm) - Geraerts	
SAN MARÍNÓ-SPÁNN	0-6
- Ramos 2, Raul, Torres 3.	
SERBÍA-BOSNÍA	1-0
Kezman.	

STADAN:

SERBÍA	10	6	4	0	16-1	22
SPÁNN	10	5	5	0	19-3	20
BOSNÍA	10	4	4	2	12-9	16
BELGÍA	10	3	3	4	16-11	12
LITHÁEN	10	2	4	4	8-9	10
SAN MARÍNÓ	10	0	0	10	2-40	0

8. riðill:

MALTA-BÚLGARÍA	1-1
Barbara - Jankov.	
UNGVERJALAND-KRÓATÍA	0-0
SVÍPJÓÐ-ÍSLAND	3-1
Ibrahimovic, Larsson, Kallström - Kári Árnason.	

STADAN:

KRÓATÍA	10	7	3	0	21-5	24
SVÍPJÓÐ	10	8	0	2	30-4	24
BÚLGARÍA	10	4	3	3	17-17	15
UNGVERJAL.	10	4	2	4	13-14	14
ÍSLAND	10	1	1	8	14-27	4
MALTA	10	0	3	7	4-32	3

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

10 11 12 13 14 15 16

Fimmtudagur

LEIKIR

- 19.15 Snæfell og Hamar/Selfoss mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Stykkishólmi.
- 19.15 Höttur og Þór mætast í Iceland Express-deild karla á Egilsstöðum.
- 19.15 Grindavík og Haukar eigast við í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Grindavík.
- 19.15 Fjölnir og KR mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Grafarvogi.
- 19.15 Njarðvík og Skallagrímur mætast í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Njarðvík.
- 19.15 ÍR og Keflavík eigast við í Iceland Express-deild karla í körfubolta í Breiðholti.
- 19.15 Haukar og Grindavík mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta að Ásvöllum.

SJÓNVARP

- 07.00 Olíssport á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til klukkan 09.00 og síðan aftur klukkan 17.00.
- 16.25 Handboltakvöld á RÚV.
- 16.40 Formúlukvöld á RÚV.
- 17.30 HM 2006 á Sýn. Leikur Englands og Póllands í beinni útsendingu.
- 19.10 X-Games á Sýn.
- 20.00 PGA mótaröðin í golfi á Sýn.
- 21.00 NFL-tilþríf á Sýn.
- 22.00 Olíssport á Sýn.

STIMM



TAKMARKAÐ MAGN

HP lita geislaprentari á ótrúlegu verði • Takmarkað magn



HP 2600N ColorLaser

Glæsilegur **lita** laser prentari frá HP með **innbyggðu netkorti** svo allir í fyrirtækinu geti prentað án vandræða. HP 2600N er **20 sek** að prenta fyrsta blað og prentar allt að **8 bls** í **lit** á mínútu. Hann er með **250 bls** fjölnotabakka. Tengist beint í beini eða USB2 tengi. HP 2600N er **hvergi** á betra verði og kemur með **2ja** ára ábyrgð til fyrirtækja sem einstaklinga.

VERÐ 27.900

Er þinn HP prentari með 2 ára ábyrgð?

VISA OG EURO TIL ALLT AÐ 36 MÁNÁDA • BIRT MEÐ FRIRYARA UM BRETTINGAR OG INNSLÁTTARVILLUR • TILBOÐ GILDIR MEÐAN BIRGDIR ENDAST

RJÚPNAVEIÐI Í REYKJAHLIÐ Í MÝVATNSSVEIT

Landeigendur Reykjahlíðar í Mývatnssveit hafa leigt út til Veðiþjónustunnar Fálkakletts þann hluta Reykjahlíðar þar sem heimilt verður að veiða rjúpur haustið 2005. Öll veiði í landi Reykjahlíðar er óheimil nema með leyfi Veðiþjónustunnar Fálkakletts.

Veði verður heimil á eftirfarandi svæðum:

Búrfellshraun, Gæsafjöll og Dalbjall að austan. Fjöldi veiðimanna verður takmarkaður. Önnur svæði í landi Reykjahlíðar verða fríuð þar með talin Reykjahlíðarheiði, Dalbjall að vestan, Hágöng og Kröflusvæði.

Tekið skal fram að Reykjahlíðarjörð er þinglýst eign landeigenda Reykjahlíðar. Upplýsingar um það er hægt að fá hjá Sýslumanninum á Húsavík.

Þeim sem hafa áhuga á að veiða rjúpur er vinsamlega bent á að hafa samband í síma 845 2424 og 861 3859 eða á netfang: reykjahlid@islandia.is

SÁ BESTI Í BRANSANUM ER MÆTTUR AFTUR!
FRUMSYND
14/10/05
 FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA

SENDU SMS SKEYTIÐ JA FBT Á NÚMERIÐ 1900! ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA Á MYNDINA FYRIR TVÖ! DVD MYNDIR COKE OG MARGT FLEIRA!

11. HVER VINNUR!

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND, KÓPAVOGI, 99KR SMSIÐ. MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

7	1	8	9	3	4	5	6	2
9	4	3	2	5	6	1	8	7
5	6	2	8	1	7	4	3	9
4	7	6	1	9	5	8	2	3
8	3	9	6	4	2	7	1	5
2	5	1	3	7	8	9	4	6
6	2	4	7	8	9	3	5	1
3	9	5	4	2	1	6	7	8
1	8	7	5	6	3	2	9	4

1			3			4
7	5	2				
4	5	6		8		3
	8	6		9	7	5
9						1
	4	5	3	2	6	
5	3			9	1	6
			5	1		8
2		7				4

STUÐ MILLI STRÍÐA: Á aldrei klink

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR VILL STÖÐUMÆLA SEM TAKA KORT



Dularfullur gluggapóstur lá í póstkassanum mínum í gær sem leit út fyrir að geyma óskemmtilegan reikning. Viti menn. Ég hafði gleymt að borga stöðumælasekt.

Mín fyrstu viðbrögð voru að sjálfsgöðu þirringur út af þessum stöðumælum sem finnast bara í miðbænum. Ég lét það liggja á milli hluta hvort það eigi að fjarlægja þá eða ekki, en

hugsa að það væri athyglisvert að bera saman kostnaðinn við að halda úti öllu stöðumælabbatterinu og peninginn sem kemur inn á móti. Nóg um það.

Blótandi þessari gleymsku minni, settist ég niður við heimabankann og greiddi reikninginn. Á heimasíðu bankans rek ég í augun í borða sem segir að það séu 70 dagar til jóla. Bara sisona. Ég bjóst alveg eins við því að á næstu síðu biði mín auglýsing um nýja jólasparireikninginn. Ekki vitlaus hugmynd svo sem, því jólin geta kostað fáránlega mikið. Það væri hægt að hafa smá stuð í kringum þennan reikning og láta fylgja

með sparibauk sem væri jólasveinn sem sönglaði jólaglag á hvert sinn sem aur væri stungið ofan í hann.

Maður ætti að minnsta kosti að eiga bauk og safna aur fyrir stöðumælunum, því maður verður að kíkja í bæinn fyrir jólin. Ég er nefnilega ein þeirra sem á aldrei klink, og nota bara kort sem hvorki er hægt að nota í stöðumæli né í stöðumælalásum.

Það væri sniðll ef að minnsta kosti bílastæðahúsin tækju bankakort og þá sæti ég ekki við tölvuna mín snemma í október, blótandi og farin að hafa áhyggjur af jólonum.

myndasögur

pondus

Eftir Frode Overli



gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Pú og pa

Eftir SÖB



kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



barnalán

Eftir Kirkman/Scott





Borðstofuhúsgögn

Vandaðu valið!

Parisot hornsófi



Verð aðeins kr.

98.900.-

Stærð: 270x190

Einnig fáanlegur með svefnsófa

Skemill kr. 23.900.-

Slökunarstólar

í miklu úrvali

Tilboðsverð aðeins kr.

49.900.-

Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli

Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt



hvíldarstólar

Slökunarstólar

í miklu úrvali

Tilboðsverð aðeins kr.

54.900.-



hvíldarstólar

2ja ára ábyrgð



skovby | borðstofuhúsgögn

20% afsláttur af sérpöntunum og uppstillingum 7.-19. okt.

Lúxus leður-hægindasófar

með stillanlegu baki og skemli. Frábærir sjónvarps-sófar

Litir: Brúnt / hvítt



3 sæta m/ 2 borðum
Verð aðeins kr. 218.000.-

2 sæta m/borði
Verð aðeins kr. 139.000.-

4 sæta m/ 2 borðum
Verð aðeins kr. 268.000.-

Leður sófasett

í miklu úrvali



Verð aðeins kr.

188.000.-

Tungu-hornsófar



Vandaður hornsófi með nautaleðri á frábæru verði.
Litir: Ljóst og svart

Verð aðeins kr.

139.000.-

Leðursófasett



Verð aðeins kr.

159.000.-



Leðursófasett 3+1+1
Litir: Ljóst og svart



129.000.-

Italsofa

Hornsófi/svefnsófi með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrifa.
Verð aðeins kr.

Sjáið úrvalið á
www.italsofa.com

Nýkomið mikið úrval af hornsófum

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga 10-18 - Laugard 11-16

Kunderakvöld á Súfistanum



Kl. 20.00

Laufey G. Geirlaugsdóttir söngkona heldur útgáfutónleika í Laugarneskirkju ásamt hljóðfæraleikurunum Gunnari Gunnarssyni organista, Sigurði Flosasyni saxófónleikara, Jóni Rafnssyni bassaleikara, Erik Qvick trommuleikara og Rannveigu Kára-dóttur ásamt kór Laugarneskirkju.

Í tilefni af nýútkominni þýðingu á bók Milans Kundera, Lífið er annars staðar, verður efnt til Kunderakvölds á Súfistanum í bókabúð Máls og menningar við Laugavegin.

Lífið er annars staðar kom fyrst út árið 1973. Þetta er önnur skáldsaga höfundar, nútíma-klassiker sem hefur notið mikilla vinsælda víða um heim frá því að hún kom fyrst út. Þetta er kostuleg saga af ungskáldinu Jaromil og viðleitni hans til að komast til manns og móður hans sem vakir yfir honum frá vöggu til grafar.

Hún gerir allt sem í hennar valdi stendur til að örva hæfileika hans. Smátt og smátt áttar Jaromil sig á því að ákveðið áhrifavald felst í hæfileikum

hans, að hann getur haft áhrif á líf annarra, jafnvel þjóðfélagið.



Á Kunderakvöldinu fjallar þýðandinn Friðrik Rafnsson stuttlega um bókina og samhengi hennar innan verka Kundera, auk þess sem hann les úr henni kafla. Friðrik hefur þýtt fjölmargar bækur og greinar eftir Kundera, sem er einn af fremstu rithöfundum samtímans.

Ennfremur fjallar Torfi H. Tulinius, prófessor í frönsku og miðaldafræðum við HÍ, um hugmyndir Kundera um skáldsöguna.

Kunderakvöldið hefst klukkan 20 og aðgangur er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm Súfistans leyfir.

> Ekki missa af ...

... sýningu **Ólafar Nordal**, íslenskt dýrasafn, sem lýkur í galleri i8 á laugardaginn.

... sýningu **Sigurðar Árna Sigurðssonar** í 101 Galleri, Hverfisgötu 18a, en sýningunni lýkur laugardaginn 22 október.

... tónleikum tríóins **Tricolore Musica**, sem verða á Akureyri í kvöld, í Reykjavík á sunnudagskvöld og á Ísafirði í næstu viku. **Björg Þórhallsdóttir** syngur með **Þórhildi Björnsdóttur** píanóleikara og **Hjörleifi Valsyni** fiðluleikara.

menning

menning@frettabladid.is

Tökinn hert THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökinn hert, 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 - Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalinn í miðaverði.

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200
Íslenska Óperan v/Inngólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ
KALLI Á ÞAKINU
e. Astrid Lindgren
Sun 16/10 kl. 14 **UPPSELT**, Su 23/10 kl. 14,
Su 30/10 kl. 14, Su 6/11 kl. 14

WOYZECK
Frumstýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt.
Fi 27/10 kl. 20. Forsýning **UPPSELT**
Fö 28/10 kl. 20. Frumsýning **UPPSELT**
Lau 29/10 kl. 20 gul kort, Lau 5/11 kl. 20
rauð kort, Fi 10/11 kl. 20 græn kort,
Fö 11/11 kl. 20 blá kort

Aðeins þessar 2 aukasýningar eftir
Su 16/10 kl. 20, Su 23/10 kl. 20

SALKA VALKA
Fö 14/10 **FORSÝNING** m.v. kr. 1000,-
Lau 15/10 **FRUMSÝNING UPPSELT**,
Mi 19/10 kl. 20 **Styrktarsýning MND**
félagið á Íslandi.

TVENNU TILBOÐ
Ef keyptur er miði á
Híbýli vindanna og Lífsins tré
fæst sérstakur afsláttur

Fö 21/10 kl. 20 gul kort,
Lau 22/10 kl. 20 rauð kort
Su 30/10 kl. 20 græn kort
Fi 3/11 kl. 20 blá kort

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ
FÖRÐIST OKKUR
Aðeins sýnt í október. Nemendaleikhúsið /
CommonNonsense. e. Hugleik Dagsson.
Í kvöld 13/10 kl. 20, Lau 15/10 kl. 20,
Mi 19/10 kl. 20, Fi 20/10 kl. 20, Fö 21/10 kl. 20,
Lau 22/10 kl. 20

MANNTAFL
Fö 14/10 kl. 20, Lau 15/10 kl. 20, Lau 22/10 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Sun 16/10 kl. 20 **UPPS**, Sun 23/10 kl. 20 **UPPS**,
Þri 25/10 kl. 20 **AUKASÝN**, Lau 29/10 kl. 20 **UPPS**,
Sun 30/10 kl. 20 **UPPSELT**
Sun 6/11 kl. 20 **AUKASÝN**.

LÍFSINS TRÉ
Fi 27/10 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**
Fö 28/10 kl. 20 **UPPSELT**, Fi 3/11 kl. 20,
Fö 4/11 kl. 20 Lau 5/11 kl. 20, Fi 10/11 kl. 20,
Fö 11/11 kl. 20

Sími miðasölu 568 8000
www.borgarleikhus.is

Komnir út fyrir landhelgi

Tónahátíðin í Þjórsárverri er orðin árviss viðburður í tónlistarlífi Sunnlendinga og hefur orðið vinsælli með ári hverju. Hún hefst í fimmta sinn í kvöld með léttklassískum tónleikum þeirra Davíðs Ólafssonar bassa og Stefáns Helga Stefánssonar tenórs.



DAVÍÐ & STEFÁNSSON Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson á uppvaxtarárum sínum. Myndin er tekin seint á síðustu öld.

„Við erum með léttar ítalskar tarantellur og söngleikja- og óperettumúsík allt niður í Elvis og Júrónisjón,“ segir Davíð dimmraddaður og hress að vanda, en leiðréttir sig strax: „... allt upp í Elvis og Júrónisjón.“

Þeir Davíð og Stefán eru búnir að syngja saman í tíu ár og eru farnir að nefna sig Davíð & Stefánsson. Núna hefja þeir tunda starfsárið með þessum tónleikum í Þjórsárverri.

„Eigum við ekki að segja að þetta séu afmælistónleikar. Við ákváðum að byrja í Þjórsárverum því þar þekkir okkur enginn. Við verðum fyrir utan landhelgi,“ segir Davíð.

Vafalaust kannast þó einhverjir við þá félag, þótt þeir hafi mest sungið á höfuðborgarsvæðinu. Nú í sumar slógu þeir heldur betur í gegn þegar þeir komu fram í þætti Hemma Gunn, það var lagið.

Píanóleikari með þeim Davíð og Stefáni verður Kurt Kopecki, tónlistarstjóri Íslensku Óperunnar.

Tónahátíðin í Þjórsárverri heldur síðan áfram fram á laugardag. Annað kvöld verða tónleikar með feðginum Ólafi Beinteini Ólafssyni, harminokkuleikara og tónskáldi og Ingibjörgu Aldísi Ólafsdóttur sópran.

Á laugardagskvöldið mætir

síðan Ragnheiður Gröndal með hljómsveit sinni og syngur djass og dægurlög við allra hæfi.

Tónahátíðin í Þjórsárverri hefur verið árviss viðburður í fimm ár, þótt hún hafi reyndar verið smærri í sniðum fyrstu tvö árin. Þar hafa komið fram vinsælir tónlistarmenn á borð við Ríó tríó, Álftagerisbræður og þá félagið KK og Magnús Eiríksson.

Þjóðleikhúsið – leikhúsið pitt!

STÓRA SVIÐ KL. 20.00
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Frumstýning fös. 14/10 uppselt, 2. sýn. lau. 15/10 örfá sæti laus, 3. sýn. fim. 20/10 örfá sæti laus, 4. sýn. fös. 21/10 örfá sæti laus, 5. sýn. lau. 22/10 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 27/10 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 28/10 örfá sæti laus. Sýnt í október og nóvember.

KLAUFAR OG KONGSDÆTUR
Sun. 16/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 23/10 kl. 14:00 nokkur sæti laus, lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus

EDITH PIAF
Sun. 16/10 uppselt, sun. 23/10 uppselt, sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 aukasýning - örfá sæti laus

LITLA SVIÐ KL. 20.00
KODDAMAÐUR INN
Sun. 16/10 örfá sæti laus, þri. 18/10 uppselt, mið. 19/10 uppselt, sun. 23/10 nokkur sæti laus, mið. 26/10 uppselt sun. 30/10. Síðustu sýningar.

LJÓSIÐ Í MYRKRINU – Dagskrá um Jon Fosse
Sun. 16/10 kl. 15:00, mán. 17/10 kl. 20:00

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
FRELSI
Forsýningar mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt. Frumsýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10, fim. 3/11, lau. 5/11. Sýnt í október og nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld fim. 13/10 kl. 21:00 - Tónleikar Harðar Torfasonar
Lau. 15/10 kl. 21:00 - Broadway-söngleikjakvöld
Sun. 16/10 kl. 21:30 - Múllinn - Útgáfutónleikar Tómasar R. Einarssonar og félagið Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Tónleikurinn BÍTL

Föstudag 14/10 **UPPSELT**
Laugardag 15/10 **LAUS SÆTI**
Föstudag 28/10 **LAUS SÆTI**
Föstudag 11/11 **LAUS SÆTI**

“Frábær skemmtun!”
VS Fréttablaðið

Landsbankinn
Banki allra landmanna
552 3000

★★★★ -DV
Frábær fjölskylduskemmtun!
- Fréttablaðið

17. sýn. sun. 16/10 kl. 14
Annie; Thelma Lind

18. sýn. laug. 22/10 kl. 15
Annie; Solveig

19. sýn. sun. 30/10 kl. 14
Annie; Thelma Lind

Miðasala í s:551 4700 alla daga frá kl. 13-17 í gamla AUSTURBÆJARBÍÓI
www.annie.is • www.midi.is

Annie
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?
OKTÓBER

10 11 12 13 14 15 16

Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

20.00 Laufey G. Geirlaugsdóttir söngkona heldur útgáfutónleika í Laugarneskirkju vegna nýútkomins geisladisks, Lofsöngur til þín. Með Laufeyju koma fram hljóðfæraleikararnir Gunnar Gunnarsson, Sigurður Flosason, Jón Rafnsson, Erik Qvick og Rannveig Kára-dóttir ásamt kór Laugarneskirkju undir stjórn Gunnars Gunnarssonar sem útsett hefur löginn.

20.00 Tricolore Musica heldur tónleika í Ketilhúsinu á Akureyri. Þau Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona, Þórhildur Björnsdóttir píanóleikari og Hjörleifur Valsyni fiðluleikari flytja sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns og Bellini, Íslensk rimnandanslög eftir Karl O. Runólfsson, Meditation úr Thais eftir Messenet, Cabaret Songs eftir Benjamin Britten ásamt arium úr óperum eftir Bellini, Puccini og Verdi og óperettum eftir Lehár og Johann Strauss.

20.30 Meistarásöngvararnir Davíð Ólafsson bassi og Stefán Helgi Stefánsson tenór syngja ítalskar tarantellur, lög úr söngleikjum, Vínarljóð, Elvis, íslensk sönglög og það besta úr júróvísión á Tónahátíðinni í Þjórsárverri, sem hefst með þessum tónleikum. Við píanóið situr Kurt Kopecky.

21.00 Siggí Björns og hljómsveit verða með tónleika í Menningarkaffi Lista- og menningavertöðvarinnar Hólmarastar á Stokkseyri.

Dýrgripir Romanov-tímans

Á laugardaginn verður opnuð í Gerðarsafni sýningin „Tími Romanov-ættarinnar í Rússlandi“. Þar verða til sýnis gripir í eigu Ríkisminjasafnsins Tsarskoje Selo, sem er eitt stærsta og þekktasta safn í Rússlandi.

Árið 1918 var sveitasetri keisaraættarinnar í Tsarskoje Selo breytt í sögu- og listasafn. Í tvær aldir hafði líf rússneskra þjóðhöfðingja verið samfíð setrinu.

Á sýningunni eru yfir 200 gripir, bæði málverk, teikningar, margvíslegir list- og handverksmunir, ljósmyndir og búningar frá ýmsum tímum. Ennfremur má nefna fjölda minjagripa sem tengjast síðasta keisara Rússlands, Nikulási II, og fjölskyldu hans – búninga úr eigu

keisarans og stórfurstans, málverk af Nikulási II, konu hans, Alexöndru Fjodorovnu og syni þeirra og ríkisarfa, Alexej, sem og ljósmyndir frá þessum tíma, meðal annars af keisarafjölskyldunni og setrinu í Tsarskoje Selo. Sérstakur flokkur sýningargripa er helgaður Rússlandi á valdatíma Romanov-ættar og minnir á ýmsa sögulega stórvíðburði þessa tíma.

Á neðri hæð safnsins verður jafnframt opnuð sýning á rússneskum íkonum á Íslandi. Þetta eru um fimmtíu íkonar af ýmsum gerðum frá 1700, 1800, 1900 og 20. öld. Einnig verða sýndir nokkrir samtíma íkonar. Sýningarstjóri er Yuri Bobroff, forstöðumaður listaakademiunnar í Sankti Pétursborg.



ALEXANDER ÞRIDJI Þetta málverk er meðal gripa sem sýndir verða í Gerðarsafni.

Sýningarnar eru báðar haldnar í tengslum við Rússneska menningarhátíð í Kópavogi, sem hefst á laugardaginn með fjölmörgum viðburðum. ■

Avxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Síðustu sýningar

Jónsi
Immi Ababes

...Ég er voldugur og líka holdugur. Enginn hér er betri en ég. Ég um mig frá mér til mín. Það getur enginn jafnast á við mig...

SPARISJÓÐURINN **IsMedia**

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.13 til kl.17
pantanir í síma 551 4700
www.midi.is

Athugið síðustu sýningar
Sunnudagur 9. okt. kl: 13:30
Sunnudagur 23. okt. kl: 13:30
www.avxtakarfan.is



Syngur og segir frá

Hörður Torfason lítur yfir farinn veg á tónleikum í Þjóðleikhúskjallaranum, sem haldnir verða einu sinni í mánuði í vetur. Fyrstu tónleikarnir verða í kvöld og hefjast klukkan 21.

Örn Árnason leikari fór þess á leit við Hörð að hann héldi tónleika mánaðarlega í Þjóðleikhúskjallaranum í vetur. Upphaflega hugmyndin var sú að Hörður myndi sviðsetja útvarpsþáttinn sinn, Sæðmenn söngvanna, þar sem hann hefur farið um víðan völl í lífi annarra tónlistarmanna.

Niðurstaðan varð þó sú að Hörður fer í gegnum reynslu sína, viðhorf og feril sem söngvaskáld. ■

21.00 Hörður Torfason heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum þar sem hann fer í gegnum reynslu mína, viðhorf og feril sem söngvaskáld. Þetta eru fyrstu tónleikar Harðar af sjö í Þjóðleikhúskjallaranum í vetur.

KK-The Lucky One bandið spilar á Nasa. Tónleikarnir eru lokahnykkurinn á undirbúningi sveitarinnar fyrir Kínatur. Með **KK** spila þeir **Þorleifur Guðjónsson, Eypór Gunnarsson, Sigurður Flosason, Þorsteinn Einarsson** og **Erik Qvick**.

BÆKUR

20.00 í tilefni af nýttkominni þýðingu á bók **Milans Kundera**, Lífið er annars staðar, verður efnt til Kundera kvöldsd á Súfistanum í kvöld. Þýðandinn, **Friðrik Rafnsson**, fjallar stuttlega um bókina og samhengi hennar innan verka Kundera, auk þess sem hann les úr henni kafla. Ennfremur fjallar **Torfi H. Tulinius**, prófessor í frönsku og miðaldafraeðum við HÍ, um hugmyndir Kundera um skáldsöguna.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við SPRON

Kabarett
í Íslensku óperunni

Lau. 8. október kl. 20 (örfá sæti laus)
Lau. 15. október kl. 20
Lau. 22. október kl. 20

Miðar í síma 511 4200 og á www.kabarett.is

Fullkomin leikhússkemmtun!
Valgeir Skagfjörð
Fréttablaðið 28/9 2005

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

Frábær sýning, allir í Fjörðinn...
Helga Vala Helgadóttir
Talstöðin 18/9 2005

Næstu sýningar
Fös. 14. okt. kl. 20 | Lau. 15. okt. kl. 20
Fim. 20. okt. kl. 20 | Fös. 21. okt. kl. 20
Lau. 22. okt. kl. 20

... ýktara, litríkara og myndnara en 1995-útgáfan ...
Þorgeir Tryggvason
Morgunblaðið 19/9 2005

HAFNARFJARDAR LEIKHÚSIÐ
Pantanir í s. 555 2222 og á midi.is

KRINGLUKAST
MISSTU EKKI AF ÞESSU

YMIS ÖNNUR TILBOÐ!

ecco
Kringlan (553 8050)

Nr. 94893 00101
9.995 kr. - verð áður
6.995 kr. - verð nú
litir: svart
stærðir: 36-41

Nr. 3425400101
9.995 kr. - verð áður
6.995 kr. - verð nú
litir: svart
stærðir: 40-47

Nr. 3425400101
9.995 kr. - verð áður
6.995 kr. - verð nú
litir: brúnt
stærðir: 40-47

Nr. 341400101
9.995 kr. - verð áður
6.995 kr. - verð nú
litir: svart
stærðir: 40-47

NASA
FIMMTUD. 13. OKT.
TÓNLEIKAR
SNILLINGURINN & "THE LUCKY ONE BAND" **KK**
MIÐAVERÐ 1000 KR.
HÚSIÐ OPNAR KL. 20.30

FÖSTUD. 14. OKT.
TRABANT
TÓNLEIKAR
MIÐAVERÐ 500 KR.
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00

LAUGARD. 15. OKT.
NY
DÖNSK
MIÐAVERÐ 1000 KR.
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
20 ÁRA ALDURSTAKMARK

NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DIAMMA



You know how quickly the boys found you... all those tedious sticky fumbings in the back seats of cars... while you could only dream of getting out... getting anywhere... getting all the way to the FBI.

Hannibal Lecter átti ekki í miklum erfiðleikum með að sálgræna Clarice Sterling í Silence of the Lambs.

bíó

bio@frettabladid.is

Besti aukaleikari í heimi

Bandaríski leikarinn Ed Harris hefur mikla útgæslun og setur því jafnan sterkan svip á þær myndir sem hann leikur í. Afrekaskrá hans er því að vonum löng og glæsileg þar sem virtir leikstjórar sækjast ítrekað eftir kröftum hans. Hann lék í **Apollo 13** og **A Beautiful Mind** fyrir **Ron Howard** og sýndi hvers hann er megnugur í hlutverki þýskrar leyniskyttu í **Enemy at the Gates** í leikstjórn **Jean-Jacques Annaud**. **Peter Weir** fékk hann til þess að leika guð almáttugan í lífi **Trumans** í **The Truman Show** og **Clint Eastwood** hefur notið krafta hans í **Absolute Power**. Þá tefldi sprengjubrjáðingurinn **Michael Bay** Harris fram gegn **Sean Connery** og **Nicolas Cage** í hasarmyndinni **The Rock**. Þrátt fyrir óumdeilda hæfileika er Harris í aukahlutverki í öllum þessum myndum. Hann var hins vegar í burðarhlutverki í **The Abyss** eftir **James Cameron** og sýndi svo ekki verður um villst að hann fer létt með að bera uppi heilu myndirnar í óskarsverðlaunamyndinni **Pollock** sem hann lék í og leikstýrði árið 2000. Harris hefur látið til sín taka í öllum gerðum kvikmynda og er jafnvígur á spennu, drama og grín en hann hefur látið sjá sig í jafn vemmilegum myndum og Milk

Money með **Melanie Griffith** og **Stepmom** á móti **Juliu Roberts**. Harris virðist þó fyrst og fremst ætlað að blómsta sem aukaleikari. Hann fer til dæmis á kostum sem mafósi í mikilvægu aukahlutverki í **A History of Violence** og þar áður tók hann góðan sprett sem geðsjúkur ofbeldismaður í **The Human Stain** á móti þeim **Anthony Hopkins** og **Nicole Kidman**. Harris fékk sitt fyrsta kvikmyndahlutverk hjá hrollvekjumeistararum **George A. Romero** í **Knightriders** árið 1981 og tveimur árum síðar vakti hann athygli fyrir túlkun sína á geimfararum **John Glenn** í **The Right Stuff**. Árið 1983 lék hann einnig aðahlutverkið í leikriti **Sam Shepard**, **Fool for Love**, á sviði í **New York**. Hann var verðlaunaður fyrir frammistöðu sína þar og hefur verið á stöðugri uppleið síðan þótt hann hafi fest sig í hlutverki senuþjófsins enda er enginn betri í aukahlutverkum en Harris.



Ekki missa af...



... hryllingsmyndinni **The Descent**. Það er að segja ef þú hefur stáltaugar og kannst að meta góðan hroll. Öðrum er eindregið ráðlagt að halda sig víðs fjarri. Myndin gerir út á innilokunarkennd og myrkfærni á snilldarlegan hátt og gefur áhorfendum kost á að kveljast með nokkrum konum sem lokast djúpt ofan í helli með leiðinda skrímslum. Þetta er sannkallaður hvalreki fyrir þá sem vilja fá smá gæsaúð.

Kínamúr úr eldspýtum?

Kvikmyndin **Wallace & Gromit in The Curse of the Were-Rabbit** hefur farið sigurför um heiminn. Hún þykir skemmtilega skrifuð og þá skemmir nærvera stórleikaranna **Ralph Fiennes** og **Helena Bonham Carter** ekki fyrir. Þessar leirbrúður eru ekki nýjar af nálinni. **Wallace og Gromit** spruttu fyrst fram á sjónarsviðið fyrir sextán árum í stuttmyndinni **A Grand Day Out** en þar ferðast þeir til tunglsins. Þetta hugarfóstur **Nicks Park** tók sex ár í vinnslu og var útskriftarverkefni hans frá sjónvarps- og kvikmyndaskólanum í **Beaconsfield**. Myndin fékk mjög góðar viðtökur og var tilnefnd til óskarsverðlauna ásamt öðru verkefni **Parks, Creature Comforts**, sem fékk verðlaunin. **Wallace og Gromit** áttu þó eftir að láta til sín taka því fjórum árum síðar hirtu þeir verðlaunin fyrir myndina **Wrong Trousers**.



WALLACE AND GROMIT Fyrir sextán árum heilluðu þeir félagar heimsbyggðina upp úr skónum. Nú loks er komin mynd um þá Wallace og Gromit í fullri lengd.

The Curse of the Were-Rabbit er fyrsta kvikmyndin um þá í fullri lengd og **Nick Park** hefur sagt að það hafi alltaf verið draumurinn. „Ég hefði þó aldrei trúað því að skólaverkefni mitt yrði að kvikmynd,“ lét **Park** hafa eftir sér. **Jeffrey Katzenberg**, einn æðsti maður **Dreamworks**, hefur lýst yfir aðdáun sinni á þessu verki en hann hefur verið aðdáandi þeirra féлага frá byrjun, fyrir sextán árum. „Ég hreifst strax af persónuleika þeirra. Það er eitthvað svo fánlegt en heillandi við þá,“ sagði **Katzenberg**.

Það var þó ekki þráttalaust að búa til mynd þar sem aðalpersónurnar eru úr leir og beita þarf 3D-teiknimyndaförtrinum. „Að búa til hálf tíma mynd um þá krafðist þolinmæði. Að gera 85 mínútna mynd var eins og að bygja Kínamúrinn úr eldspýtum,“ sagði **Park**.



SAGA OFBELDIS Kvikmyndir **Davids Cronenberg** fara yfirleitt ekki hljóðlega um. Nýjasta mynd hans, **A History of Violence**, verður eflaust ekki undantekning frá þeirri reglu.

Fortíðarskuggar ofbeldismanns

Það verður nóg um að vera í kvikmyndahúsum borgarinnar um helgina. Hæst ber þó háloftatrylli með **Jodie Foster** og ofbeldissögu **Davids Cronenberg**.

Það verður mikið um glæpi og mykraverk í bíósölunum um helgina. Sprengjur, slagsmál og byssbardagar eru í forgrunni **Transporter 2** en þar leikur breski ofurtöfarinn **Jason Statham** „reddarann“ **Frank Martin** í framhaldsmynd **Transporter**. Að þessu sinni þarf hann að finna hverjir hafa rænt ungum dreng, eiga við kólumbíska eiturlyfjasala og drýggja alls kyns hetjudáðir. Þeir sem höfðu gaman af fyrri myndinni ættu að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Þá gæti það orðið myndinni til happs að **Louis Leterrier** er leikstjóri að þessu sinni en síðasta mynd hans, **Danny the Dog**, þótti mjög frambærileg.

Það er furðufuglinn **David Cronenberg** sem leikstýrir kvikmyndinni **A History of Violence**. Fjöldi stórleikara kemur við

sögu en meðal þeirra eru **Maria Bello**, **Viggo Mortensen**, **William Hurt** og **Ed Harris**. Saga ofbeldis segir frá heimilisföðurnum **Tom Stall** sem drepur innbrotshjófa í sjálfsvörn. Fjölmíðlaumfjöllun um málið leiðir til þess að glæpamenn efast um að Stall sé þessi hetja sem allir segja að hann sé. Þeir telja að hann eigi sér sögu ofbeldis og fyrr en varir bankar óþægileg fortíðin upp á hjá honum og ógnar fjölskyldu hans.

David Cronenberg er sérstakur leikstjóri. Hann er alls ekki allra og heldur sig oftast á jadrinum en hér kemur hann með aðgengilega mynd sem hefur vakið verðskuldaða athygli og keppti um Gullpálmann í **Cannes** í vor.

Jodie Foster hefur ekki leikið í kvikmynd síðan **Panic Room** var gerð. Það þykja alltaf stórtíðindi þegar hún lætur að sér kveða enda eru fáir sem eiga jafn blómlegan feril og **Foster**. Í þessari mynd leikur hún flugvélafræðing sem segist týna dóttur sinni um borð í flugvél. Myndin er í anda meistarara **Hitchcocks** en auk **Foster** fara þeir **Peter Sarsgaard** og **Sean Bean** með stór hlutverk.

Á EIGIN VEGUM



FORESTER

Við kynnum til sögunnar nýjan, breyttan og enn aflmeiri **Subaru Forester**. Nýr **Forester** er eins og sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður - þægilegur, rúmgóður, aflmikill og öruggur á nánast hvaða undirlagi sem er. Óhætt er að fullyrða að **Forester** fer sínar eigin leiðir þegar kemur að aksturs-eiginleikum og búnaði.

STADREYNDIR:

- 21% kraftmeiri - 158 hö.
- Síteingt aldrif (AWD)
- Veghæð - 20,5 cm
- 16" álfelgur
- Mikið rými

SJÁLFSKIPTUR

VERÐ 2.550.000 kr.
30.315 kr. á mán.*

Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opí: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100	Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 461-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-6141	Holtsgötu 52 280 Njarðvík 421-8808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Víkurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453	Sindragötu 3 400 Ísaifjörður 466-4640	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960
---	---	---	--	---	---	---	---	--------------------------------------

*Blasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar 184 mánuði

FRUMSÝNDAR UM HELGINA



Wallace & Gromit
Internet Movie Database 8,1 / 10
Metacritic 8 / 10
Rottentomatoes.com 94% / Fersk



A History of Violence
Internet Movie Database 7,7 / 10
Metacritic 5,5 / 10
Rottentomatoes.com 88% / Fersk

Flightplan
Internet Movie Database 6 / 10
Metacritic 5,6 / 10
Rottentomatoes.com 36% / Rotin

Transporter 2
Internet Movie Database 6,2 / 10
Metacritic 6,7 / 10
Rottentomatoes.com 49% / Rotin



DV

blaðið

DV STENDUR BETUR

YNGRI HELMINGUR ÞJÓÐARINNAR LES FREKAR DV EN BLAÐIÐ

Yfir helmingur landsmanna er 33 ára eða yngri. Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (september 2005) les fólk á aldrinum 12-33 ára frekar DV en Blaðið. Og það þrátt fyrir að Blaðinu sé dreift frítt. Lestur á DV í þessum hópi mælist 38,10% en lestur Blaðsins er 37,67%. Það er því um að gera fyrir auglýsendur sem vilja ná athygli yngri helmings þjóðarinnar að nýta sér hagstætt snertiverð hjá DV. Við stöndum einfaldlega betur!

FIJON/SIA F1014801



DV

Auglýsingasími 550 5000





> mundu eftir...
...steinseljuni. Hún er ómissandi í salöt.

matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN STEFÁN INGI STEFÁNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI UNICEF Á ÍSLANDI

Hægt að gera allt með wok-pönnu

Hvaða matar gætir þú síst verið án? Ég borða mest af ávöxtum, sérstaklega bönunum, en ef maður fær gott mangó jafnast ekkert á við það.

Fyrsta minningin um mat? Ég held það sé frá báðum ömmum mínum. Amma mín á Dalvík gaf mér mikið af fiski, en amma mín í Borgarnesi gaf mér mikið af lambakjöti.

Finnst þér einhver matur vondur? Nei, ég er opinn fyrir öllu og það er ekkert sem stingur mig beint. Ég er hins vegar grænmetisæta og hef verið í tíu ár og er voðalega feginn að sleppa við allt vesenið í kringum þorann. Mér hefur alltaf leiðst það.

Besta máltíðin sem þú hefur fengið? Það er líklega indverskur matur sem ég fékk í New York í ágúst síðastliðnum. Þetta var grænmetisréttur í karrí, virkilega góður.

Leyndarmál úr eldhússkápnum? Það er hægt að gera

allt með wok-pönnu. Ef fólk á hana ekki til á það að fá sér hana.

Hvað borðarðu til að láta þér líða betur? Mér finnst langbest að fá mér ís þegar ég vil gleðja mig.

Hvað áttu alltaf í ísskápnum? Ég á alltaf AB mjólk og kotasælu.

Ef þú værir fastur á eyðieyju, hvað myndirðu taka með þér? Wok-pönnu.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað? Einu sinni voru mér boðin skjaldbökuegg. Þetta var áður en ég varð grænmetisæta en ég kaus að sitja hjá. Það má því segja að skjaldböku-egg eru það skrítnasta sem ég hefði getað borðað.



OVIDIO: GLIMRANDI UMSAGNIR

Vínklúbbur Smakk-arans.is var með spænsk vín í prófun í febrúar og fékk vínið Ovidio glimrandi umsögn. „Mjög ávaxtaríkt vín með hindber og kirsber í nefinu. Langt og gott eftirbragð. Niðurstaða; Hvað er að gerast þegar hágæða vín kemur frá svæði eins og La Mancha? Aldrei hefði mér dottið í hug að það myndi nokkurn tíma gerast, hvað þá með svona góðum árangri eins og Ovidio!“ Þorri Hringsson í tímaritinu Gestgjafanum var sömuleiðis ánægður: „Þetta vín kemur frá La Mancha á Spáni, einu af þeim svæðum þar sem víngerð hefur geng-

ið í gegnum miklar breytingar á undanförunum árum og nútímalagar aðferðir hafa leyst þær eldri af hólmum án þess að vínin hafi glatað upprunaeinkennum sínum. Verulega gott og spennandi vín sem gaman er að hafa með kjöti, grófum og bragðmiklum pottréttum og krydduðum mat.

Verð í vinnbú- um 1.880 kr.



SVANHILDUR JAKOBSDÓTTIR Finnst fátt betra en góður lax og hefur laxrétturinn hennar oft en ekki slegið í gegn í matarboðum.

Lax í kryddsmjöri

Svanhildur Jakobsdóttir, tónlistarmaður og útvarpskona, er mikill sælkeri og finnst fátt betra en grillaður lax með kryddsmjöri og sætum kartöflum.

„Ég rakst á þessa uppskrift fyrir nokkrum árum þegar ég var að vafra á netinu,“ segir Svanhildur sem hefur fundið margar uppskriftir á veraldarvefnum í gegnum tíðina.

Fiskur er tíður matur á heimili Svanhildar og Ólafs Gauks eiginmanns hennar. „Fiskur er svo einfaldur í framreiðslu og undirbúningi, en það er líka hægt að dunda sér í óratíma við að gera fiskrétti.“

Svanhildur segir laxuppskriftina hafa slegið í gegn í ófáum matarboðum hjá sér, en hún krefst dálitils undirbúnings. „Það þarf að undirbúa kryddsmjörið fyrirfram og setja það í frysti eða ísskáp. Kartöflurnar þarf líka að útbúa aðeins fyrirfram. Maður verður samt að passa sig á því að mikla þetta ekki fyrir sér, því

þetta er alls ekki svo mikið og það tekur ekki nema nokkrar mínútur að matreiða sjálfan fiskinn.“ Svanhildur bendir á að krydd-

smjörið geymist lengi í frosti og því sé óvitlaust að gera nógu mikið af því til að nota næst.

Kryddsmjör

100 gr. smjör
2 msk ferskt basilikum
1 msk fáfnisgras (estragon)
1 msk graslaukur
1 msk sitrónusafi
Nýmalaður pipar og salt

Lax

Beinlaust laxaflak
ca. 3 msk smjör
hnetuolía
salt og pipar

Kartöflur

4 til 5 sætar kartöflur
1 dós frosinn appelsínusafi
2 til 3 bollar púðursykur
ca. 100 grömm sólblóma
1 bolli sykur
1/2 bolli vatn - saltað eftir smekk

Smjörið er hrært þar til það verður mjúkt. Saxað basilikum, fáfnisgras og graslauk er blandað saman og hrært við. Kryddað með sitrónu-

safa, salti og pipar og hrært mjög vel. Lengja er mótuð úr smjörunu, sett í plast eða álpappír og kælt í a.m.k. hálf tíma í frysti eða 1 til 2 klst. í ísskáp.

Laxinn er skorinn niður í hæfilega stórar sneiðar og penslaður með smjöri og hnetuolíu. Laxinn er grillaður í ofni; 6 mínútur á fyrri hlið en 4 á seinni. Pensla oft og vel á meðan.

Sætu kartöflurnar eru forsoðnar og flysjaðar. Appelsínusafa, púðursykri, sykri, sólblóma og vatni er blandað saman í potti. Kartöflurnar skornar í sneiðar, látnar út í og allt látið krauma um stund.

Laxinn er borinn fram með kartöflunum og ísköldu kryddsmjöri, sem er skorrið í sneiðar og lagt ofan á laxasneiðarnar. Alls kyns grænmeti passar vel með þessum rétti, til dæmis grillaðir tómatar, dvergmaís og aspás.

MIRALE

20% afsláttur af öllum sérpöntuðum húsgögnum til 22. október.



Cassina

Síðasti dagur á sérpöntuðum húsgögnum til afgreiðslu fyrir jól er 22. okt.

Grensásvegur 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020
opíð:
mán. - föstud. 11-18
laugard. 11-15

Norðurlandamót vínþjóna og pressuhátíð á Hótel Borg

Um helgina verður haldið á Hótel Borg Norðurlandamót vínþjóna. Tveir keppendur verða frá hverju Norðurlandanna en dómarar verða forsetar landssamtakanna. Keppnin samanstendur af skriflegu prófi, þar sem lagðar eru fyrir spurningar um vínfræði og önnur fræði sem vínþjónar verða að hafa á hreinu og síðan er blindsmakk. Þessi hluti fer fram fyrir hádegi en kl. 15 keppa þrír efstu til úrslita. Flestir keppendur, sem eru þaulvanir keppni af þessu tagi, eru frá bestu veitingahúsum á Norðurlöndum. Fyrir hönd Íslands keppa tveir af okkar bestu mönnum, þeir Sævar



Sveinsson, yfirþjónn á Grillinu og Þorkell Freyr Sigurðsson frá Vox Restaurant.

Í tengslum við Norðurlandamótið fer fram „Pressuhátíð“ kl. 14 á vegum Roussillon-héraðsins. Flutt hafa verið inn vínber, tankur og öll áhöld til að pressa safann úr á gamla máttann með fótunum. Safinn sem úr þessu verður fer á tankinn og mun gerjast við bestu skilyrði og væntanlega verða að vinni. Öllum er velkomið að leggja hönd á plóginn, „égrapper“, traðka og kynast þar fyrir utan héraðinu í máli og myndum og smakka vín þaðan.

PETER LEHMANN: Dagar tileinkaðir baróninum á Hótel Holti

Í dag hefjast Peter Lehmann dagar á Hótel Holti og standa þeir fram á sunnudag. Peter Lehmann dagar voru haldnir í fyrria og heppnuðust það vel að ákveðið var að endurtaka leikinn. Fjögurra rétta matseðill og vínklas með hverjum rétti, kaffi og konfekt kostar 9.500 kr.

Peter Lehmann er einn kunnasti vínframleiðandi Ástralíu, oft nefndur baróninn af Barossa. Leh-



mann-vínin hafa notið gífurlegra vinsælda um allan heim og er Ísland þar engin undantekning. Í úttekkt á vínunum Peters Lehmann í Morgunblaðinu, fékk eitt vín, Stonewell Shiraz, fullt hús í stigum. Mikil söluaukning á því víni hefur orðið til þess að það fæst nú í öllum stærstu vínbúðum og kostar 3.090 kr.

Peter Lehmann Matseðill

Dagana 13. – 16. október 2005

Skelfiskur að smakka
Kræklingur og kúskel með tómát og skarlottulauk
Léttreyktur hörpudiskur á jerúsalem-ætipistlum
Engifer og sitrusmarineruð risarækja og humar
Peter Lehmann Riesling Reserve 2000
Skötuselsrúlla blómkál og jarðsveppir
Steiktur skötuselur með kryddjurtum og parmaskinku, blómkálsjarðsveppa-mauki og humarfröðu
Peter Lehmann Weighbridge Chardonnay 2004

Gæs, kirsuber og súkkulaði
Steikt gæsabringa og gæsaballontine með fylltri kartöflu, kóngasveppum og kirsuberja súkkulaðisósu
Peter Lehmann Mentor 1999
Eftirréttur „Botrytis“ Surprise
Peter Lehmann Botrytis Semillon 2002
Barossa Valley – Australia
Kaffi og konfekt



VEITINGASTAÐURINN

KAFFIVAGNINN
GRANDAGARÐI 10,
101 REYKJAVÍK




Góður heimilismatur á hverjum degi

Hvernig er stemningin? Að koma inn á Kaffivagninn á Grandagarði 10 er eins og að stíga aftur í tímann, í besta skilningi þeirrar líkingar. Gamlar innréttingar gefa staðnum mikinn sjarma og ekki spillir að þaðan er frábært útsýni yfir Reykjavíkurbæinn. Í sólskini og stillu er fátt notalegra en að sitja á Kaffivagninum, horfa á bátana dugga við kajann og drekka lútsterkt kaffi. Mýrargatan er vissulega ekki mikið fyrir augað en ef borgaryfirvöld flikka upp á hana eins og þau þykjast ætla að gera verða fá kaffihús á betri stað en Kaffivagninn.

Matseðillinn: Á Kaffivagninum er boðið upp á heimilismat í hádeginu, bæði fiskmeti og kjöt. Máltíðin kostar ekki nema 990 krónur og er súpa og kaffi innfalið í því. Einnig er mikið úrval af kökum og tertum sem og smurðu brauði.

Vinsælast: Fiskurinn nýtur mestra vinsælda, enda alltaf boðið upp á nýveitt ferskmeti. Flestir eru sólgnir í gratineraða og pönnusteikta ýsu. Algengt er að menn leggi á sig langan leið til að fá sér heimilismat á Kaffivagninum í hádeginu.

Réttur dagsins: Það er ávallt boðið upp á bæði fisk og kjöt. Gratineruð, steikt og soðin ýsa er oft á boðstólum sem og lambalæri og kótleitur.



Daði Geir

ÁSTARFLEYIÐ
20. OKTÓBER



TILBOÐ

Þú kaupir **Stefano Toselli**

Lasagna

og



2 hvítlauksbrauð
fylgja með

frítt

BONUS

Eins og að hitta gamla góða vini

Fyrsta sólóplata Helga Björnssonar í átta ár, Yfir Esjuna, er komin út. Hún hefur að geyma lög og texta eftir Magnús Eiríksson, einn dádasta laga- og textahöfund þjóðarinnar.

Ég er alltaf með einhverjar fjórar til fimm plötur í hausnum,“ segir Helgi aðspurður um hina löngu bið á milli sólóplata. „Tónlistarmaðurinn hefur verið svolítið á bið undanfarin ár sökum annarra verkefna en svo var bara ekki lengur setið heima,“ segir Helgi.

Hugmyndin að plötunni kviknaði í vor og ráðist var í gerð hennar í sumar. Helgi, ásamt píanóleikaranum Kjartani Valdemarssyni, lögðust yfir tugi laga eftir Magnús með það að markmiði að færa þau í aðgengilegan djass- blússkotinn búning. Á meðal laganna eru Kóngur einn dag, Reyndu aftur og Ræfilskvæði, auk nýs lags sem heitir Þá byrjar hann að birta til.

Helgi segist ekki hafa verið meiri aðdáandi Magnúsar Eiríkssonar en gengur og gerist áður

en verkefnið hófst. „Þegar ég fór að grúska í þessum lögum þá kunni maður þau öll. Þau eru einhverj veginn greipt í mann. Ég held að það sé þannig með flesta Íslendinga. Við þekkjum lögin hans og þau fylgja okkur eiginlega frá vöggu til grafar. Þessi lög eru einhverj veginn þjóðlög okkar tíma og Magnús finnst mér einna helst hafa náð því að vera hálfgerð þjóðskáld,“ segir Helgi. „Það eru ekki bara lögin hans sem eru góð heldur textarnir líka. Þeir eru fullir af tilfinningu og einfaldri „flósófiu“ um lífið og tilveruna sem á greiða leið að hjörtum Íslendinga.“

Helgi segist lengi hafa gælt við að gera eitthvað fyrir söngvarann í sér. „Ég hef gert meira af því að syngja eigin lög og texta en langaði að leyfa túlkandanum að njóta sín núna. „Það var rosalega gaman að vinna þetta verkefni. Að nálgast þessi lög var eins og að hitta gamla, góða vini.“

Útgáfutónleikar verða haldnir í Íslensku óper-



HELGI BJÖRNSSON Er að gefa út sína fyrstu sólóplötu í átta ár.

unni 27. október. Eftir þá er fyrirhuguð tónleikaferð út á land til að fylgja plötunni betur eftir.

freyr@frettabladid.is



Frá rötum hjartans

Fyrsta sólóplata Daníels Ágúst Haraldssonar, Swallowed a Star, kemur út á morgun. Daníel Ágúst sló fyrst í gegn sem söngvari í hljómsveitinni Ný dönsk og síðar meir sem meðlimur Gus Gus, en báðar sveitirnar eru enn starfandi. Lítið hefur hins vegar farið fyrir Daníel undanfarin ár, eða eftir að hann sagði skilið við Gus Gus fyrir fimm árum til að einbeita sér að sólóferli sínum.

Daníel Ágúst, sem er nýfluttur heim eftir tveggja og hálf árs búsetu í Brussel, játar að fimm ár sé ansi langur tími í gerð einnar plötu. „Það er samt misjafnt hvað þúrið hefur farið í á þessum tíma. Ég hef ýmist verið að leita mér að einhverjum til að vinna útsetningarnar eða verið að útsetja sjálfur. Síðan hef ég verið að vinna eftirvinnsluna með Bix sem býr í Ameríku, þannig að það hafa verið ferðalög og annað í þeim dúr,“ segir Daníel Ágúst. „Stór hluti af þessum fimm árum fóru líka í að finna útgefanda sem gæti gefið þetta út á alþjóðamarkaði og það var One Little Indian,“ bætir hann við. Kemur platan út erlendis í febrúar á næsta ári.

